


# Bændablaðið

15. tölublað 2024 ● Fimmtudagur 29. ágúst ● Blað nr. 662 ● 30 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



Lilja Guðnadóttir og Guðni Þór Guðjónsson, kartöflubændur í Hrauk í Þykkvabænum. Um 70 prósent af allri kartöfluuppskeru í landinu kemur úr Þykkvabæ þar sem um tíu ræktendur eru enn eftir. Í fyrra uppskáru þau um 750 tonn en reikna með minni uppskeru í haust, bæði vegna þess að færri hektarar voru undir og eins hefur tíðarfar verið fremur óhagstætt. Í gegnum tíðina hefur gengið nokkuð vel í búskapnum hjá þeim og þau kvarta ekki yfir afkomunni.

Mynd / Sigurður Már Harðarson

*– Sjá nánar á bls. 8.*



## Réttalisti

Fjár- og stóðréttir eru fram undan og venju samkvæmt birtir Bændablaðið lista yfir helstu réttir landsins.

– 32 –



## Vindmyllur

Virkjanaleyfi hefur verið samþykkt fyrir Búrfellslund. Landsvirkjun segir vindorku geta sparað vatn. Sveitarfélög hafa ekki tekið þessu möglunarlaust þar sem orkumannvirki eru undanþegin tekjustofnum þeirra. Þá eru önnur ósátt við að hafa enga stjórnsýslulega aðkomu þrátt fyrir að verða fyrir sjónrænum áhrifum. Landvernd bendir á að spaðar vindmyllanna sjáist langt inn á hálendið.

– 20 –

**Nautgriparækt:**

# Kyngreining sæðis hefst í haust

**Nautastöð Bændasamtaka Íslands (NBÍ) hefur gengið frá samningum við bandaríska fyrirtækið STgenetics um kyngreiningu á allt að 2.500 sæðisskömmtum úr íslenskum nautum.**

Sveinbjörn Eyjólfsson, forstöðumaður NBÍ, segir tvö fyrirtæki hafa komið til greina, en STgenetics hafi orðið fyrir valinu þar sem fulltrúar þeirra komu með þá hugmynd að útbúa færanlega rannsóknarstofu. Fyrirtækið geti því nýtt búnaðinn á fleiri stöðum þar sem eru lítil kúakyn, en Sveinbjörn bendir á að það taki eingöngu nokkrar vikur að framleiða megnið af því kyngreinda sæði sem kúabú landsins þurfa á ári.

Við kyngreininguna sé sæðið blandað með upplausn og flúrljómandi litarefnum. Þegar því er rennt í gegnum tækið endurljómi kynfrumurnar mismikið eftir því hvort þær eru með Y- eða X-litninga, sem geri tækinu kleift að velja þær frumur sem ætlunin er hverju sinni.

„Í fimm til tíu prósent tilvika verða kvígurnar að nauti, því þetta er ekki alveg hundrað prósent hreinsun,“ segir Sveinbjörn. Þegar kemur að mjólkurkúastofninum sé sæðið kyngreint gagnvart kvígum, en gagnvart nautum hjá holdanautakyninu.

### *Samkomulag til eins árs*

Nú sé unnið að skipulagi tilraunar til að kanna hversu vel sæði úr íslenskum nautum þoli kyngreiningu til þess að hægt sé að taka ákvörðun um framhaldið, en samkomulagið við STgenetics gildir til eins árs. Þegar rannsóknarstofan kemur til landsins í nóvember verði tekið sæði úr nokkrum nautum og hverri sæðistöku skipt í tvennt, þar sem helmingurinn verður kyngreindur. Það verði síðan sett í dreifingu í vetur samhliða hefðbundnu sæði og munu hvorki frjótæknar né bændur fá vitneskju um hvora sæðisgerðina er um að ræða.

Bændum sé frjálst að afþakka þátttöku í tilrauninni, en Sveinbjörn segir að þar sem færri kynfrumur eru í hverjum skammti af kyngreindu sæði megi gera ráð fyrir lægra fanghlutfalli. Á búum þar sem 70 prósent kúa festa fang eftir fyrstu sæðingu geti hlutfallið lækkað niður í 60 til 65 prósent. Þrátt fyrir að fá færri kálfa geti þátttökubú reiknað með því að fá 20 til 25 prósent fleiri kvígur að níu mánuðum liðnum.

### *Mikill sparnaður*

Uppsetning á fullbúinni rannsóknarstöð á Íslandi hefði kostað minnst 200 milljónir án rekstrarkostnaðar, á meðan áætla megi að hver heimsókn samkvæmt þessu fyrirkomulagi eigi eftir að kosta 20 til 30 milljónir króna. Innifalið í því verði sé vinna fimm starfsmanna STgenetics meðan á kyngreiningu stendur.

Rannsóknarstöðinni verði lagt við nautastöðina á Hesti, þar sem hún tengist við vatn, rafmagn, köfnunarefni og internet. „Síðan tökum við sæðið og réttum þeim út um gluggann og einhverjum klukkutímum seinna skila þeir okkur frosnu kyngreindu sæði.“

Rannsóknarstöðin er í smíðum núna hjá hollensku dótturfyrirtæki STgenetics og verður Ísland fyrsta viðkomuland hennar. „Þeir fá þessa hugdettu hvort þeir gætu sett þetta upp í stórum flutningavagni, af því það eru margir í okkar sporum sem þurfa kyngreiningu kannski í fáar vikur eða daga sem dugar svo allt árið,“ segir Sveinbjörn.

Ávinningurinn af kyngreindu sæði felist í því að bændur geti sætt betri kýrnar í fjósinu og gengið nánast að því vísu að fá kvígu sem sé mun verðmætari en naut. Að sama skapi sé hægt að sæða lakari kýrnar með holdanautasæði sem gefi af sér grip sem framleiði meira kjöt en ella.

Þetta muni jafnframt hraða kynbótum á íslenska mjólkurkúakyninu, en Sveinbjörn bendir á að mikilvægt sé að koma upp einhverju skipulagi á notkun kyngreinds sæðis. Ef ekki, gæti endað svo að það fengjust engin naut til að framleiða sæðið. */ál*

SS:

# Reiknað afurðaverð hækkar um 0,67%

**Sláturfélag Suðurlands (SS) hækkaði í síðustu viku afurðaverð til sauðfjárbænda. Reiknað afurðaverð hækkar um 0,67 prósent miðað við áður útgefna verðskrá.**

Samkvæmt útreikningum Bændasamtaka Íslands hækkar reiknað afurðaverð SS í 1.050 krónur á kíló dilkakjöts, með öllum álagsgreiðslum, en afurðastöðvar á vegum Kaupfélags Skagfirðinga greiða 1.055 krónur samkvæmt reiknuðu afurðaverði.

Hækkar landsmeðaltal um eina krónu á kílóið við þessa breytingar, fer úr 1.053 krónum í 1.054 krónur á kíló dilka.

Útreikningar Bændasamtaka Íslands á reiknuðu afurðaverði byggja á landsmeðaltali slátrunar og kjötmats í vikum 34–44 árið 2023.

Vægi einstakra vikna í verðinu byggir á sláturmagni á landinu öllu og sömuleiðis kjötmati á landinu öllu eftir einstökum vikum haustið 2023. Vægi afurðastöðva í landsmeðaltali er síðan eftir hlutdeild þeirra í slátrun á tímabilinu í heild. */smh*



**Ísland hefur haft undanþágu frá því að innleiða þann hluta löggjafar Evrópusambandsins um heilbrigði dýra sem snýr að búfjárrækt.** Mynd / smh

Matvælaráðuneytið:

# Heildarstefna í dýraheilbrigðismálum

**Sigurborg Daðadóttir, fráfarandi yfirdýralæknir, hefur tekið við starfi í matvælaráðuneytinu þar sem hún mun leiða vinnu við mótun heildarstefnu í dýraheilbrigðismálum.**

Vinnan mun felast í endurskoðun á löggjöf um heilbrigði dýra, sem eru í raun þrenn lög; dýrasjúkdómalögin, lög um innflutning dýra og lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sem eru orðin um 30 ára.

Sigurborg segir að Ísland hafi innleitt ný dýravelferðarlög fyrir um tíu árum en nú sé komin röðin að dýraheilbrigði, uppfæra þurfi alla löggjöf sem fjallar um heilbrigði dýra og að taka ætti mið af löggjöf Evrópusambandsins við þá endurskoðun, sem gengur undir heitinu „Animal Health Law". „Það er regnhlífarlöggjöf með mörgum afleiddum gerðum út frá henni. Ísland hefur innleitt löggjöfina en hún gildir eingöngu um lagareldisdýr, enda var okkur það skylt, en ekki fyrir landeldisdýr eða búfé þar sem við höfum undanþágu.

Við þurfum því að aðlaga okkur að nútímanum með þessari heildarendurskoðun sem fram undan er, þekking á sjúkdómum hefur stóraukist og miklar tækniframfarir hafa átt sér stað sem eru afgerandi þættir í þessum málaflokki. Við endurskoðun laganna er mikilvægt að taka mið af ESB-löggjöf vegna þess að öll viðskipti með dýr og dýraafurðir á milli landa grundvallast af gagnkvæmu trausti á stjórnskipulagi og samræmdri löggjöf," segir Sigurborg. */smh*

*– Sjá nánar á bls. 14.*






**Stöðvarhús um jarðhitaholu tvö að Hæðarenda í Grímsnesi. Holan var boruð árið 1983 en í vatninu var gas sem reyndist vera nær hrein kolsýra sem meðal annars er notuð í ylrækt og gosdrykkjaframleiðslu.** Myndir / Aðsendar

Linde Gas:

# Slæmt ástand á kolsýruvinnslu

***Ástand kolsýruuppspretta á Hæðarenda í Grímsnesi er ekki í lagi að mati eiganda jarðarinnar.***

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var fjallað um koltvísýringsskort í garðyrkju, en ylræktarframleiðendur halda því fram að fyrirtækið Linde Gas notfæri sér markaðsráðandi stöðu sína á vafasaman hátt með skeytingarleysi gagnvart garðyrkjuframleiðslunni. Þannig fái bændur ekki afhent það magn af koltvísýringi sem þeir hafi skuldbundið sig til að kaupa frá fyrirtækinu og afhending þess hafi verið gloppótt.

Haft er eftir Axel Sæland, formanni búgreinadeildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, að fyrirtækið vitni yfirleitt í að sú borhola sem Linde Gas hefur verið að vinna úr hér á landi sé ekki að sinna því sem vonast var eftir. Því grípi fyrirtækið til innflutnings með tilheyrandi aukakostnaði.

Sigurður Karl Jónsson er eigandi jarðarinnar Hæðarenda. Samkvæmt leigusamningi sem gildir til ársloka 2064 hefur Linde Gas allan nýtingarrétt á kolsýru á jörðinni Hæðarenda í því magni sem fyrirtækið hefur þörf á hverju sinni. Samkvæmt samningnum er Sigurði sjálfum óheimilt með öllu að nýta kolsýruna, framselja rétt til nýtingar eða heimila öðrum nýtingu.



**Svona er umhorfs í stöðvarhúsi um holu tvö, en vinnslu kolsýru úr henni var hætt í vetur.**



**Litli varmaskiptirinn í holu sjö, sem er eina virka vinnsluholan á Hæðarenda í dag. Eftir að hann bilaði stöðvaðist kolsýruframleiðsla þar í um þrjá mánuði.**

### *Ekki til varahlutir í varmaskipti*

Kolsýra var unnin úr tveimur holum, sem kallaðar eru númer tvö og númer sjö, þar til í vetur.

„Það er bara ein hola í gangi og einn varmaskiptir. Áður voru tvær holur og fjórir varmaskiptar. Ég átti fund með þeim í vetur og varaði þá við að hola tvö, sú sem boruð var árið 1983, sýndi merki um að vera orðin léleg. Einnig að varmaskiptir á holu sjö væri of lítill og það þyrfti að setja upp annan. Innan við viku síðar fellur hola tvö og varmaskiptir á holu sjö bilar. Ekki voru til varahlutir í varmaskiptinn. Þess vegna stöðvaðist framleiðsla hér í um þrjá mánuði," segir Sigurður.

### *Bora þarf fleiri holur*

Hann segir að auðlindin á Hæðarenda gæti með góðu móti framleitt ríflega landsþörf af koltvísýringi. Það sé hins vegar á ábyrgð fyrirtækisins Linde Gas að viðhalda holunum og þar með framleiðslu kolsýru á jörðinni.

„Ástandið hér er einfaldlega ekki í lagi," segir Sigurður og vísar til mynda sem hann sendi Bændablaðinu. „Það þarf að bora fleiri jarðhitaholur og það fyrir löngu síðan, til þess að tryggja örugga framleiðslu."

John Olander, forstjóri Linde Gas á Íslandi, kaus að bregðast ekki við þeirri gagnrýni garðyrkjubænda sem fram hefur komið í Bændablaðinu þegar eftir því var leitað.

Samkvæmt Sigurði Karli greiðir Linde Gas honum tæpar 3 krónur fyrir hvert kíló af kolsýru sem það vinnur ásamt því að útvega honum vatn í hitaveitu. Listaverð á matvælavottaðri fljótandi kolsýru hjá Linde Gas er 114,87 krónur fyrir hvert kíló án vsk. */ghp*



ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN
TOYOTA RAV4
TOYOTA RAV4 Hybrid verð frá: 8.150.000 kr.
TOYOTA RAV4 Plug-in Hybrid verð frá: 10.450.000 kr.
KINTO ONE langtímaleiga
TOYOTA RAV4 Hybrid, verð frá: 202.000 kr. á mán.
TOYOTA RAV4 Plug-in Hybrid, verð frá: 237.000 kr. á mán.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



**Náttúrufegurð Sviss er samofin landbúnaðarstarfsemi þjóðarinnar, en bændum ber rík skylda til að vernda og varðveita vistkerfi landsins og landslagið. Endurspeglast það meðal annars í styrkjakerfi landbúnaðar í Sviss.** Mynd / ghp

# Kosið um umdeilda tillögu í Sviss

**Þann 22. september næstkomandi munu Svisslendingar ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögu sem varðar líffræðilega fjölbreytni vistkerfa. Tillagan er afar umdeild.**

Í henni eru lagðar fram breytingar á stjórnarskrá sem fela í sér mun meiri vernd náttúrulegra búsvæða og vistkerfa og að ríkið leggi meira fjármagn til þess að stuðla að varðveitingu líffræðilegrar fjölbreytni innan Sviss.

Beint lýðræði ríkir þar í landi sem þýðir að íbúar geta kosið um öll mál sem koma á borð ríkisstjórnarinnar. Allir þegnar, 18 ára og eldri, geta kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu og er þátttaka þjóðarinnar í ákvörðunum ríkisins því miklar.

Svissnesk vistkerfi eiga, líkt og í öllum löndum, undir högg að sækja vegna loftslagsbreytinga. Samkvæmt skýrslu svissnesku umhverfisstofnunarinnar frá árinu 2023 mun helmingi vistkerfa ógnað og tæplega 35% af plöntu-, dýra- og sveppategundum eru taldar í hættu. Miðillinn SWI greinir frá.

### *Of langt gengið eða of lítið gert?*

Ef tillagan verður að lögum ber ríkinu og fylkjastjórnum skylda til að úthluta auknu landi og fjármagni til að standa vörð um og efla líffræðilegan fjölbreytileika. Tillagan inniheldur engar nákvæmar ráðstafanir eða fjárhagsleg áhrif hennar, en áætlað er að hún muni kosta hið opinbera í það minnsta 215 milljónir svissneskra franka, sem samsvarar um 34,5 milljörðum íslenskra króna.

Málshefjendur tillögunnar hafa varað við því að hnignun vistkerfisins yrði ríkinu mun dýrara enda grundvöllur lífs í landinu. Þeir sem eru á móti tillögunni eru hins vegar þeirrar skoðunar að hún gangi of langt, að hún muni gera um 30% landsvæðis að verndarsvæði sem muni hafa neikvæð áhrif á matvælaframleiðslu landsins og að hún gangi gegn áformum um orkuframleiðslu.

Í fjölmiðlum er sagt að ríkisstjórnin deili áhyggjum málshefjenda um hnignandi vistkerfi en vari við að aðgerðirnar gangi of langt og gætu skapað verulega árekstra við bæði orku- og landbúnaðarstefnu landsins.

Höfundar tillögunnar eru nokkur náttúru- og umhverfissamtök í Sviss. Stjórnmálamenn á vinstri vængnum hafa stutt þau en svissnesku bændasamtökin og stjórnmálaflokkar á miðju og hægri vængnum hafa sett sig upp á móti tillögunni. Hún hefur ekki hlotið brautargengi innan þingsins sem mæla með því að þjóðin hafni henni.

### *Bændur fá borgað fyrir umhverfisvernd*

Um helmingur landsvæðis í Sviss er helgaður landbúnaði og ber bændum rík skylda að vernda og varðveita vistkerfin og rómað landslagið sem laðar að sér fjölda ferðamanna ár hvert. Mikil áhersla er á að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum vistkerfum og endurspeglast það meðal annars í styrkjakerfi landbúnaðar í Sviss.

Bændur lúta lögboðnum skyldum en einnig hafa þeir kost á að mæta valkvæðum aðgerðum í umhverfismálum til að hljóta hærri styrki. Hluti af því er vernd og uppbygging á náttúrulegum vistgerðum, sem geta verið allt frá því að halda villt engi með fjölbreyttum blómstrandi plöntum handa skordýrum til þess að hafa lítinn skógarlund innan í túnum sínum til að viðhalda búsvæðum hinna ýmsu skriðdýra.

*/ghp*








**Mynd sem Svanhvít tók 22. ágúst sl. sem sýnir glöggt ástandið í kringum kjötmjölsverksmiðjuna, Orkugerðin er staðsett við þjóðveg númer 1 í gegnum Flóahrepp.** Mynd / Svanhvít Hermannsdóttir.

## Flóahreppur:

# Þreytt á umgengni og fýlu frá verksmiðju




Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com


**Hjónin á bænum Lambastöðum í Flóahreppi, þau Svanhvít Hermannsdóttir og Almar Sigurðsson, hafa fengið meira en nóg af starfsemi Orkugerðarinnar í næsta nágrenni við þeirra bæ en þar er kjötmjöl úr sláturhúsúrgangi meðal annars unnið.**

Þau sendu sveitarstjórn Flóahrepps nýlega erindi þar sem segir m.a. orðrétt: „Hvernig má það vera að í ár og áratugi hafi ekki tekist að koma böndum á starfsemi þessa og ástandið hefur ekki skánað? Hverslags dugleysi er þetta?“

Hjónin hafa búið á Lambastöðum frá ársbyrjun 2005 og eru meðal annars með ferðaþjónustu þar. Hún lýsir ástandinu þannig að mikinn fnyk leggi frá verksmiðjunni og fer það eftir vindátt hverju sinni hvar hann ber niður.

„Við höfum sent ótal erindi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands meðan það hafði lögsögu yfir starfsemi þessari og síðan til Umhverfisstofnunar eftir að hún tók við eftirlitshlutverkinu. Þetta er ekki fyrsta bréf okkar til sveitarstjórnar þar sem kvartað er yfir umgengni og fýlu frá verksmiðjunni. Við höfum talað við forsvarsmenn verksmiðjunnar, sveitarstjórnarfólk, eftirlitsaðila, stjórnarformann, en ekkert skeður,“ segir Svanhvít.

Í vor fór svo mikill hávaði að berast frá verksmiðjunni. „Það má ljóst vera að þessi verksmiðja er í engu samræmi við hreinleika íslensks landbúnaðar, að þessi fabrikka spúi fýlu og óhljóðum yfir umhverfið.“

### *Eigendur stórir matvælaframleiðendur*

Starfsemi Orkugerðarinnar felst í móttöku og vinnslu á aukaafurðum sláturdýra frá sláturleyfishöfum og sölu á framleiðsluvörum úr mótteknu hráefni, þ.e. áburðarmjöli og dýrafitu sem seld er úr landi til lífdísilframleiðslu. Eigendur Orkugerðarinnar er Sorpstöð Suðurlands, Sláturfélag Suðurlands, Ísfugl, Reykjagarður, Íslenska gámafélagið og Sláturhús Hellu.



**Svanhvít Hermannsdóttir og Almar Sigurðsson á Lambastöðum.** Mynd / Aðsend

„Við viljum að starfsemi þessarar verksmiðju verði þess eðlis að ekki sé ónæði frá henni, hvorki með lykt né óhljóðum. Þar að auki er umgengnin til skammar og Flóahreppi ekki til framdráttar að láta þetta viðgangast. Sveitarfélagið samþykkti á vormánuðum árið 2022 endurnýjað starfsleyfi á verksmiðjuna til ársins 2035 án athugasemda, sem er óskiljanlegt miðað við stöðuna á verksmiðjunni og allar þær kvartanir sem höfðu borist sveitarstjórn varðandi starfsemina,“ segir Svanhvít.

### *Flóahreppur krefst skýringa*

Eftir erindi hjónanna Svanhvítar og Almars hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt, með öllum greiddum atkvæðum, að kalla eftir skriflegum skýringum frá Orkugerðinni vegna ólyktar og hljóðmengunar, sem kvartað er undan. Sveitarstjórn kallar að auki eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi búnað til að draga úr lyktarmengun sem Orkugerðin hefur talað um að setja upp.

Sveitarstjórn leggur enn fremur áherslu á að rekstraraðili dragi eins og kostur er úr hljóð- og lyktarmengun frá starfseminni til að uppfylla þau skilyrði sem Umhverfisstofnun setur í útgefnu starfsleyfi stofnunarinnar.

„Við viljum sjá að eigendur Orkugerðarinnar sjái sóma sinn í því að koma þessum hlutum í lag og samkvæmt samtölum okkar við íbúa hér í nágrenninu erum við ekki þau einu þar sem biðlund er á þrotum,“ segir Svanhvít.

### *Halda áfram að berjast*

Svanhvít segir að þau Almar séu orðin langþreytt á ástandinu. „Við munum halda áfram að berjast í því að þessir hlutir verði lagaðir. Það er hins vegar með ólíkindum að íbúarnir þurfi að eyða tíma og orku sinni í þetta, vitandi það augljósa, að þessir hlutir eiga að vera í lagi. Og það þarf enginn að segja okkur að það sé ekki hægt. Það er viljann sem vantar.“

### *Fullkominn lyktareyðingarbúnaður*

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, er stjórnarformaður Orkugerðarinnar. Hann segir að undanfarið eitt og hálft ár hafi miklar endurbætur og stækkun á verksmiðjunni átt sér stað.

„Eðlilega tekur smá tíma að finstilla tækjabúnað og annað sem þessu fylgir. Hluti af breytingum er nýr mjög fullkominn lyktareyðingarbúnaður. Þetta, sem vísað er til, er frá því áður en þessi búnaður var kominn í fulla virkni. Ég reikna með að eftir um einn mánuð þá verði helstu breytingum lokið. Hafa ber í huga að Orkugerðin og þeir sem skila hráefni til hennar eru einu aðilarnir í landinu sem fara að lögum en urðun sem enn tíðkast víða er ólögleg,“ segir Steinþór.

**Glæsilegt opnunarteiti!**
**31. ágúst**
**kl. 19**

# LANDSTÓLPI

- Ný verslun á Egilsstöðum -

# LYNGÁSI 11

Hljómsveitin
**Hátt upp til hlíða**
heldur uppi fjörinu!

- Grillaðar pylsur (19-21)
- Kynning á vinnufatnaði frá Ferrozink
- Sölumenn vélasviðs Landstólpa á staðnum
- Flott opnunartilboð
- „Léttar veitingar"

**Sjáumst í fjörinu!**

Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Áhrifavaldið

**Svo bar til tíðinda í síðustu viku að gúrkuskortur í matvöruverslunum á Íslandi varð fréttaefni út fyrir landsteinana. Íslenskir fjölmiðlar ráku skortinn til samfélagsmiðlaæðis en uppskrift að tilteknu gúrkusalati fer þar eins og eldur um sinu manna á milli.**

Tímabundinn skortur á gúrkum í búðum er ekki nýr af nálinni. Gúrkur eru ræktaðar í lotum en frá sáningu á fræi tekur gúrkuplöntuna sex til tíu vikur að gefa af sér afurð. Innan við tíu garðyrkjustöðvar framleiða allar gúrkur hér á landi. Vegna smæðar verða neytendur mjög fljótt varir við frávik í framleiðslunni. Um leið og matvöruverslanirnar finna nú fyrir aukinni sölu er verið að ræsa stóreldhúsin fyrir skólana sem kaupa inn hráefni í miklu magni. En þótt garðyrkjubændur séu viljugir til verka, þá er tiltekinn aðfangaskortur fyrirstaða aukinnar framleiðslu.

> Þótt bændur séu viljugir til verka, þá er tiltekinn aðfanga-skortur fyrirstaða aukinnar fram-leiðslu ...

Í grein *The New York Times* er vitnað í Kristínu Lindu Sveinsdóttur, markaðsstjóra Sölufélags garðyrkjumanna, sem segir ástæðu framleiðslulægðarinnar meðal annars koltvísýringsskort í garðyrkju. Aðeins eitt fyrirtæki útvegar garðyrkjubændum þessi aðföng hér á landi.

### *Vindmyllur*

Allt stefnir í að fyrsta vindorkuver Íslands rísi á næstu tveimur árum í Búrfellslundi við Vaðöldu, en um þrjátíu vindmyllur eru áætlaðar sunnan Sultartangastíflu. Sitt sýnist hverjum eins og fram kemur í þessu tölublaði Bændablaðsins. Á meðan talsmaður Landsvirkjunar segir að fylgt hafi verið öllum lögbundnum ferlum og þeim ramma sem er til staðar gagnrýnir framkvæmdastjóri Landverndar að undirbúningi sé hleypt svo langt af stað án stefnumótunar.

### *Umdeild skógrækt*

Skorti á stöðlum og römmum er einnig fyrir að fara í umræðu um umdeilda skógrækt í Saltvík. Ágúst Sigurðsson, forstöðumaður Lands og skógar, segist, í aðsendri grein hér í tölublaðinu, hafa átt fund með fulltrúm fyrirtækisins Yggdrasils Carbon og sveitarfélaginu Norðurþingi vegna framkvæmdanna sem fólu í sér umfangsmikið jarðrask á mólendi. Sveinn Runólfsson segir í aðsendri grein að framkvæmdirnar í Saltvík séu í engu samræmi við markmið laga um náttúruvernd og stríði gegn alþjóðlegum samningum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Hann telur verkefnið tilgangslaust og ekki til þess gert að binda kolefni. Ágúst undirstrikar mikilvægi verklagsreglna og segir að ramminn sé ekki nægjanlega skýr en að sérstakur stýrihópur hafi m.a. fengið það verkefni að móta tillögur að gæðaviðmiðum varðandi val á landi til skógræktar.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.*

Heysýnataka, efnamælingar og fóðurráðgjöf

Bústólpi

Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á fría þjónustu við heysýnatöku, efnamælingar á sýnum og fóðurráðgjöf.




bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is



Formenn, varaformenn og aðrir fulltrúar frá Norðurlöndunum í pallborði.



Fulltrúar frá bændasamtökum Norðurlandanna hlýða á erindi Höllu Hrundar Logadóttur um sjálfbæra orku á Íslandi.



Ungir bændur á Norðurlöndunum halda hópinn. Þeir kynntu starf ársins, þar sem áhersla er lögð á nýliðun.

Myndir / ál

# Fundur norrænna bændasamtaka

**Bændasamtök Íslands (BÍ) buðu fulltrúum frá systursamtökum sínum á Norðurlöndum til fundar í Reykjavík þann 14. ágúst síðastliðinn.**

Fundurinn var á vegum NBC (Nordens Bondeorganisationers Centralråd), sem er samstarfsvettvangur bændasamtaka á Norðurlöndunum. NBC fundar árlega til að fara yfir sameiginleg málefni bænda í þessum heimshluta.

Nálægt 65 gestir frá Norðurlöndunum fimm tóku þátt í fundinum. Að þessu sinni var einblínt á fæðuöryggi, sjálfbærni, orkumál og nýliðun. Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, opnaði fundinn og gerði grein fyrir stöðu íslensks landbúnaðar. Á eftir honum stigu í pontu fulltrúar frá hinum Norðurlöndunum og héldu erindi um ólík viðfangsefni.

Lennard Nilsson, formaður Cogeca, sem er samvinnuvettvangur evrópskra samvinnuhreyfinga, fór yfir hvernig samvinnufélög geta gegnt lykilhlutverki í að mæta auknum kröfum í sjálfbærni á efnahagslegum grundvelli. Þá fór hann yfir sviðið í Evrópu og hvernig samvinnuhreyfingar eru ólíkar í hverju landi.



Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri, Trausti Hjálmarsson, formaður BÍ, og Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri BÍ.

Søren Søndergaard, formaður bænda og matvælaframleiðenda (Landbrug & Fødevarer) í Danmörku, fór yfir tímamótasamning sem bændur hafa gert við þarlend stjórnvöld um kolefnisskatt. Hann var útfærður þannig að þeir sem uppfylla kröfur um minni losun losna við útgjöld. Skatttekjurnar eru jafnframt eyrnamerktar í uppbyggingu loftslagsvæns landbúnaðar.

Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri ávarpaði fundinn og ræddi sjálfbæra orkuframleiðslu á Íslandi. Erindi hennar féll vel að vettvangsferð að fundi loknum þar sem gestir fengu kynningu á starfsemi Hellisheiðarvirkjunar. Þá var farið til Þorlákshafnar þar sem gestir fengu kynningu á verkefninu Terraforming Life, sem miðar að framleiðslu áburðar og lífgass úr lífrænum úrgangi.

Norðmenn verða gestgjafar NBC-fundarins í ágúst á næsta ári, sem verður haldinn í Mjøstårnet í Brumunddal, sem er hæsta timburhús heims.

*/ál*



Börn stilla sér upp hjá Hreppamjólk í Gunnbjarnarholti.



Gestir velja sér bragðtegund af ísnum frá Rjómabúinu Erpsstöðum á markaðinum á Grímsstöðum í Reykholtsdal.



Ung stúlka gefur heimalning mjólk úr pela á Egilsstöðum í Fljótsdal.



Svava Hrönn Guðmundsdóttir, formaður SSFM, valdi að taka þátt í markaðinum á Sauðfjársetrinu á Ströndum.



Börnin skemmtu sér vel í traktoralestinni á Grímsstöðum í Reykholtsdal.



Geitur og grísir hafa það notalegt saman í heyinu á Háhóli í Nesjum í Hornafirði.




Hangilæri á markaðinum í Svartárkoti í Bárðardal.



Úrval af plöntum frá Gróðrarstöðinni Dilksnesi á markaðinum á Háhóli í Nesjum í Hornafirði.



Eydís Magnúsdóttir, bóndi á Sölvanesi, á markaðinum á Brúnastöðum í Fljótum.

Myndir / Aðsendar - BFB

## Beint frá býli:

# Um 4.500 gestir sóttu bændur heim

**Síðasta sumar fagnaði félagið Beint frá býli 15 ára afmæli. Haldið var upp á tímamótin með Beint frá býli-deginum og var leikurinn endurtekinn 18. ágúst síðastliðinn þar sem um 4.500 manns komu í heimsóknir til bænda.**

Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Beint frá býli, segir að dagurinn hafi verið einstaklega vel heppnaður og sannarlega stimplað sig inn sem árlegur viðburður. Sjö gestgjafar, sem eru félagar í Beint frá býli, buðu heim, hver í sínum landshluta og komu aðrir félagar í Samtökum smáframleiðenda matvæla, sem Beint frá býli er aðildarfélag að, á bæi gestgjafanna til að taka þátt í matarmarkaði. Segir Oddný að fjöldinn hafi verið það mikill að varla hefði mátt koma fleiri gestum fyrir á bæjunum og að rífandi sala hafi verið á matarmörkuðunum.

„Tilgangur dagsins var að gefa landsmönnum kost á að heimsækja slík býli og bæði kynnast og kaupa vörur beint af smáframleiðendum, samhliða því að eiga góðan og fjölskylduvænan dag á íslensku bóndabýli, síðasta helgidag fyrir skólabyrjun," segir Oddný. Auk matarmarkaðarins var boðið upp á ýmsa skemmtun, leiðsögn um starfsemina á býlinu, veitingasölu og svo buð félagið gestum upp á kökusneið, kaffi og djús.

Þarft sé að vekja athygli á þeirri starfsemi sem stunduð er á lögbýlum landsins og á hugtakinu „beint frá býli", sem sé notað um framleiðslu svokallaðra heimavinnsluaðila og vörum smáframleiðenda sem framleiða matargersemar úr fjölbreyttum afurðum hringinn í kringum landið.

Gestgjafarnir sem buðu heim eru eftirfarandi; Hreppamjólk í Gunnbjarnarholti, Grímsstaðir í Reykholtsdal, Egilsstaðir í Fljótsdal við Óbyggðasetrið, Sauðfjársetrið Sævangur á Ströndum, Háhóll geitabú í Nesjum í Hornafirði, Svartárkot í Bárðardal og Brúnastaðir í Fljótum.

/smh

# Vísnahornið

Ekki er mikið þekktur í dag svonefndur **Mála Davíð** en hann mun hafa fæðst 1873 og þótt skálda bestur um hríð:

*Að drýgja lesti, en dylja*
*bresti flesta.*
*Þykjast meta þing og best*
*það er pestin skaða verst.*

Ýmsir muna eftir því þegar Helgi Hóseasson sletti skyri. Þá orti **Benedikt frá Hofteigi:**

*Á Alþingi er eins og fyr*
*ekki mikil glæta.*
*Myndi ekki meira skyr*
*mega úr þessu bæta.*

**Páll Bergþórsson** veðurfræðingur gat verið gráglettinn:

*Þingeyinga þjakar oft,*
*þrálát austangola.*
*mest af því að meira loft,*
*munu illa þola.*

**Egill Jónasson** svaraði Páli:

Bilar kjarkur, bogna hné,
best að ljúka máli.
Útlit fyrir að það sé
austanrok í Páli.

Í síðasta vísnahorni var vísa um sr. Emil Björnsson, en klerkur, sem var dagskrárstjóri sjónvarps, sinnti öðru meðfram. **Ægir Geirdal** sem starfaði um skeið hjá sjónvarpinu orti:

*Emil kempan örvar geð,*
*yndis dempar gaman.*
*Prestsins hempu puntar með*
*pörin lempar saman.*

Dagskrárstjóri gat verið bráður og látið menn heyra það.

**Ásgeir Jónsson** var trúlega mest þekktur fyrir „Ég langömmu á". En hann orti margt annað og var með fyrstu íbúum í listamannahverfi Hvergerðinga:

*Á húsi guðs eru hurðir og*
*gluggar*
*og hanabjálkaloft.*
*Um kirkjuna leika skin og*
*skuggar.*
*Það skeður líka oft*
*að troða í stólinn öfuguggar*
*með ógurlegan hvoft.*

*Í allflestum kirkjum er ekkert*
*að gera.*
*Áhugi fólksins dvín.*
*Ístru safnar hver einasti séra*
*þá ei skortir vítamín.*
*Hempuna þeir á hátíðum bera*
*svo hirða þeir launin sín.*

Ásgeir orti líka þessa:

*Ef ég skoskan léttan ljá*
*lánaðan fengi hjá þér.*
*Mundi ég grasið græna slá*
*á grundinni heima hjá mér.*

Ég gæti tekið undir með Ásgeiri:

*Ég yrki bara af innri hvöt,*
*er ég vinn og strita.*
*En ekki til að eignast föt,*
*eða matarbita.*

Aldrei deyr **Hjálmar Freysteins**.

*Séra Bolli býr hjá Nolli*
*býsna hollur drottni var.*
*Lenti í solli, sveik frá tolli,*
*sautján rollur kollóttar.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*

# Lífrænt land stækkað

**Stefnt er að því að lífrænt vottað land á Íslandi verði tíu prósent af öllu landbúnaðarlandi árið 2040.**

Aðgerðaáætlun stjórnvalda um eflingu lífræns vottaðrar framleiðslu var gefin út á þriðjudaginn. Íslenskt lífrænt vottað landbúnaðarland hefur fram til þessa verið metið undir einu prósenti alls landbúnaðarlands. Evrópusambandið hefur sett sér markmið um að hlutfall af lífrænu landbúnaðarlandi í löndum sambandsins verði komið í 25 prósent árið 2030, en það var talið vera 10 prósent árið 2021.

Engar efnislegar breytingar voru gerðar á áætluninni frá því að drög að henni voru gefin út í desember á síðasta ári, en þá var hún lögð í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Aðgerðaáætlunin skiptist upp í fimm meginaðgerðir sem tengjast aðlögunar- og rekstrarstyrkjum, aðföngum, rannsóknum og ráðgjöf, markaðsstarfi og fræðslu og loks eftirfylgni og endurskoðun. Þá er í viðauka gerð grein fyrir aðgerðum sem heyra undir önnur ráðuneyti en matvælaráðuneyti, eins og til dæmis á sviði menntunar.

„Það er auðvitað bæði ánægjulegt og spennandi að aðgerðaáætlunin sé fullgerð og hafi litið dagsins ljós," segir Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, formaður VOR (Verndun og ræktun) – félags um lífræna ræktun og framleiðslu. „Þetta er í fyrsta skipti sem stjórnvöld gefa út áætlun af þessu tagi og það er mikilvæg hvatning fyrir þá sem lifa og starfa innan lífræna geirans að finna fyrir stuðningi stjórnvalda í verki. Ég er bjartsýn á að það hafi jákvæð áhrif á greinina í heild og muni styðja við vöxt og fjölgun framleiðenda með lífræna vottun.

Það er einnig ánægjulegt að sjá að áætlunina á að endurskoða reglulega, en mikilvægast er auðvitað að halda henni lifandi, vinna eftir henni og að fjármunum sé varið í framkvæmd þeirra markmiða sem þar eru sett fram.

Í lífrænni ræktun og framleiðslu, þeirri þekkingu sem þegar er til staðar og mannauðnum innan greinarinnar, eru mikil verðmæti fólgin og áætlunin getur orðið mikilvægt verkfæri til að viðhalda þeim verðmætum samhliða vexti greinarinnar í heild." /smh



Guðni og Lilja eru hér í kartöflugarði í Háarima, þar sem Guðni ólst upp. Þau eru með lönd þar einnig undir sína ræktun. Myndir / smh

## Þykkvabær:

# Útlit fyrir sæmilega kartöfluuppskeru

**Í Þykkvabænum er útlit fyrir sæmilega kartöfluuppskeru þegar á heildina er litið, ef ekki frystir á næstu vikum og bændur sleppa við kartöflumyglu.**

Ef frystir falla kartöflugrösin og vöxtur á kartöflunum stöðvast. „Það gengur ágætlega hjá okkur þó það hafi ekki viðrað neitt sérstaklega í sumar. Ef við fáum hins vegar ágætt veður restina af ágúst, þá verður þetta sæmileg útkoma hjá okkur," segir Guðni Þór Guðjónsson, kartöflubóndi í Hrauk.

„Á meðan ekki frýs þá mjakast þetta áfram, en í þessari tíð hefur vaxtarhraðinn á kartöflunum ekki verið upp á sitt besta. Ef september verður svo líka góður, ættum við að ná alveg meðaluppskeru á heildina litið."

### *Sumaruppskeran ræktuð undir plasti*

Fyrsta uppskeran úr Þykkvabænum kemur vanalega rétt fyrir miðjan júlí, hraðvaxta yrkið Premier, og svo einnig fljótlega í kjölfarið Gullauga og síðan Rauðar íslenskar skömmu eftir verslunarmannahelgi. Lítill hluti þeirrar uppskeru sem ætlaður er á markað á þessum tíma er ræktaður undir plasti.

Að sögn Guðna var fyrsta uppskeran ekki langt á eftir meðalárinu – kannski viku síðar. „Það var allt seinna til má segja, vorverkin voru seinna á ferðinni af ýmsum ástæðum, til dæmis var nokkuð lengi klaki í jörðu, þannig að það var sett seinna niður en vanalega."

### *Foktjón í júní*

„Við glímdum við þó nokkrar áskoranir í vor, enda fengum við gular veðurviðvaranir í apríl, maí og júní, en ekki í janúar, febrúar og mars – eins og við erum frekar vön," heldur Guðni áfram. „Í óveðrinu sem gekk yfir landið í júní, og lék bændur á Norðurlandi sérstaklega illa, hafði líka mikil áhrif hjá okkur. Gróðurplastið fauk upp og svo fauk ofan af útsæðinu líka," segir Guðni.

Þau jákvæðu tíðindi eru hins vegar úr Þykkvabænum að bændur hafa enn ekki orðið varir við kartöflumyglu, en talsverður ótti var um að skæð evrópsk mygluafbrigði myndu berast til landsins með innfluttu erlendu stofnútsæði. Þykkvabæjarbændur hafa á undanförnum áratugum lent í nokkrum slæmum myglusumrum og þurft að þola þungar búsifjar af hennar völdum.

„Við höfum verið á tánum hérna með fyrirbyggjandi aðgerðir. Við fylgjumst með spálíkönum sem segja til um hvenær mestar líkur eru á að myglan komi upp, sem er oftast þegar mikill raki og heitt loft kemur saman í tíðarfarinu. Svo þurfum við líka að notast við fyrirbyggjandi varnarefni, sem við notum sparlega í samráði við garðyrkjuráðunaut Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins."

### *Ferskar kartöflur og afurðir til matvælaframleiðslu*

Í Þykkvabænum er enn nokkuð umfangsmikill hluti af kartöfluræktun sem rennur til matvælaframleiðslunnar í Þykkvabæjarverksmiðjunni. Bændurnir stofnsettu verksmiðjuna og áttu til 2015 þegar matvælavinnslufyrirtækið Sómi keypti hana. Hluti af þeirri uppskeru er fenginn með erlenda útsæðinu sem þykir hentugt í þá framleiðslu.



Lilja er hér með fallegt smælki af Rauðum íslenskum.

Matís og íslenskir kartöflubændur eiga í samstarfi um ræktun á stofnútsæði á tilteknum kartöfluyrkjum sem neytendur þekkja úr verslunum; Premier, Gullauga, Helgu og Rauðum íslenskum. Þannig eiga íslenskir kartöflubændur að geta gengið að sjúkdómafríu útsæði ár hvert. Guðni segir að um 70 prósent af allri kartöfluræktun í landinu sé í Þykkvabænum og segir að þar séu eftir um 10 ræktendur – hann sé í hópi þeirra umfangsmestu. „Í fyrra uppskárum við nálægt 750 tonnum sem telst vera góð uppskera, en þá vorum við með aðeins fleiri hektara undir en núna. Við settum í um 26 hektara í vor."

### *Ágæt afkoma*

Guðni er kominn af kartöflubændum og bjó með foreldrum sínum á nágrannabænum Háarima, en kona hans, Lilja Guðnadóttir, er aðflutt frá Bakkakoti í Meðallandi. Þau sinna kartöflubúskapnum bæði í fullu starfi, en fjárfestu árið 2020 í tækjabúnaði sem flokkar kartöflur í stærðarflokka og greinir skemmdir í þeim líka. Það segja að gríðarlegur vinnusparnaður sé af vélinni. Einungis séu fjórar aðrar vélar til í landinu.

Þau Guðni og Lilja kaupa Hrauk 2005, en fyrir voru þar aðrir kartöflubændur. Þau segja að í raun hafi gengið bara nokkuð vel í kartöflubúskapnum í gegnum tíðina og þau kvarta ekki yfir afkomunni. Afurðaverðið sé orðið viðunandi og eftir því sem þau selji meira á ferska markaðinn því hærra verð fái þau hlutfallslega fyrir afurðirnar. En almennt séð fer hlutfall þeirra afurða vaxandi sem fer í matvælavinnslu á íslenskum kartöflumarkaði. /smh



Mikið vinnuhagræði er af tækjabúnaðinum sem sér um flokkunina á kartöflunum, en um stóra fjárfestingu var að ræða í búrekstrinum.



can-am®

# HAUSTTILBOÐ Á CAN-AM XTP

**500.000** KR. KAUPAUKI

250.000 kr. afsláttur af hjóli og aukahlutapakki að eigin vali
að andvirði 250.000 kr.




**XTP 650 - Afsláttarverð: 3.040.000**
**XTP 1000 - Afsláttarverð: 3.540.000**

*Takmarkað magn, tilboð gildir á meðan birgðir endast. Tilboð gildir engöngu á aukahlutum sem eru lagervörur.*

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Villti íslenski laxastofninn er hluti Atlantshafslaxins (Salmo salar). Mynd / Hafró

# Fryst svil varðveitt í Nautastöðinni

**Svil úr villta íslenska laxastofninum eru varðveitt í Nautastöð Bændasamtaka Íslands.**

Svilin voru fyrst tekin fyrir rúmum tuttugu árum til að eiga stofninn ómengaðan ef til erfðablöndunar kæmi. Talið er að stofninn telji um 60 þúsund fiska.

„Fyrir góðum 20 árum voru tekin svil úr hængum í Grímsá, Norðurá, Elliðaánum, Laxá í Dölum og trúlega Korpu,“ segir Sveinbjörn Eyjólfsson, forstöðumaður Nautastöðvarinnar á Hesti í Borgarfirði. Svilin voru fryst og hafa síðan verið geymd í stöðinni.

„Þetta var á tíma fiskeldis og kannski aðallega hafbeitar. Þá vildu menn eiga ómengaðan stofn til að nota síðar ef illa færi í erfðamengun,“ segir hann.

Verkefnið hafi tengst afmæli Stangaveiðifélags Reykjavíkur, SVFR, sem gaf geymslukútinn og Stofnfiskur (nú Benchmark Genetics Iceland hf.) átti að greiða rekstrarkostnað.

### *Svilataka hafin á ný*

„Svo liðu mörg ár en eftir að fiskeldi í sjó hófst aftur, með frjóum norskum löxum, þá var vitað að illa gæti farið,“ heldur Sveinbjörn áfram. „Því var þess vegna beint til veiðiréttarhafa að veiða villta laxa á hrygningartíma, taka úr þeim svil, blanda þau á réttan hátt og frysta þau. Þá væri til nokkurs konar „varasjóður“ fyrir erfðamengi ánna,“ segir hann. Hófst átakið árið 2023 með hængum úr Haffjarðará.

„Vonandi fjölgar ánum til muna nú í haust sem sækja sér hænga og láta frysta svil,“ segir Sveinbjörn og bætir við að þó fylgi oft böggull skammrifi. „Frysting laxasvilja er vandaverk og ekki á færi nema sérfræðinga. Því fengum við aðstoð frá Benchmark Genetics Salmon, þar sem Jónas Jónasson ræður ríkjum. Hann og hans fólk komu með okkur í þetta í fyrra og vonandi getur orðið eitthvert framhald á þeirri samvinnu,“ segir hann.

### *Sæði úr nautum en líka geitum*

Því má bæta við að árlega eru teknir á bilinu 120-170 þúsund sæðisskammtar úr nautum á stöðinni. Fyrir utan laxasvilin er einnig geymt sæði úr íslenska geitastofninum í stöðinni að sögn Sveinbjörns.

Geitfjárræktarfélagið hafi flest undanfarin ár tekið sæði úr höfrum og fryst til varðveislu. Miklar kvaðir eru á flutningi geita milli svæða og því auðveldi slík sæðistaka til muna kynbætur í þeim litla stofni. */sá*

KVH
Kaupfélag Vestur Húnvetninga
Strandgötu 1 - 530 Hvammstangi
GIRÐINGAREFNI

| | Verð |
|---|---|
| Girðingarnet 8Str Hampton* | 25.900 .- |
| Girðingarnet 7Str Hampton | 21.499 .- |
| Girðingarnet 6Str Hampton* | 18.290 .- |
| Girðingarnet 5Str Hampton | 15.499 .- |
| Gaddavír Hampton 200M | 10.495 .- |
| Þanvír 2,5mm Hampton | 12.995 .- |
| Stagvír 4mm Hampton | 12.995 .- |
| Kengir 10Kg Hampton | 8.490 .- |
| Kengir 1Kg Hampton | 1.499 .- |

*Væntanlegt
KVH@KVH.IS PAKKHUS@KVH.IS WWW.KVH.IS
S: 455-2320

Bændablaðið kemur næst út 12. september

Sauðfjárrækt:

# Upplýsingasíða um riðuvarnir

**Karólína Elísabetardóttir í Hvammshlíð, frumkvöðull í riðumálum, hefur tekið saman helstu upplýsingar um riðuvarnir á vefsíðu sem var opnuð nýlega.**

Vefslóðir síðunnar eru riduvarnir.is og ridaneitakk.net og er hún einkaframtak Karólínu. „Ég uppgötvaði í samtölum við bændur og aðra að oft vantar þekkingu, bæði um tæknileg smáatriði en einnig um grundvallaratriði eins og um þol og næmi breytileika sem heita ekki ARR. Það kom mér á óvart. Þó nokkrir vissu til dæmis ekki að T137 er mjög vel rannsakaður breytileiki, sem miklar vonir eru bundnar við. Aðrir höfðu ekki hugmynd um að í riðuhólfum þurfi að sækja árlega um söluleyfi. Sumir héldu að í forystufé hafi aldrei neitt fundist nema mjög næmar arfgerðir, sem er alls ekki rétt,“ segir Karólína.




Vefurinn er einkaframtak Karólínu Elísabetardóttur sem hefur tekið saman upplýsingar um riðu og riðuvarnir. Vefslóðir síðunnar eru riduvarnir.is og ridaneitakk.net. Mynd / Skjáskot

### *Sameinar þekkinguna*

Upplýsingar um riðuvarnir var hægt að nálgast víða eins og hjá Matvælastofnun (MAST) og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), einnig í gegnum vísindagreinar og í Bændablaðinu. En með framtaki sínu vildi Karólína sameina allar upplýsingar undir einni síðu. Hún segist hafa verið í sambandi við MAST, RML, Keldur og deild sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands til að gefa kost á athugasemdum og breytingaróskum áður en vefurinn fór í loftið, en hún mun svo uppfæra efni síðunnar eftir ábendingum. „Ólíkt prentaðri bók er alltaf hægt að breyta einhverju eftir á, sem er mikill kostur því margt er að breytast hratt í þessum málum.“

Á vefnum kennir ýmissa grasa. „Viltu vita hvort C151 eða N138 er þolnara? Eða hvað atýpísk riða er? Þarna eru upplýsingar um hvernig maður tekur sýni og hvernig hægt er að mæla riðunæmi í tilraunaglasi og hvernig þú sækir um kaupaleyfi,“ nefnir hún sem dæmi.

### *Vernda þarf fjölbreytileikann*

Karólínu þótti tímabært að setja síðuna strax í loftið. „Ég sótti um styrk fyrir heimasíðugerðinni, en vildi samt ekki bíða hvort hann kæmi. Fólk er að pæla í þessu einmitt núna. Ef ég hefði beðið, þá hefði það verið of seint. Þá eru lömbin komin frá fjalli, allir á fullu í ýmsu. Þetta haust skiptir sérstaklega miklu máli varðandi framhaldið – hvaða lömb eru sett á, hvaða breytileikar eru teknir alvarlega og hverjir detta út.“

Hún segir þekkingu vera undirstöðu markvissrar ræktunar, ekki síst ef bóndi vill byggja upp riðuþol á erfðafræðilega breiðum grunni. „Íslenski sauðfjárstofninn er einstaklega fjölbreyttur – í útlöndum eru svoleiðis kyn í útrýmingarhættu og margir öfunda okkur af þessum gamalgróna, hrausta og litríka stofni, sem er á sama tíma afurðamestur í heiminum,“ segir hún.

Fjölbreytileikann þarf að vernda. „Við megum ekki missa þennan fjölbreytileika, hann kemur ekki aftur. Þess vegna er tilvalið að nýta sér þekkingu alþjóðlegra vísindamanna, sem hafa rannsakað riðu í marga áratugi. Þeir mæla eindregið með því að stóla ekki eingöngu á ARR.“

Heimasíðan svarar öllum helstu spurningum að mati Karólínu. Ef ekki, þá má hafa samband við hana. „Það er alltaf hægt að bæta og breyta.“

Hægt er að gerast áskrifandi að tilkynningum um nýjar færslur með því að skrá netfangið sitt inn í reitinn „Fylgstu með“ fyrir ofan stóru valmyndina. */ghp*

Ársreikningar:

# Græða á kjúklingi en tapa á svíni

## – Matfugl hagnaðist en Síld og fiskur tapaði

**Tvö félög um framleiðslu kjöts og matvælavinnslu í eigu Mataveldisins svokallaða skiluðu eigendum sínum ólíkri afkomu árið 2023. Á meðan alifuglaræktun og vinnsla félagsins skilaði eigendum sínum hagnaði tapaði svínaframleiðsla félagsins.**

Starfsemi Matfugls felst í ræktun, slátrun og vinnslu alifuglakjöts ásamt því að stunda fjárfestingar í arðbærum atvinnurekstri og að stunda lánastarfsemi. Alifuglabú fyrirtækisins eru tíu talsins samkvæmt kortasjá Matvælastofnunar.




Félagið Langisjór er eigandi bæði Matfugls og félagsins Síld og fiskur. Alifuglabú félagsins eru tíu talsins og svínabúin þrjú. Síld og fiskur framleiðir og selur vörur undir merkjum Ali sem eru til húsa í Hafnarfirði. Mynd / ghp

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2023 námu rúmum fimm milljörðum króna samanborið við rúmar 4,5 milljarða kr. í fyrra. Hagnaður af rekstri félagsins nam 179 milljónum króna og samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins um 1,7 milljörðum króna. Eigið fé hafði aukist töluvert, nam 467 milljónum króna í árslok 2023 en var 287 millj. kr. í árslok 2022. Í skýrslu ársreiknings kemur fram að velta félagsins hafi aukist um tólf prósent milli ára.

### *Tvö ný kjúklingahús skila 700 tonnum*

Félagið fékk afhend tvö ný kjúklingahús á Hurðarbaki í lok síðasta árs og eru þau nú bæði komin í fulla notkun, skv. ársreikningnum. Í fullum afköstum ættu húsin að skila rúmlega 700 tonnum af kjúklingum á ársgrundvelli.

„Samkeppnisaðilar eru enn að vinna niður mikinn innflutning á tollfrjálsu kjúklingakjöti frá Úkraínu frá fyrra hluta 2023 og það hefur haft áhrif á eftirspurn eftir vörum frá Matfugli árið 2024,“ segir í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra. Þar segir einnig að fyrirliggjandi séu nokkrar fjárfestingar í sláturhúsi og kjötvinnslu félagsins sem eigi að bæta enn dýravelferð, auka gæði afurða félagsins og bæta vöruframboð.

Framkvæmdastjóri Matfugls er Sveinn Jónsson. Stjórn félagsins skipa Eggert Árni Gíslason, Guðný Edda Gísladóttir og Gunnar Þór Gíslason en þau eru meðal eigenda félagsins Langisjór sem er eigandi Matfugls.

Samkvæmt ársreikningi hefur stjórnin lagt til að 100 milljóna kr. arður verði greiddur út til hluthafa félagsins árið 2024.

### *Fækkun starfsfólks*

Á sama tíma var 121 milljónar króna tap af rekstri félagsins Síld og fiskur ehf. Félagið hefur skilað neikvæðri afkomu í þrjú ár.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins rúmum milljarði króna og eigið fé í árslok nam 155,3 milljónum króna. Velta þess stóð í stað á milli ára en starfsmönnum fækkaði um tólf.

Starfsemi félagsins felst í framleiðslu matvæla úr svínakjöti og öðrum kjötvörum, tengd starfsemi, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið framleiðir og selur vörur undir merkjum Ali en á vefsíðu þess segir að fyrirtækið sé stærsti framleiðandi landsins á vörum unnum úr grísakjöti. Samkvæmt kortasjá Matvælastofnunar er Síld og fiskur skráð fyrirtæki að baki þremur svínabúum á landinu.

Í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra segir að rekstur ársins 2024 fari betur af stað en fyrri ár og rekstrarumbætur sem ráðist hefur verið í séu að skila sér í bættum rekstri félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins er eins skipuð og hjá Matfugli. Eins er allt hlutafé félagsins í eigu Langasjó ehf. */ghp*




Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) bjóða til opins fundar mánudaginn 9. september kl. 09:00 – 10:30 á Hilton Reykjavík Nordica þar sem veiðigjald í sjávarútvegi verður til umræðu. Yfirskrift fundarins er Veiðigjald – skattur í nútíð, skerðing í framtíð. Fundinum verður streymt.

Ólafur Marteinsson, formaður SFS, opnar fundinn með ávarpi. Ragnar Árnason, prófessor emeritus við Háskóla Íslands og Birgir Þór Runólfsson, deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, kynna nýútkomna skýrslu; Veiðigjald, landsframleiðsla og tekjur hins opinbera: Hagræn greining. Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, stýrir fundi og pallborðsumræðum.

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, sitja í pallborði og ræða veiðigjald í sjávarútvegi. Fundurinn er öllum opinn. Létt morgunhressing frá kl. 8:30.

**Dagskrá frá 09:00 – 10:30**

| | |
|---|---|
| Fundarstjóri | Heiðrún Lind Marteinsdóttir. |
| Opnunarávarp | Ólafur Marteinsson. |
| Kynning á skýrslu | Ragnar Árnason og Birgir Þór Runólfsson, Veiðigjald, landsframleiðsla og tekjur hins opinbera: Hagræn greining. |
| Pallborð | Bjarni Benediktsson, Kristrún Frostadóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Heiðrún Lind Marteinsdóttir stýrir umræðum. |

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

SFS

## Loftslagsmál:

# Atrenna að minni losun landbúnaðar

## – Sértækar aðgerðir í uppfærðri aðgerðaáætlun

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



**Í uppfærðri aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, sem kynnt var í vor og er nú í samráðsgátt stjórnvalda, eru ýmsir landbúnaðartengdir þættir.**

Landbúnaðartengdur rekstur fellur undir svokallaða Samfélagslosun auk sjávarútvegs, samgangna, úrgangsmeðhöndlunar o.fl., og er ábyrgur fyrir um 22 prósentum. Áfangamarkmið Íslands hljóðar upp á um 40% samdrátt í Samfélagslosun árið 2030.

Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, verkfræðingur og sjálfbærniráðgjafi, starfaði sem ritstjóri uppfærslu aðgerðaáætlunarinnar með starfshóp verkefnisstjórnar. Hún var spurð hvernig loftslagsáætlunin nú horfi í meginatriðum við íslenskum landbúnaði.

„Aðgerðirnar í áætluninni lýsa þeirri sýn að stefnt sé að sjálfbærum rekstri býla. Þær aðgerðir sem skilgreindar eru í áætluninni eru mjög sértækar og að miklu leyti byggðar á vinnu, greiningu og tillögum frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML," útskýrir Ragnheiður Björk.

Hafa þurfi í huga að um sé að ræða áætlun hins opinbera um hvaða breytum sé unnt að ná í kerfinu til að ýta undir hegðun sem hvetur til losunarsamdráttar. Í aðgerðum áætlunarinnar hafi verið lagt til grundvallar hvernig draga mætti úr losun landbúnaðarins án þess að matvælaframleiðslu, fæðuöryggi, og þar með þjóðaröryggi, væri ógnað.



**Aðgerðirnar í loftslagsáætlun stjórnvalda stefna að sjálfbærum rekstri býla. Myndin er tekin á Jökuldal.** Mynd / sá

### *Íblöndunarefni í fóður jórturdýra*

Hvatt er í áætluninni til notkunar íblöndunarefna í fóður jórturdýra og bættrar framleiðni á mismunandi gripum. Stefnt er að íblöndun í fóður á 30 prósentum íslenskra kúabúa fyrir árið 2030.

„Langstærsti hluti losunar innan landbúnaðarins er vegna iðragerjunar, þ.e.a.s. búfénaðar. Þar er úr vöndu að ráða því íblöndunarefni í fóður fela einungis í sér aukinn kostnað og geta verið allt að tvöfalt dýrari fyrir bændur," segir Ragnheiður Björk. Mikilvægt sé að horfa á tvær breytur: loftslagsávinning og framleiðni.

„Mismunandi tegundir íblöndunarefna hafa verið rannsakaðar víða um heim og við sjáum allt að þriðjung í samdrætti í losun með notkun sumra þeirra og á sama tíma engin neikvæð áhrif á framleiðni gripanna, og jafnvel aukin næringargildi. Þetta er mikilvægt og nákvæmlega það sem við erum að reyna að besta, þ.e. framleiðni pr. losunareiningu. Síðan eru til aðrar fóðurtegundir sem sýna mun meiri loftslagsávinning, draga kannski úr um allt að helming í losun, en draga að sama skapi úr framleiðni gripa. Því þurfum við að vera mjög varkár og mikilvægt að byggja á réttum upplýsinga- og rannsóknagrunni, sem er í bígerð en mætti hraða," segir hún.

> ## Samfélagslosun og landnýting
>
> „… Undir samfélagslosun (ESR) fellur öll losun á Íslandi að undanskilinni þeirri losun sem heyrir undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) og landnotkun (LULUCF). Umfangsmestu losunarflokkarnir undir samfélagslosun Íslands eru vegasamgöngur, landbúnaður og fiskiskip. Saman telja þeir 72% af samfélagslosun Íslands. [Undir landbúnað fellur losun við búfjárhald, landnotkun, áburðarnotkun og bruna jarðefnaeldsneytis við notkun tækja og vinnuvéla, innsk.blm.]. … Landnotkun (LULUCF) tekur bæði til losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis vegna landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar. Losun vegna landnotkunar má einkum rekja til breyttrar landnotkunar, framræsingar votlendis og nýtingar lands, t.d. vegna beitar. Binding verður mest við endurheimt votlendis og skógrækt. …"
>
> Úr uppfærðri aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum

### *Áburður og nákvæmnislandbúnaður*

Gert er ráð fyrir að bændur séu studdir til aðgerða sem draga úr áburðarþörf.

„Ákveðið magn losunar kemur frá áburðarnotkun og styðja þarf bændur til aðgerða sem draga úr áburðarþörf," segir Ragnheiður Björk. Nota megi annars konar áburð og réttan búnað til að dreifa honum betur. Tæknibúnaður nákvæmnislandbúnaðar sé þó dýr fjárfesting fyrir einstaka aðila og því þurfi mögulega að hugsa í deilihagkerfi, t.d. samlögum eða verktakaþjónustu. Samdráttur í áburði og hagræðing í rekstri geti og eigi að farið saman.

Hvað varðar aðgerðir til að styðja við innleiðingu tækni í nákvæmnisdreifingarbúnaði segir Ragnheiður Björk að mögulega þurfi að slá á fjárfestingabyrði þegar komi að slíkri fjárfestingu.

### *Köfnunarefni af landi*

Undir samfélagslosun heyrir líka framræst ræktarland, þ.e. losun köfnunarefna í landinu, en allt annað varðandi ræktarland skrifast á losunarbókhaldskerfið Landnotkun (LULUCF).



Ragnheiður Björk Halldórsdóttir.

Ragnheiður Björk segir að horfa þurfi til að betrumbæta nýtingu framræsts ræktarlands og ígrunda hvað sé verið að rækta, hvort ræktað sé nóg eða auka eigi jarðrækt. Þá eru uppi hugmyndir um að jarðræktarstyrkir verði endurskoðaðir til að draga úr loftslagsáhrifum vegna ræktunar.

### *Endurheimt votlendis vandmeðfarin*

Stærsti ávinningur í samdrætti losunar er talinn felast í endurheimt votlendis og heyrir það undir flokkinn Landnotkun (LULUCF), sem telur megnið af allri losun Íslands. Þar af kemur stærsti hlutinn frá framræstu votlendi. Í uppfærðu áætluninni er ekki farið jafn mikið á dýptina og í öðrum þáttum en fremur leitast við að leiðrétta stefnuna.

Ragnheiður Björk segir endurheimt votlendis af ýmsum orsökum vandmeðfarna.

„Ef við erum með réttan upplýsingagrunn, þ.e. réttar rannsóknir sem sýna okkur nákvæmlega hver losunin er, þá er það eitt og sér mjög gott. Hitt er annað að ef á að fara í átaksverkefni með endurheimt votlendis þá er gríðarlega mikilvægt að við gætum ákveðins meðalhófs og leggjum í það minnsta fram valmöguleika."

Vitneskja þurfi að liggja fyrir um hvaða framræsta land henti vel til ræktunar og hvað ekki. „Hvað væri gott að endurheimta núna, hvað er gott til ræktunar o.s.frv. Hvar gætum við mokað endanlega ofan í og hvar væri hægt að endurheimta tímabundið. Samtalið við bændur verður að vera dýnamískt. Allt byggir þetta á að til sé góð grundvallarþekking og traust sem byggir á samtali," segir Ragnheiður Björk.



> ## Víðtækt endurmat á losun ræktarlands
>
> Í fyrra fólu matvælaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið Landgræðslunni, nú Landi og skógi, að endurmeta losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktarlandi í losunarbókhaldi Íslands. Ekki var vanþörf á, því við útreikninga á hluta landbúnaðar í losunarbókhaldinu hefur verið stuðst við hálfrar aldar gamla rannsókn um losun og bindingu ræktarlands.
>
> Jóhann Þórsson er vistfræðingur og fagteymisstjóri loftslags- og jarðvegs hjá Landi og skógi. Hann segir verkefnið unnið af Háskóla Íslands og hófst það á síðasta ári. „Árið í ár er fyrsta gagnasöfnunarárið og fyrir vikið liggja engar niðurstöður fyrir enn sem komið er. Það tekur síðan nokkurn tíma að vinna úr sýnum og öðrum mælingum en skv. verkáætlun þá eiga niðurstöður frá þessu ári að liggja fyrir snemma næsta vor," segir Jóhann.
>
> 
>
> **Jóhann Þórsson.**
>
> Ræktarland, og þá aðallega tún í framræstu mýrlendi, er stór hluti heildarlosunar frá landbúnaði og breytileiki í losun mismunandi landsvæða og -flokka.
>
> Jóhann segir að ætlunin sé að nota hin nýju rannsóknargögn til að uppfylla núverandi kröfur um gagnagæði gagnvart loftslagssamningnum skv. reglum Evrópusambandsins og Parísarsamningnum. Niðurstöðurnar verði því sérstaklega notaðar til að meta kolefnisforða og breytingar á honum í ræktarlandi og til að taka saman landsstuðla fyrir þessa þætti.




**MF 6S 135-200 HP**
EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

**ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ**
Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradíus- aðeins 4,75 m

**EINSTÖK UPPSKRIFT HVAÐ VARÐAR AFL Á MÓTI ÞYNGD**
Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótor og 500 kg léttari heildarþyngd

**STYRKUR MEÐ STÖÐULEIKA**
Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxla

MASSEY FERGUSON
BÚVÉLAR
Gagnheiði 35,
Selfossi
Sími 4800080
www.buvelar.is

limtrevirnet.is

# BETRI ER NÝ HURÐ AÐ HAUSTI EN GÖMUL AÐ VETRI

Það er best að velja hurð sem þolir veður og vinda vetursins áður en hann skellur á.



- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Krispol hurðir eru hagkvæmur kostur fyrir skemmur og geymslur.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu.

**Kynntu þér úrvalið á Limtrevirnet.is**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Hurðadeild: 412 5370 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki 2023



Markmiðið er að farið verði að líta á dýraheilsu á heildrænum grunni. Mynd / smh



Sigurborg Daðadóttir. Mynd / Lbhí

## Matvælaráðuneytið:

# Sigurborg mótar nýja heildarstefnu í dýraheilsumálum


Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is




**Sigurborg Daðadóttir fer úr embætti yfirdýralæknis og tekur við nýju starfi í matvælaráðuneytinu á sviði dýraheilsu þar sem mótuð verður heildarstefna.**

Embætti yfirdýralæknis var auglýst laust til umsóknar fyrir skemmstu og sóttu þau Brigitte Brugger sérgreinadýralæknir, Egill Þorri Steingrímsson dýralæknir, Vigdís Tryggvadóttir sérgreinadýralæknir og Þóra Jóhanna Jónasdóttir sérgreinadýralæknir um stöðuna. Málið er nú í ráðningarferli ferli hjá matvælaráðuneytinu.

### *Átti eftir þrjú og hálft ár*

Hæfnisnefnd skipuð Kolbeini Árnasyni, skrifstofustjóra á skrifstofu matvæla í matvælaráðuneytinu, Báru Eyfjörð Heimisdóttur, formanni dýralæknafélags Íslands, og Auði Bjarnadóttur, ráðgjafa og eiganda ráðningarstofunnar Vinnvinn, meta umsóknirnar og síðan skipar matvælaráðherra í embættið til fimm ára.

„Ég er skipuð til fimm ára í senn og átti reyndar þrjú og hálft ár eftir, en óskaði eftir að fá að hætta á þessum tímapunkti. Bæði vegna þess að starf yfirdýralæknis er afar erilsamt og því fylgir mikið álag, auk þess sem mér bauðst nýtt starf í matvælaráðuneytinu þar sem ég get áfram unnið að heilbrigði og velferð dýra. Bjarkey [Olsen Gunnarsdóttir] ráðherra vill gera þessum málaflokki góð skil og vinna honum framgang, meðal annars með því að fara í heildarendurskoðun á dýraheilbrigðislöggjöfinni,“ segir Sigurborg.

### *Dýraheilsa á heildrænum grunni*

„Markmiðið er að farið verði að líta á dýraheilsu á heildrænum grunni. Dýraheilsa getur falið svo margt í sér; sjúkdóma af ýmsu tagi, bæði líkamlega en einnig andlega líðan. Dýravelferðarmálin voru sett á dagskrá fyrir um tíu árum síðan, með nýjum dýravelferðarlögum, og flestir orðnir mjög meðvitaðir um þau mál en sumt sem varðar heilbrigði dýra hefur setið á hakanum. Bjarkey vill lyfta þeim hluta málaflokksins upp samhliða betrumbótum á því sem hefur áunnist á öðrum sviðum og móta heildstæða stefnu,“ útskýrir Sigurborg enn fremur.

Hún segir að gert sé ráð fyrir að þessi vinna verði unnin á skrifstofu sjálfbærni og dýraheilsu í ráðuneytinu, unnið verður í teymi sem hún mun leiða en meðlimir teymisins koma úr öllum skrifstofum ráðuneytisins.

### *Höfum undanþágu fyrir búfé*

„Löggjöf sem fjallar um heilbrigði dýra eru í raun þrenn lög; dýrasjúkdómalögin, lög um innflutning dýra og lög um dýralækna og heilbrigðisþjónusta við dýr og eru þau um 30 ára,“ heldur Sigurborg áfram. „Það hefur heilmikið breyst á þessum tíma og það var því alveg orðið tímabært að taka þennan málaflokk til heildstæðrar endurskoðunar.

Frá því að við innleiddum dýravelferðarlögin fyrir tíu árum hefur Evrópusambandið sett ný dýraheilsulög „Animal Health Law“, sem er regnhlífarlöggjöf með mörgum afleiddum gerðum út frá henni. Ísland hefur innleitt þessa löggjöf en þó þannig að hún gildir aðeins um lagareldisdýr, enda var okkur það skylt, en ekki fyrir landeldisdýr eða búfé þar sem það er undanskilið í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Við þurfum því að aðlaga okkur að nútímanum með þessari heildarendurskoðun sem fram undan er. Þetta er gríðarlega mikilvægt vegna þess að öll viðskipti með dýr og dýraafurðir á milli landa grundvallast á gagnkvæmu trausti á stjórnskipulagi og löggjöf. Evrópumarkaður er mikilvægur fyrir Ísland, sama eða sambæriieg löggjöf og hjá Evrópusambandinu liðkar fyrir framkvæmd viðskipta í Evrópu og reyndar um allan heim.

Þó Íslandi sé ekki skylt að taka upp dýraheilsulög Evrópusambandsins varðandi búfé er skynsamlegt að gaumgæfa það vel, í öllu falli ættum við að taka mið af henni við heildarendurskoðunina.“

### *Stór verkefni á starfstímanum*

Sigurborg hefur gegnt embætti yfirdýralæknis frá 1. febrúar 2013 og var fyrsta konan sem er skipuð í embættið. Hún lauk dýralæknanámi sínu frá Tierärztlich Hochschule í Hannover í Þýskalandi, auk þess sem hún menntaði sig í rekstrar- og viðskiptafræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Áður en hún tók við embættinu starfaði hún hjá Matvælastofnun frá 2008 sem sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma, gæðastjóri og forstöðumaður áhættumats- og gæðastjórnunarsviðs.

Eitt af fyrstu stóru verkefnum hennar var innleiðing nýrrar dýravelferðarlöggjafar, sem tók gildi um ári eftir að hún tók við embættinu. „Já, held það sé óhætt að segja að það sé með stærstu verkefnunum á mínum starfstíma,“ svarar hún. „Þar var auðvitað lyft grettistaki varðandi aðbúnað dýra og meðferð og gríðarleg breyting hefur átt sér stað í þessum málaflokki til batnaðar. Má þar nefna, gelding grísa án deyfingar er aflögð, búrahald hænsna er aflagt, lausaganga og útivist mjólkurkúa almenn, lausaganga gyltna almenn, beislisstangir með tunguboga aflagðar og margt fleira.

> Við þurfum því að aðlaga okkur að nútímanum með þessari heildarendurskoðun sem fram undan er ...

Ég er svo lánsöm að hafa setið í nefndinni sem samdi frumvarpið um velferð dýra, sem varð svo að lögum.

Svo er hitt stóra málið breytingin sem hefur orðið á allra síðustu árum með nýrri nálgun í baráttunni gegn riðu í sauðfé, þar sem í raun var sett sameiginleg stefna stjórnvalda og bænda með nýlegri útgáfu landsáætlunar um útrýmingu á sauðfjárriðu. Verkefni sem einnig er óhætt að segja að hafi verið risastökk til framfara,“ segir Sigurborg og nefnir einnig verkefni um sýklalyfjaónæmi – sem hafi á allra síðustu árum orðið eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál samtímans.

### *Sjúkdómar berast á milli manna og dýra*

Að sögn Sigurborgar hafa öll þessi mál leitt til þess að við skiljum betur að það verður að nálgast allar þessar hliðar á dýraheilsu heildstætt.

„Alþjóðastofnanir hafa hvatt þjóðir heims til að taka upp hugtakið „One health“ og nálgast stjórnskipulag og löggjöf út frá því, vegna þess að heilsa manna verður ekki aðskilin frá heilsu dýra og umhverfis og var það viðhaft í nýlegri aðgerðaáætlun gegn sýklalyfjaónæmi hér á landi. Í því samhengi má nefna að um 60 prósent af þeim smitsjúkdómum sem koma upp í mönnum eru súnur, það eru sjúkdómar sem berast á milli manna og dýra.“


NC

LÁTUM VERKIN TALA!

NC tæki hafa þjónað íslenskum bændum og verktökum í áratugi með miklu rekstraröryggi. Mikið úrval af haugsugum í mörgum stærðum, dælur, hrærur og vagnar til ýmissa starfa.



AFLVÉLAR

TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi

sími 480-0000 | www.aflvelar.is




benni.is
BÍLABÚÐ BENNA
kolefnisjafnar nýja bíla

5
Fimm ára ábyrgð

kgm.benni.is

Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



Umhverfisstofnun vinnur að tillögu um hvernig megi draga úr veiðum á helsingja. Mynd / Wiki

# Helsinginn viðkvæmur og dregið úr veiðum

**Veiðitímabil á grágæs og heiðagæs er hafið. Leitað er leiða til að draga úr veiðum á helsingja. Sölubann gildir áfram um grágæs.**

Umhverfisstofnun vinnur nú að tillögu um hvernig megi draga úr veiðum á helsingja. Leyfilegt er að veiða hann milli 1. september og 15. mars ár hvert.

Sú staða er komin upp að Austur-Grænlandsstofn helsingja, sem íslenski stofninn tilheyrir, hefur rýrnað mjög á allra síðustu árum. Stofninn hefur orðið fyrir verulegum afföllum vegna bráðrar fuglaflensu á síðustu tveimur árum. Einnig hefur viðkomubrestur verið viðvarandi síðustu tvö sumur. Frá þessu greinir á vef Umhverfisstofnunar.

*Tilmæli um að draga úr veiðum*

Stofninn var metinn um 57.000 fuglar í mars 2024 og er því kominn nærri neðri viðmiðunarmörkum AEWA samningsins (alþjóðlegur samningur um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla sem Ísland er aðili að) sem miðast við 54.000 fugla að vori. Af þessu tilefni hefur vinnuhópur EGMP (European Goose Manage- ment Platform) sem starfar undir AEWA, sent Bretlandi og Íslandi tilmæli um að draga verulega úr veiðum á helsingja árið 2024 eða stöðva þær alveg.

Umhverfisstofnun vinnur því að tillögum til ráðherra um hvernig draga megi úr veiðum til að uppfylla skilyrði samningsins.

*Grágæs fækkar*

Veiðitímabilið á grágæs og heiðagæs hófst þriðjudaginn 20. ágúst og stendur til 15. mars, eins og síðustu ár. Íslenski grágæsastofninn náði hámarki árið 2011 og var þá 112.000 fuglar. Síðan þá hefur grágæs fækkað og bentu talningar ársins 2023 til þess að stofninn væri 59.000 fuglar. Í ljósi veikrar stöðu grágæsastofnsins mun sölubann áfram gilda um tegundina.

Heiðagæsastofninn stendur sem fyrr nokkuð sterkur en hefur þó verið að dragast saman á síðustu árum, segir í tilkynningu frá Umhverfisstofnun. Hámarki náði stofninn árið 2019 þegar hann var talinn vera um hálf milljón fugla. Samkvæmt talningum ársins 2023 stóð stofninn í 335.730 fuglum. */sá*






Farið er yfir mikilvægi grænmetis sem fæðutegundar, hollustu íslensku framleiðslunnar og framleiðslutegundir í Grænmetisbókinni sem kom út í sumar. Mynd / Matís

## Matís:

# Viðfangsefnin spanna alla virðiskeðjuna

**Matís gaf Grænmetisbókina út í sumar, sem er heildstætt vefrit um margar hliðar á íslenskri grænmetisframleiðslu og byggir á grænmetisverkefnum sem þar hafa verið unnin á undanförum árum.**

Farið er yfir mikilvægi grænmetis sem fæðutegundar, hollustu íslensku framleiðslunnar og framleiðslu-tegundir. Þá er gerð grein fyrir möguleikum íslenskrar garðyrkju til framfara; nýtingu hliðarafurða og hámörkun gæða grænmetisins með bættri meðhöndlun við uppskeru og geymslu.

*Grænmetisverkefni aðgengilegri*

Grunnhugmynd bókarinnar er að gera upplýsingar úr grænmetis-verkefnum Matís aðgengilegar á einum stað. Viðfangefnin spanna alla virðiskeðjuna frá uppskeru grænmetisins og alla leið á borð neytenda.

*Sjálfstæð efnistök*

Markmiðið er að auka þekkingu á bestu meðferð grænmetis og auka þannig gæði grænmetis á markaði og stuðla að minni sóun.

Jafnframt er vonast til þess að áhugi neytenda aukist á íslensku grænmeti og hollustu þess.

Ólafur Reykdal heldur utan um útgáfuna hjá Matís og segir að efnistök hafi verið sjálfstæð út frá viðfangsefnum, en ekki bein afritun úr verkefnaskýrslum.

„Það er hægt að smella á hlekki í Grænmetis-bókinni og nálgast ítarlegri umfjöllun úr skýrslum eða samantektum. Þannig hefur tekist að draga saman það sem fólk þarf á að halda. Efnið nær einnig til forvera Matís eins og fæðudeildar RALA. Í heimildalistanum er hægt að finna það efni sem hefur verið birt og notað á þessu sviði hjá Matís og forverum.



Ólafur Reykdal.

Umfjöllunin nær ekki til ræktunarinnar sjálfrar, til dæmis um yrki, áburðargjöf og fleira, sem er ekki viðfangsefni Matís,“ segir Ólafur. */smh*

## Ársreikningar:

# Góð afkoma hjá Stjörnugrís

**Hagnaður Stjörnugríss nam rúmum 436 milljónum króna á síðasta ári. Félagið rekur kjötvinnslu og sölu á matvöru undir merkjum Stjörnugrís, Stjörnunaut og Stjörnufugl.**

Heildarvelta félagsins árið 2023 nam um 6.244 milljónum króna og hækkaði um 45 prósent milli ára. Eignir félagsins í árslok námu um 2,8 milljörðum króna, eigið fé tæpir tveir milljarðar króna og skuldir um 833 milljónir króna. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins fyrir árið 2023.

Árið 2022 hagnaðist fyrirtækið um rúmar 39 milljónir króna en afkoma ársins 2021 var 325 milljónir króna.

*Stöndugt fjölskyldufyrirtæki*

Meginstarfsemi félagsins er rekstur á kjötvinnslu og sala á matvöru en eigendur félagsins eru fjölskylda sem hefur stundað svínabúskap frá árinu 1935, að því er fram kemur á vefsíðu Stjörnugríss. Geir Gunnar Geirsson á helming fyrirtækisins en hann er jafnframt forstjóri þess. Hjördís Gissurardóttir á 30,44 prósenta hlut og systurnar Hallfríður Kristín og Friðrika Hjördís Geirsdætur hvor sinn 9,78 prósenta hlut. Í ársreikningnum kemur fram að stjórn leggi til arðgreiðslu að upphæð 145 milljón króna vegna rekstrarársins 2023.

FEK ehf. er einnig í eigu fjölskyldunnar en tilgangur þess er að reka og leigja út fasteignir og jarðir í búrekstri. Fasteignir félagsins í árslok 2023 voru, samkvæmt ársreikningi: Saltvík, Melar, Bjarnastaðir, Sléttaból og Kálfhóll, Ás, Ásland og Sómastaðir, Esjugrund 24 og 36, Árvellir, Brautarholt, Hýrumelur, Gil og Sætún. Félagið Svínaríki ehf. var stofnað árið 2022 utan um rekstur svínabús Stjörnugríss en það var tekið yfir af Stjörnugrís í upphafi árs 2024. Þá tók Stjörnugrís einnig yfir félög í sinni eigu sem héldu utan um rekstur gyltubúa sinna á Gili, Brimnesi og Hýrumel, öll til heimilis að Vallá á Kjalarnesi. Stjörnugrís á einnig dótturfélögin LL42, sem skráð er fyrir innflutningskvótum á landbúnaðarvörum, sem og stóran hluta félagsins Melaveita ehf.



Meginstarfsemi Stjörnugríss er rekstur á kjötvinnslu og sala á matvöru. Meðal vörumerkja þeirra eru Stjörnugrís, Stjörnunaut og Stjörnufugl. Mynd / ál

*Arðbær eggjaframleiðsla*

Stjörnuegg, systurfélag Stjörnugríss, skilaði einnig góðri afkomu árið 2023. Heildarveltan nam um tveimur milljörðum króna og hagnaður félagsins reyndist um hálfur milljarður króna sem er um 60 prósenta hækkun frá árinu áður.

Stjörnuegg hf. er eggja-framleiðandi með aðsetur á Kjalarnesi. Félagið er í 79 prósenta eigu Hjördísar Gissurardóttur og Hallfríðar Kristín og Friðrika Hjördís eiga hvor sinn ellefu prósenta hlut. Þær eiga jafnframt félagið Skurn ehf. með aðsetur á sama stað. */ghp*

# KYNNINGARTILBOÐ

## Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL SKARA 64 - 64,4 m²

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.

VH/24-07









**MODEL SKARA 64,4 m² + verönd**

Listaverð kr. 32.900.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 31.900.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**HEILSÁRSHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

www.volundarhus.is

Staðgreiðslulán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

# KYNNINGARTILBOÐ

## Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL NORD PLUS - 36,7 m²

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.

VH/24-08









**MODEL NORD PLUS + verönd**

Listaverð kr. 14.500.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 13.900.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**HEILSÁRSHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

www.volundarhus.is

Staðgreiðslulán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



**Með nýrri aðgerðaáætlun vilja stjórnvöld láta í ljós grundvallarbreytingar í nálgun þeirra á verkefnið.** Mynd / smh

# Verkefnisstjórn loftslagsaðgerða

**Ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var kynnt um miðjan júní. Nýlega var skipuð verkefnisstjórn til að fylgja henni eftir.**

Verkefnastjórninni verður einnig falið að sjá um birtingu árangursmælikvarða aðgerðanna og fylgjast með áhrifum aðgerða á losun gróðurhúsalofttegunda. Hún ber einnig ábyrgð á gerð og eftirfylgni aðlögunaráætlunar íslensks samfélags að loftslagsbreytingum, samkvæmt tilkynningu úr umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Árlega skal skýrslu skilað um framgang áætlunarinnar og hvort þær standist, auk þess sem á tveggja ára fresti skal fjalla um framgang aðlögunaraðgerðanna í skýrslunni. Aðgerðaáætlunin samanstendur af 150 aðgerðum og loftslagstengdum verkefnum, en í fyrri áætlun voru þær 50. Með nýrri aðgerðaáætlun vilja stjórnvöld láta í ljós grundvallarbreytingar í nálgun þeirra á verkefnið sem snýr að samtali við atvinnulíf og sveitarfélag um loftslagsmál – sem sé undirstaða áframhaldandi árangurs.

Gert er ráð fyrir að aðgerðirnar geti skilað 35–45 % samdrætti í samfélagslosun til ársins 2030. Hjá verkefnisstjórninni starfa sérfræðingar frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Skipunartími verkefnisstjórnarinnar er til 4. júlí 2027. Halla Sigrún Sigurðardóttir skrifstofustjóri fer fyrir nefndinni.

*/smh*

# Starfshópur um stofnun þjóðgarðs

**Drífa Hjartardóttir hefur verið skipuð formaður starfshóps sem á að undirbúa og meta kosti þess að stofna þjóðgarð í Þórsmörk og nágrenni.**

Drífa er bóndi á Keldum á Rangárvöllum og fyrrverandi alþingismaður. Með henni í hópnum eru þeir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra og Rafn Bergsson, nautgripabóndi á Stóru-Hildisey og sveitarstjórnarmaður í Rangárþingi eystra. Með hópnum mun starfa sérfræðingur frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. „Óskin kom frá sveitarfélaginu á hvern hátt væri hægt að styrkja samkeppnisstöðu svæðisins til búsetu, svo sem áfangastað ferðafólks með stofnun þjóðgarðs á svæðinu og stuðla að fjármögnun á innviðauppbyggingu á svæðinu til að mæta auknum straumi ferðafólks á svæðinu. Hlutverk okkar er að undirbúa og meta kosti þess að stofna þjóðgarð á Þórsmerkursvæðinu, með tilliti til áhrifa á samfélag, þróun ferðaþjónustu á svæðinu, umhverfi og efnahag. Við erum byrjuð að funda og á næstunni munum við funda með öllum sem hugsanlega geta komið að og hafa skoðun á verkefninu,“ segir Drífa. Hún gerir ráð fyrir að skiptar skoðanir séu um málið. „Ég tel að margir hafi haldið að Þórsmörk væri þjóðgarður. Við munum reyna að skila áfangaskýrslu um miðjan nóvember.“

*/mhh*





skíðagönguævintýri

Komdu með í innihaldsríka skíðagönguferð til Seefeld í Tíról, Ramsau við Dachstein, Pontresina í Sviss eða Seiser Alm á Ítalíu.

Njóttu þess að skíða í fallegu landslagi í fögrum fjallasal

bænda FERÐIR

Allir geta bókað sig í Bændaferð - bændaferðir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík


## Aloe vera:

# Heimsframleiðslan 37 milljarða virði

## – Lífræn ræktun á Gran Canaria

**Búist er við að sala á Aloe vera-vörum á markaði muni nema um 2,7 milljörðum Bandaríkjadala (um 37,5 milljörðum ISK) á næsta ári og nemur árleg hækkun frá 2017 um 6,2 prósentum. Alþjóðleg eftirspurn eftir húð- og hárvöru er drifkraftur þessa vaxtar.**

Kína, Bandaríkin, Mexíkó, Ástralía og hluti landa í Suður-Ameríku eru helstu framleiðendur og útflytjendur á Aloe vera-vörum.

Aloe vera er harðgerður, fjölær þykkblöðungur af ættkvísl biturblöðunga, með gulum blómum og stinnum, spjótlaga blöðum sem vaxa í hvirfingu og geta orðið allt að 90 cm löng. Hundruð tegunda eru til af Aloe en Aloe vera (L.) N.L.Burm., einnig kölluð Aloe barbadensis Mill., er þekktust og mest notuð í ræktun. Hún er m.a. talin sótthreinsandi og bólgueyðandi og gjarnan notuð til að meðhöndla ýmsa húðsjúkdóma og bruna. Til að plantan geti lifað af langvarandi þurrka geymir hún í blöðum sínum mikið af næringarefnum. Í blöðum Aloe vera er annars vegar glært hlaup og hins vegar beiskur, gulleitur vökvi (alóín).

### *Kólumbus notaði kanarískt Aloe vera*

Finna má upplýsingar um gagnsemi Aloe vera í heimildum allt frá 1.500 f.Kr. Í sjóferðadagbókum Kristófers Kólumbusar laust fyrir árið 1500 kemur fram að hann tók talsvert af plöntunni á Kanaríeyjum til að hafa í löngum sjóferðum, vegna græðandi eiginleika hennar.

Þegar leitað er að besta Aloe vera í heimi beinast sjónir einmitt að Kanaríeyjum. Þar um slóðir vex jurtin einkum á Gran Canaria, Lanzarote og Fuerteventura. Eldfjallajarðvegur og loftslag eyjanna gerir að verkum að Aloe vera þaðan inniheldur ríkuleg steinefni. Það er jafnframt sagt innihalda allt að þrisvar sinnum meira (23,38%) af fjölsykrunni acemannan en plöntur annars staðar frá.



**Í El Goro á austanverðri Gran Canaria eru um 35 þúsund plöntur í lífrænni ræktun hjá Finca en ræktunar- og vinnslusvæði fyrirtækisins eru víðar, sem og verslanir.** Myndir / sá



**Júlía hjá Finca Canarias sýnir gestum hvernig hin stóru og groddalegu blöð Aloe vera barbadensis eru sneidd með keramikhníf til að ná úr þeim hlaupkjarnanum.**



**Hlaupþykkni úr hverju blaði er umtalsvert og eftir þvott og kaldpressun er bætt í þykknið C- og E-vítamíni úr sítrónu sem náttúrulegum rotvarnarefnum.**



**Blóm Aloe vera. Blöðin geta orðið allt að 90 cm löng.**

### *Allt unnið í höndunum*

Á austanverðri Gran Canaria, í Carretera, El Goro, er einn Aloe verabúgarða fyrirtækisins Finca Canarias. Þar eru, með lífrænum aðferðum, ræktaðar yfir 35 þúsund plöntur (Aloe Barbadensis Mill.).

Finca býður upp á leiðsögn þar sem verkunin er sýnd og útskýrð fyrir gestum, farið yfir margvísleg eigindi plöntunnar og gestir auðvitað hvattir til að kaupa framleiðslu fyrirtækisins í formi hreins hlaups og ýmissa smyrsla. Einnig er hægt að kaupa lifandi plöntur. Framleiðsla Finca er vottuð og segja aðstandendur fyrirtækisins hana besta fáanlega Aloe vera í heimi:

„Lífræn ræktun og ferlar eru hluti af fyrirtækjamenningu okkar. Fjölskyldan hefur ræktað og unnið Aloe vera kynslóðum saman og vill halda áfram á sama hátt til að fórna ekki gæðum. Allt ferli, frá söfnun laufa til hreinsunar og umhirðu plantna, er unnið í höndunum og strangt gæðaeftirlit á öllum þrepum frá ræktun til pökkunar. Á plantekrunum er hvorki notað skordýraeitur né önnur varnarefni. Sömu aðferðir við frjóvgun og eftirlit hafa verið viðhafðar í áratugi. Aloe vera er náttúrulega ræktað í hæsta gæðaflokki, án skaðlegra efna,“ segir í kynningarefni Fincas.

### *Ársframleiðslan fimm lauf*

Í hverjum mánuði eru handtínd um 5.000 fersk lauf af Aloe vera á plantekrunum í Carretera. Hver planta gefur 4–5 laufblöð á ári. Þannig er lífvænleiki plantnanna tryggður.

Vinnslan fer þannig fram að hvert einstakt laufblað er handþvegið í vatni. Rótin er síðan skorin af með keramik- og plastáhöldum svo hlaupið verði ekki fyrir efnahvörfum. Þar næst eru blöðin sett í vatnsbað í átta klukkustundir til að fjarlægja umfram alóín (þunni vökvinn). Eftir það er hlaupið handskorið úr hýðinu með plastspaða.

Að loknu þessu ferli inniheldur hlaupið aðeins 5% alóín. Þá er gelið kaldpressað og C- og E-vítamíni, sem unnin eru úr sítrónu, bætt við en þau virka sem náttúruleg rotvarnarefni. Með þessu móti segir Fincas fá 99,38% hreint Aloe-hlaup. Vörur fyrirtækisins séu alltaf ferskvara og framleiðslan skipulögð í samræmi við eftirspurn. Gæði skipti meira máli en magn.

Að sjálfsögðu eru svo fleiri framleiðendur Aloe vera á eyjunum og segjast auðvitað allir selja bestu vöruna.

Til að tryggja að maður hafi gæða Aloe vera í höndunum er gagnlegt að skoða í innihaldslýsingu hvort laufsafi (Aloe vera leaf juice) sé ekki örugglega efst þar á blaði og ekki í vörunni vatn, Aloe vera extrakt eða -duft.

*/sá*


HH workwear
Sterkt
Fjölhæft
Fljótlegt
HH CONNECT™
NÝTT vasakerfi og vinnubuxur.
Sérhannaðir vasar fyrir smiði og rafvirkja sem auðvelt er að skipta út.
Skoðaðu HH Connect á vfs.is
HELLY HANSEN
Milwaukee
MAGNETIC
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

MHG VERSLUN
Husqvarna - feel the power
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Rier RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW
Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm
Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m2 - 45% halli
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Teikning / Hlynur Gauti

# Vindmyllur þyrla upp moldviðri

## – Kallað er eftir frekara samtali áður en framkvæmdir hefjast

**Nú stefnir allt í að fyrsta vindorkuver Íslands rísi á næstu tveimur árum. Landsvirkjun segir undirbúninginn, sem hefur staðið í rúman áratug, vera vandaðan og leikreglum hafi verið fylgt. Nokkur gagnrýni hefur verið á að ráðist sé í framkvæmdir áður en búið er að semja heildarstefnumótun fyrir vindorku. Sveitarfélög eru ósátt við að fá lágar tekjur og eru enn önnur ósátt við að hafa ekkert um málið að segja, þrátt fyrir að verða fyrir áhrifum. Náttúruverndarsinnar benda á að sjónræn áhrif af vindmyllunum nái inn á hálendið, sem stjórnvöld og almenningur vilji vernda.**

**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is



Á dögunum samþykkti Orkustofnun umsókn Landsvirkjunar um virkjanaleyfi fyrir vindorkuver sem nefnt hefur verið Búrfellslundur, sem á að rísa skammt frá Sultartangalóni í Rangárþingi ytra. Landsvirkjun talar um að vindorka sé góð viðbót við vatnsafls- og jarðvarmastöðvar. Sveitarfélög hafa verið gagnrýnin á vindorkuver þar sem þau njóta sáralítils ávinnings og áhrifin af vindmyllum leita langt út fyrir sveitarfélagamörk. Landvernd kallar eftir að stefnumótun verði lokið áður en farið verði í framkvæmdir og bendir á að heppilegra væri að efla dreifikerfið til að laga títtnefndan orkuskort.

Ef áform ná fram að ganga verður uppsett afl Búrfellslundar 120 megavött sem kemur frá allt að 30 vindmyllum á 17 ferkílómetra svæði. Spaðar þessara vindmylla munu ná 150 metra hæð í hæstu stöðu, en vindmyllurnar tvær sem Landsvirkjun reisti norðan við Búrfell í tilraunaskyni árið 2013 ná 77 metra hæð og er uppsett afl þeirra 1,8 megavött. Til samanburðar er uppsett afl Blöndustöðvar 165 megavött.



**Unnur María Þorvaldsdóttir hjá Landsvirkjun.**

Unnur María Þorvaldsdóttir, forstöðumaður þróunar vindorku hjá Landsvirkjun, segir að núna sé unnið að umsókn um framkvæmdaleyfi í Rangárþingi ytra. Þegar það verður komið í höfn verði fátt því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir. Nú sé útboð í gangi um kaup á vindmyllum og reiknar Unnur með niðurstöðum úr því fyrir lok október. Mannvirkjagerð eigi að hefjast næsta sumar, uppsetning á vindmyllum árið 2026 og á rekstur orkuversins að hefjast síðar það ár.

> „Ef við horfum á eðli vinds þá blæs meira á veturna og það er einmitt þá sem við viljum spara vatn ...“

Unnur bendir á að Búrfellslundur hafi verið lagður fyrst til umfjöllunar í rammaáætlun árið 2011 og hafi loks verið færður í orkunýtingarflokk í júní 2022, sem hafi verið forsenda þess að Landsvirkjun gæti haldið áfram með skipulagsmál og sótt um virkjunarleyfi.

Nú hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gefið út að þau muni kæra verkefnið. Unnur segir að eins og í öllu, þá geti kærur alltaf haft áhrif á niðurstöður verkefna. „Það má ekki gleyma því að þetta verkefni hefur verið í undirbúningi í meira en ellefu ár og hefur fylgt öllum lögbundnum ferlum og þeim ramma sem er til staðar.“



**Búrfellslundur er áætlaður á stærsta vinnslusvæði Landsvirkjunar þar sem þegar eru sjö vatnsaflsstöðvar í rekstri. Búðarhálsstöð er ein þeirra, en hún er aðeins örfáa kílómetra í burtu.** Mynd / Landsvirkjun





Jón G. Valgeirsson hjá Rangárþingi ytra.

*Vindurinn sparar vatnið*

„Við sjáum þennan orkukost vinna mjög vel með vatnsaflinu okkar, af því að ef við horfum á eðli vinds þá blæs meira á veturna og það er einmitt þá sem við viljum spara vatn. Síðan er minni vindur á sumrin og það er þá sem við erum að fá innrennsli í lónin okkar og getum því nýtt báðar þessar auðlindir á sem bestan hátt," segir Unnur. Hún bætir við að verkefnið sé ekki síður spennandi þar sem það sé staðsett á stærsta vinnslusvæði Landsvirkjunar, þar sem fyrirtækið er nú þegar með sjö vatnsaflsstöðvar í rekstri og mikið af orkumannvirkjum.

Til stendur að byggja nýtt tengivirki í Rangárþingi ytra samhliða uppbyggingu Búrfellslundar. Fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa verið gagnrýnir á þetta og sagt að ein af ástæðunum fyrir því að vindorkuverinu var valinn þessi staður var nálægð við tengivirki sem þegar sé til staðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og í ljósi þess að til standi að byggja nýtt tengivirki gæti vindorkugarðurinn verið hvar sem er. Unnur segir hins vegar að bygging nýs tengivirkis sé fyrst og fremst til að efla raforkuöryggi á svæðinu og að það hafi verið á áætlun hjá Landsneti í nokkurn tíma. Þá sé klárlega betra að hafa tengivirki nálægt orkuverinu.

Í upphaflegri útgáfu verkefnisins hafi verið lagt upp með að reisa 67 vindmyllur, en fallið var frá því við endurhönnun Búrfellslundar, þar sem framkvæmdasvæðið var minnkað og myllunum fækkað niður í 30. Landsvirkjun hafi fengið erlenda sérfræðinga og ráðgjafa og í þeirra nálgun hafi verið lögð áhersla á að draga úr sjónrænum áhrifum og aðlaga vindmyllurnar að fyrirliggjandi orkumannvirkjum og náttúrunni. Sjónrænu áhrifin séu alltaf mest í nágrenni vindorkuvera, en Unnur nefnir í þessu samhengi að þegar ekin er Sprengisandsleið þurfi maður ekki að vera kominn mjög langt áður en vinduorkuverið hætti að sjást.

*Radar minnki áflug fugla*

Hvað fuglalíf varðar bendir Unnur á að Búrfellslundur sé á heppilegum stað og að áætluð áhrif verði ekki veruleg. Landsvirkjun muni hins vegar fylgjast vel með til að geta gripið til ráðstafana ef þarf. Aðspurð hvaða áhrif vindmyllur geti haft á fugla nefnir Unnur meðal annars búsvæðamissi, en hægt sé að bregðast við því á hönnunarstigi og með vel ígrunduðu staðarvali. „Hvað varðar áflug, þá hefur tækninni fleygt fram. Það er hægt að setja upp radar sem nemur flugumferð. Ef þú sérð að það eru fuglar í nágrenninu, þá er hægt að draga úr vinnslu á meðan," segir Unnur.

Spaðarnir á vindmyllum eru gerðir úr trefjaplasti sem slitnar við notkun. Unnur segir umræðuna um dreifingu örplasts hafa verið mikla fyrir nokkrum árum og að það hafi verið skoðað vel í löndunum í kringum okkur. Hún nefnir sem dæmi tölur frá Svíþjóð þar sem eru um það bil fimm þúsund vindmyllur í rekstri. Talið sé að þær sleppi frá sér samtals um 650 kílóum af örplasti árlega. Til samanburðar losni um átta þúsund tonn af örplasti frá sænskri bílaumferð á ári hverju.

> Það hafa ekki orðið deilur hérna innan sveitar um þetta mál ...

„Það verður að horfa á þetta í samhengi og það er svo margt í okkar daglega lífi sem í raun og veru losar miklu meira míkróplast en akkúrat þetta." Til viðbótar þessu vill Unnur nefna að Landsvirkjun hafi viðhaldið sínum aflstöðvum mjög vel og fyrirtækið muni gera það líka í þessu tilfelli til að halda plastlosun í lágmarki.

*Iðnaðarsvæði á aðalskipulagi*

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, segir sveitarfélagið hafa tekið þátt í vinnunni á bak við Búrfellslund frá upphafi. Þegar búið var að samþykkja verkefnið inn í rammaáætlun hafi það farið í aðal- og deiliskipulagsferli sem sé á ábyrgð sveitarfélagsins. Í aðalskipulaginu hafi svæðinu verið breytt í iðnaðarsvæði á meðan vinna við deiliskipulagið felist í að staðsetja vindmyllurnar, ákveða staðsetningu slóða og finna pláss fyrir tengivirki.

Nú sé Rangárþing ytra búið að afgreiða málið að miklu leyti frá þeim. Það sem eftir standi sé að taka til umfjöllunar innan stjórnsýslu sveitarfélagsins framkvæmdaleyfisumsókn frá Landvirkjun þegar hún berst. Þá þurfi jafnframt að stofna lóð í samráði við forsætisráðuneytið þar sem Búrfellslundur er á þjóðlendu.

*Sveitarfélög vilja endurskoða skattlagningu*

Jón segir sveitarfélög þar sem orkumannvirki eru staðsett bíða eftir nýju frumvarpi frá fjármálaráðherra sem muni hafa í för með sér breytingu á skattlagningu þessara bygginga. Samtök orkusveitarfélaga hafi farið í greiningarvinnu og komu fram með tillögur sem Jón reiknar með að hafðar verði til hliðsjónar.

Meðal þeirra atriða sem lögð hafa verið til sé að breyta skattlagningu þannig að tekjurnar skili sér ekki eingöngu til sveitarfélaganna þar sem orkumannvirkin eru staðsett, heldur einnig til nágrannasveitarfélaga sem verði fyrir áhrifum.

„Auðvitað hafa svona mannvirki áhrif, en það hefur verið þokkaleg sátt hérna í samfélaginu um staðsetninguna og um þessa uppbyggingu. Það hafa ekki orðið deilur hérna innan sveitar um þetta mál. Það hafa ekki komið upp vandamál gagnvart ferðaþjónustu og öðrum aðilum þar sem vindmyllur eru þekktar úti í hinum stóra heimi. Þetta mun alltaf hafa aðeins áhrif á umhverfið, en þetta er á röskuðu svæði – það er alveg óumdeilt," segir Jón.

*Skeiða- og Gnúpverjahreppur mótmælir*

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur verið gagnrýnin á fyrirhugaðan vindmyllugarð. Haraldur Þór Jónsson oddviti segir að árið 2015, þegar Búrfellslundur hafi verið tekinn fyrst til umfjöllunar hjá verkefnastjórn rammaáætlunar, hafi hún álitið þetta slæman kost vegna ferðaþjónustu og útivistar.

Landsvirkjun hafi tekið gagnrýnina til sín, minnkað vindorkugarðinn og sent verkefnið aftur á borð áðurnefndrar verkefnastjórnar árið 2020. Haraldur segir að þá hafi Búrfellslundur fengið enn verri niðurstöðu og að verkefnastjórnin hafi lagt til að Búrfellslundur yrði áfram í biðflokki, enda hafi vægi ferðaþjónustunnar tvöfaldast á þeim tíma. Alþingi hafi síðan breytt þeirri niðurstöðu og sett Búrfellslund í nýtingarflokk.



Landsvirkjun hóf tilraunaverkefni með tveimur vindmyllum norðan Búrfells árið 2013. Þær eru 77 metrar í hæstu stöðu, en áætlaðar vindmyllur í Búrfellslundi verða allt að 150 metra háar. Mynd / Landsvirkjun

Í hluta af upphaflegu útfærslunum hafi vindmyllugarðurinn átt að vera bæði innan vébanda Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Í núverandi útfærslu sé hann alfarið innan Rangárþings ytra, en þétt við sveitarfélagamörk að annars vegar Ásahreppi og hins vegar Skeiða- og Gnúpverjahreppi. „Þarna liggja þrjú sveitarfélög á beinu áhrifasvæði vindorkugarðsins og aðeins eitt þeirra fær stjórnsýslulega aðkomu að málinu," segir Haraldur.

*Takmörkun á gæðum nágrannahreppsins*

Af vindmyllunum hlotnist bein áhrif af hljóði og skugga yfir sveitarfélagamörk. Haraldur nefnir sem dæmi að ef stífla sé reist í einu sveitarfélagi og uppistöðulónið leiti yfir í annað sveitarfélag þurfi það að fara í gegnum skipulagsferli, enda hafi vatnið bein áhrif yfir sveitarfélagamörk. „Við viljum meina að skuggavarpið og hljóðmengunin sé takmörkun á landnotkun okkar sveitarfélags." Með því að staðsetja vindorkugarðinn svona sé verið að leggja slæmt fordæmi.

„Búrfellslundur er einungis örfáa kílómetra frá þjóðlendunni í Þjórsárdal þar sem Bláa lónið er í tugmilljarða uppbyggingu í ferðaþjónustu. Ef sú uppbygging væri búin, væri aldrei verið að tala um að byggja Búrfellslund, ekki frekar en menn ætli að byggja vindorkugarð nokkra kílómetra frá Gullfossi, Geysi, Seljalandsfossi eða Stuðlagili. Við verðum að horfa á stóru myndina. Það eru fjölmargir staðir á Íslandi sem henta mjög vel til að byggja upp vindorku án þess að fórna öðrum efnahagslegum gæðum sem eru verðmætari."



Haraldur Þór Jónsson hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

> Það er komið að skuldadögum í þessum málum. Við munum ekki sætta okkur við óbreytt ástand ...

Hann bendir á að í áliti Skipulagsstofnunar og í umhverfismatinu sem liggi til grundvallar Búrfellslundi hafi komið skýrt fram að ástæða þessa staðarvals væri nálægð við tengivirki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. „Nú er staðan sú að það er búið að hanna nýtt tengivirki tvo, þrjá kílómetra frá tengivirkinu í Sultartanga. Þar af leiðandi þarf ekki að tala við neinn nema Rangárþing ytra. Af því það þarf að byggja nýtt tengivirki þá gæti Búrfellslundur verið hvar sem er nálægt meginflutningsneti Landsnets."

*Ávinningur nærsamfélagsins enginn*

„Það er búið að selja þessa orku," segir Haraldur jafnframt og bendir

*Framhald á næstu opnu.*



Hjarta heimilisins
Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM 2000 – 2024

Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga LOKAÐ

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.




**Á þessari skýringamynd frá Landsvirkjun sést samanburður á fyrstu tillögunni að Búrfellslundi og þeirri sem stefnt er á að reisa. Upphaflega var lagt upp með 67 vindmyllur, en þeim hefur verið fækkað niður í allt að 30. Sjónarhornið er úr Skeiða- og Gúpverjahreppi, rétt norðan Búrfells.** Mynd / Landsvirkjun

á að Landsvirkjun hafi gert raforkusamning við landeldisfyrirtækið Laxey í Vestmannaeyjum upp á 22 megavött þar sem ein af forsendunum hafi verið að Búrfellslundur yrði kominn í notkun fyrir lok ársins 2026. „Búrfellslundur skilar engum störfum, hvorki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi né Rangárþingi ytra. Ávinningur nærsamfélagsins af vindorkugörðum er enginn,“ segir Haraldur og bendir á að viðhald í kringum vindmyllur sé það lítið að það sé ekki atvinnuskapandi.

„Við sem búum á landsbyggðinni borgum hærra verð fyrir rafmagn sökum dreifbýlisálags á dreifingu rafmagns. Þetta er enn eitt orkuverið sem á að byggja úti á landi þar sem á að flytja efnahagslegu áhrifin og ávinninginn inn í þéttbýliskjarnana á höfuðborgarsvæðinu eða þar sem er verið að byggja upp atvinnuna, lífsgæðin og verðmætu störfin. Við eigum bara að sitja eftir með undanþágu orkumannvirkja á tekjustofnum sveitarfélaga og við fáum ekki störfin. Þetta er algjörlega galið.

Ég hef sagt það í langan tíma að þessi sveitarfélög úti á landi sem eru með orkumannvirki eru eins og þriðja heims ríki þar sem aðrar þjóðir koma og taka auðlindirnar og fara með þær. Uppsett afl sem framleitt er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er yfir 500 megavött. Það er nóg fyrir öll heimili og fyrirtæki á Íslandi ef þú undanskilur þessa ellefu viðskiptavini sem eru stórnotendur. Ávinningur okkar af þessari starfsemi er ekki til staðar. Það er komið að skuldadögum í



**Erlendis eru vindmyllur algeng sjón og ef áform ná fram að ganga munu þær sjást víða á Íslandi innan örfárra ára. Björg Eva hjá Landvernd skilur af hverju fólk fyllist ugg þegar fjöldi orkuvera eru á teikniborðinu samtímis.** Mynd / Timur Garifov - Unsplash





Björg Eva Erlendsdóttir hjá Landvernd.

þessum málum, við munum ekki sætta okkur við óbreytt ástand.“

Haraldur segir að staðan væri allt önnur ef samfélögin á áhrifasvæði orkumannvirkjanna myndu njóta ávinningsins. Fólki hafi fækkað úti á landsbyggðinni undanfarna áratugi, fyrir utan smávægilegan viðsnúning undanfarin ár vegna ferðaþjónustunnar. Þessum fólksflótta hefði verið hægt að snúa við ef landsbyggðin hefði notið sanngjarnari hlutdeildar í þeim auðlindum sem séu þar.

***Villta vestrið í vindorkuáformum***

Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, segir samtökin kalla eftir því að heildarstefnumótun fyrir vindorku á Íslandi verði kláruð áður en farið verði í framkvæmdir. „Það lítur út eins og það sé nokkurn veginn villta vestrið í gangi í vindorkuáformum vegna þess að það er alltaf verið að tala um hærri og hærri möstur, fleiri og fleiri garða með ótrúlega mörgum myllum vítt og breitt um landið.

Ég held að fólk fyllist ugg og verði argara út í hvert einasta vindorkuver út af því að það er allt of mikið í gangi í einu. Það er verið að þyrla upp rosalegu moldviðri í kringum þetta með því að hleypa umræðunni og undirbúningnum svona langt af stað án stefnumótunar,“ segir Björg Eva. Eitt af því sem Landvernd hafi viljað sé að það yrðu afmörkuð svæði fyrir vindorku áður en henni yrði hleypt af stað.

Þótt vindorkuverið við Vaðöldu ofan Búrfells sé á röskuðu svæði sé ótvírætt að hin sjónrænu áhrif nái langt inn á hálendið. Þó sé ekki verið að ráðast á verulega gróið land eða óraskaðar heiðar og orkuverið sé staðsett á framkvæmdasvæði þar sem innviðir séu til staðar, stutt í línur og vegi, ásamt því sem skammt er í jöfnunarorku.

***Orkan fari ekki til loftslagsmála***

Mikið sé þrýst á að efla orkuframleiðsluna til að Ísland geti farið í orkuskipti og staðið við sínar skuldbindingar í loftslagsmálum. Björg Eva segir að eitt af því sem Landvernd hafi gagnrýnt mest sé hins vegar að nánast öll ný orka sé seld annað, til dæmis í rafmyntagröft eða til gagnavera sem séu farin að nota meiri orku en heimilin. „Það fer ekki saman hljóð og mynd þar sem menn eru að segja að þeir vilji gera þetta allt saman af umhverfisástæðum. Áfram er staðan sú að áttatíu prósent orkunnar fer til fárra stórnotenda og alls ekki til loftslagsmála.“ Landvernd vilji frekar að dreifikerfið verði lagað þannig að orkan fari ekki til spillis og hægt verði að beina henni þangað sem hana vantar, einkum og sér í lagi út af umhverfisþáttum.

Landvernd hefur jafnframt verið gagnrýnin á áform erlendra einkaaðila um að reisa vindorkuver á Íslandi. „Það gefur augaleið að einhverjir fjárfestar úti í heimi eru mun ólíklegri til þess að hugsa um náttúruna á Íslandi, heldur en Íslendingar sjálfir og opinberir aðilar sem hægt er að krefjast að hafi eigendastefnu og komi fram við náttúru landsins af ábyrgð.

> „Það er mun erfiðara að gera kröfur á ókunna fjárfesta í skattaskjólum en á fyrirtæki í eigu okkar allra ...“

Við höfum séð þetta fara illa í öðrum löndum. Þegar eigendahópur er þannig samsettur að það næst ekki einu sinni í hann þá er maður ekki í góðum málum og það er mun erfiðara að gera kröfur á ókunna fjárfesta í skattaskjólum en á fyrirtæki í eigu okkar allra. Náttúran er sameign okkar allra, undirstaða lífsins en ekki leikvöllur stórfyrirtækja með óljóst eignarhald og gróðann einan að markmiði,“ segir Björg Eva.

***Ganga þurfi frá lausum endum***

„Ég heyri að sveitarfélög eru líkleg til að rífast um þetta líka af fjárhagslegum sjónarmiðum. Sveitarfélög sem fá ókostina en ekki peningana verða mjög reið og hafa talað um að kæra, en sveitarfélög sem fá peninga eru ánægðari.“ Reikna megi með meiri deilum um vindinn en vatnið því vindorkuver hafi áhrif út fyrir sveitarfélagamörk og landið sem þær standa á.

„Þetta getur skiljanlega orðið verulegt þrætuepli, bæði á milli sveitarfélaga og ríkisins og á milli ólíkra sveitarfélaga. Þetta sýnir enn betur þörfina á því að hafa almennilega stefnumótun og ganga frá öllum endum áður en vaðið er af stað í orkuskorti sem er ekki orkuskortur.“ Björg Eva gerir fastlega ráð fyrir að ríkisstjórnin sé komin vel á veg með vinnu að stefnumótun um vindorku og því ætti að vera hægt að bíða með upphaf framkvæmda þangað til að þeirri vinnu verður lokið.

„Það þarf greinilega að undirbúa þetta miklu betur og ríkið þarf að ná sátt við sveitarfélögin en fyrst og fremst almenning. Ríkið þarf líka að sýna það að það sé verið að vinna að hagsmunum Íslendinga í sátt við náttúruna, vegna þess að við erum öll sammála um að hún er það verðmætasta sem við eigum.“

Björg Eva segir að það þurfi að vera á hreinu í stefnumótuninni hvenær víðerni séu víðerni, en þau séu ekki eingöngu á miðhálendinu. Ef hálendið verði varið megi heldur ekki líta svo á að það megi setja vindmyllur alls staðar annars staðar. „Það er ekki þannig að íslensk náttúra sé þannig uppbyggð að miðhálendið eitt sé dýrmætt og verðmætt og hitt sé allt drasl. Heiðarnar eru í hættu vegna þess að þetta er að teiknast upp úti um allt.“

Aðspurð telur Björg Eva heppilegustu staðina til að byggja upp vindorkugarða vera í námunda við stóriðju og iðnaðarsvæði. „Það væri sjálfsagt minnstur skaðinn af því ef þú ætlar að snúa upp á höndina á mér, en ég myndi fyrst vilja halda því til haga að eins og þessum orkuskorti meinta er lýst, þá er hann að verulegu leyti þvæla og græðgi í að éta alla kökuna í einu án tillits til framtíðarinnar.“




GOES TERROX 500L

*Gæðahjól á góðu verði*

Goes Terrox 500L er tveggja manna fjórhjól með 495 kúbika mótor með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók og sætisbaki. Sjálfstæð tvöföld A-arma fjöðrun, hátt og lágt drif með læsingu, fjórhjóla- eða afturdrifið. CVT kúpling, 25 tommu dekk, 14 lítra bensíntankur. USB tengi, stuðarar framan og aftan og geymsluhólf að aftan. Götuskráð á hvítum númerum T3b. Heildarþyngd 382 kg.



1.199.000,-

Goes fjórhjólin hafa verið seld á Íslandi í nokkur ár við góðan orðstýr. Í janúar á þessu ári keypti CFMOTO sem hafa séð um framleiðslu á vélbúnaði hjólanna Goes merkið af frönsku eigendunum. CFMOTO mun í framtíðinni sjá um alla framleiðslu á Goes. Stefna þeirra er að bjóða upp á gæðahjól á góðu verði og verður Nítró nýr innflutningaðili fyrir Goes á Íslandi með umboðsmenn víða um land.

NITRO

Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Umboðsaðilar:
**Kaupfélag Skagfirðinga**, Sauðárkróki.
**Suður England**, Selfossi. **Bikevik**, Reykjanesbæ,
**AB varahlutir**, Egilsstöðum.

## Sumar 2024:

# Gerum okkur dagamun

**Nú eru síðustu hátíðir sumarsins að líta dagsins ljós og með því til hliðsjónar er hér örlítið yfirlit yfir nokkrar þær skemmtanir og húllumhæ sem má finna hérlendis.**

Hér til hliðar má sjá brot af því helsta sem er á döfinni í lok ágúst og byrjun septembermánaðar fyrir þá sem vilja gera sér dagamun, en uppákomur næstu vikna verða á dagskrá í næstu blöðum. Hér er um auðugan garð að gresja og næsta víst að ekki komist allt á lista.

Fyrir þá sem vilja koma á framfæri hvers konar skemmtunum, opnunum eða uppákomum, má hafa samband í gegnum netfangið sigrunpeturs@bondi.is og við reynum okkar besta til að koma því að.

***Í túninu heima í Mosfellsbæ***

Hátíðin Í túninu heima verður sett fimmtudaginn 29. ágúst og verða fjölbreyttir viðburðir í boði að vanda alla helgina. Má þar nefna garðtónleika, markaði, fornvélahátíð, íþróttaviðburði og margt fleira. Á föstudagskvöld safnast íbúar saman í götugrill áður en haldið er í skrúðgöngu og brekkusöng í Álafosskvos sem telur oft þúsundir manna.

Hápunktur hátíðarinnar er á laugardagskvöld þegar stórtónleikar fara fram á Miðbæjartorgi þar sem bæði landsþekktar hljómsveitir og heimafólk stíga á svið. Breyting verður í ár en flugeldasýning sem björgunarsveitin Kyndill hefur staðið fyrir að loknum tónleikum verður ekki á dagskrá. Tekur sú ástæða til nokkurra þátta, erfitt er að finna heppilega staðsetningu auk þess sem taka þarf tillit til umhverfis, dýra og manna. Kyndill verður annars áfram mikilvægur þátttakandi í framkvæmd Tindahlaupsins sem fram fer á laugardeginum og lýsir upp Álafosskvos með blysum í brekkusöngnum á föstudagskvöld. Sveitamarkaður hefst svo á sunnudaginn, í raun framhald af markaðnum sem er alltaf á sumrin í Mosfellsdal – og ætti að gleðja marga.

***Ljósanótt Reykjanesbæjar***

Menningar- og fjölskylduhátíðin Ljósanótt verður nú haldin dagana 5.–8. september. Hátíðin, sem var fyrst hrundið af stokkunum um aldamótin síðustu, er tileinkuð lýsingu á sjávarhömrum „Bergsins“, þann hluta Hólmsbergs, sem snýr að Keflavík og dregur nafn sitt af þeim viðburði. Var ljósaverkið upphaflega unnið eftir hugmynd Steinþórs Jónssonar, þáverandi bæjarfulltrúa og fyrsta formanns Ljósanæturnefndar.

Er vaninn að á laugardagskvöldinu eftir myrkur séu ljósin á Berginu kveikt og svo flugeldasýning í kjölfarið.

Margt verður um að vera að venju enda hátíðin löngu fest í sessi. Heimatónleikar munu fara fram í Gamla bænum þar sem listamenn koma fram á nokkrum heimilum í Reykjanesbæ og spila fyrir almenning ýmist úti á palli eða inni í stofu gestgjafanna, fyrst klukkan 21 og svo aftur kl. 22. Í ár koma fram þau Júníus Meyvant, Andrea Gylfadóttir, Jón Jónsson, Herbert Guðmundsson, Sucks to be you Nigel og Bjartmar og Bergrisarnir og er miðasala á tix.is.

Hið vinsæla Ljósanæturhlaup fer fram að venju og er bæði rás- og endamark við Sundmiðstöð Reykjanesbæjar og er um mismunandi vegalengdir að ræða, eftir hentugleika hvers og eins. Taka skal fram að 500 kr. af hverri skráningu renna í Minningarsjóð Ölla. Styrkir sá sjóður börn til íþróttaiðkunar sem ekki eiga kost á því vegna bágrar fjárhagsstöðu foreldra eða umsjónarmanna. /sp



**Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, er afar vinsæl enda eitthvað fyrir alla. Hér njóta gestir brekkusöngs í Álafosskvosinni.** Myndir Í túninu heima / Thule Photo og hátíðarhaldarar.



**Allir ættu að finna skemmtan við sitt hæfi á Ljósanóttinni.** Myndir Ljósanætur / Reykjanesbær



**Það er líf og fjör á Ljósanótt.**



**Ljósanæturdýrðin er engu lík.**

# Ágúst–september

## Fimmta helgin, 30. ágúst –1. september

**Nú fer hver að verða síðastur að heimsækja Salthúsmarkaðinn á Stöðvarfirði sem opnaði dyr sínar þann 18. júní, en opið verður alla daga í sumar frá kl. 10–17.** Er markaðurinn rekinn af félagi eldri borgara á Stöðvarfirði, en versla má m.a. íslenskt handverk, bakstur og annað. Fyrir heimsóknir utan venjulegs opnunartíma má hringja í 8960349/8938861.

**Akureyrarvaka verður haldin hátíðleg 30. ágúst–1. september** og mega gestir búast við fjölbreyttum uppákomum og skemmtilegum upplifunum að venju.



**Í túninu heima er árleg bæjarhátíð Mosfellsbæjar sem haldin verður dagana 29. ágúst–1. september.** Mikið verður um að vera að vanda, garðtónleikar, markaðir, skrúðganga og margt, margt fleira sem ætti að gleðja alla fjölskylduna.

**Dagana 30.–31. ágúst fer fram hin geysiskemmtilega blúshátíð Patreksfirðinga, Blús milli fjalls og fjöru.** Afar álitlegt úrval tónlistarmanna verður á svæðinu og í minningu „Blúskóngs Íslands“, Halldórs Bragasonar, mun allur ágóði af sölu bols hátíðarinnar fara óskertur til Ljóssins. Bolinn er einnig hægt að versla yfir netið og fá sendan eftir hátíðina.



**Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli verður haldin 29. ágúst–1. september** og eins og nafnið felur í sér munu gestir njóta góðs af ilmandi kjötsúpu, en svokallað súpurölt er fastur liður í hátíðinni. Til dæmis mun hljóðlaust diskótek skemmta yngri kynslóðinni á fimmtudeginum, naflahlaup fer fram á laugardeginum auk þess sem tívolí opnar, markaðir af ýmsu tagi verða í gangi og ljósabolti gleður gleður fólk á sunnudeginum þar sem spilað verður í myrkri með sjálflýsandi bolta og hægt verður að kaupa sér góðgæti í sjoppunni hjá tíunda bekk. Kjötsúpuball verður að sjálfsögðu á laugardagskvöldinu og mikið stuð, en einnig verða önnur tónlistaratriði í gangi um helgina.

**Myndasöguhátíð Siglufjarðar mun nú í fyrsta skiptið fara fram 30. ágúst til 1. september 2024.** Þar verða bæði íslenskir og erlendir listamenn sem með samfélaginu á Siglufirði setja upp einstakan viðburð í kringum menningu myndasögunnar. Til dæmis verða fyrirlestrar í boði, sýningarbásar, vinnustofa í borðspilum og sögusýning um Siglufjarðarprentsmiðju sem prentaði hvorki meira né minna en fyrstu myndasögurnar á íslensku. Sýndar verða einnig teiknimyndir fyrir börn auk þess sem raftónlistarflutningur og dragsýning verða í gangi. Eitthvað sem enginn má missa af.

## Fyrsta helgin 6.–8. september



**Menningarhátíðin Haustgildi verður haldin á Stokkseyri dagana 7.–8. september.** Haustgildi er uppskeruhátíð í víðri merkingu sem fagnar hausti og uppskeru með það að markmiði að tvinna saman menningarviðburði og markað í fjölskylduvæna upplifun við ströndina. Markaður, upplestur, gallerí og vinnustofur, matur og drykkur eru í forgrunni auk hinna ýmsu tónlistaratriða. Lay Low verður með tónleika í Stokkseyrarkirkju á laugardeginum, Íslandskór frá Hollandi þenur raddböndin sama dag og fleiri. Bókaupplestur og ritsmiðja fyrir börn verður í boði enda tíu ára afmæli Bókabæjanna austanfjalls. Nánari dagskrá er að finna á www.haustgildi.is.

**Hin alkunna menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar, Ljósanótt, fer nú fram í tuttugasta og fjórða skipti dagana 5.–8. september.** Hún er haldin fyrstu helgina í september ár hvert og er áhersla lögð á viðamiklar uppákomur frá fimmtudegi til sunnudags þótt hátíðin teygi stundum anga sína út fyrir þann ramma. Meðal þess sem verður í boði eru listsýningar og tónleikar af ýmsu tagi auk stórkostlegrar flugeldasýningar, auk þess sem **Ljósanæturhlaupið** fer fram nokkru fyrir helgi, eða miðvikudaginn 4. september kl. 18.30.

**Ógleymanlegir sólseturstónleikar verða haldnir þann 7. september í nyrsta þorpi Íslands, Raufarhöfn.** Mun hljómsveitin Skálmöld þenja raddböndin og strengi við Heimskautsgerðið, innan höfuðátta víðáttunnar og einstakrar birtu. Mögulegt er að eldspúandi dreki verði á staðnum og er næsta víst að viðburðurinn verður eftirminnilegur, en ágóði tónleikanna fer í áframhaldandi uppbyggingu Heimskautsgerðisins. Miðasala fer fram á tix.is.



**Heimskautsgerðið.** Mynd / Wikipedia, Eysteinn Guðni Guðnason






Við hjá Kælitækni höfum verið að selja varmadælur frá Midea í langan tíma og hafa þær komið einstaklega vel út hvað varðar endingu.
Bjóðum bæði upp á loft í loft og loft í vatn varmadælur.
Endilega hafðu samband við okkur og við finnum réttu dæluna fyrir þig.

Kælitækni

www.kælitækni.is

**Besti vinur blóma og berja.**
**Ylplast fyrir sólskála, gróðurhús og þakglugga**

Signa Fást




Signa ehf | Bæjarflöt 19-o, 112 Rvk | www.signa.is | 544 45 45 | signa@signa.is

# Berjaflóra Íslendinga



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Ber eru nú í óðaönn að stinga upp kollinum og alltaf notalegt að fara eins og einu sinni í berjamó ef veður leyfir.**

Við landsmenn eigum ágætis berjaflóru ef vel er að gætt og leynast breiðurnar víðs vegar um landið. Berin þroskast frá júlí fram til septemberloka, eftir því hvernig árferðið er.

Flestir þekkja krækiber, bláber og svo sólber og rifsber, en gaman er að segja frá því að einnig finnast villt jarðarber, hrútaber og skollaber sem vel má nýta í sultur eða með rjóma og sykri – að undanskildum skollaberjunum sem þykja þurr og bragðlítil. Á móti kemur að úr berjum reynitrjáa sem hentug hafa þótt í túttubyssustríðum má gera afar gómsætt hlaup eða sultu þó ekki sé mælt með að neyta þeirra hrárra. Gæta skal þess þó að leggja þau í þriggja daga bleyti fyrst og skipta um vatn daglega til þess að útkoman verði ekki römm.

Í Tímanum þriðjudaginn 19. september 1939 birtist uppskrift að reyniberjasultu sem ágætt er að reyna. Þykir sumum afar hátíðlegt að gæða sér á henni með jólasteikinni.

*„Tiltölulega fáir munu kunna að hagnýta sér reyniber, en úr þeim má þó meðal annars búa til ágæta sultu. Tíminn flytur hér fyrirsögn um tilbúning slíkrar sultu.*

*Reyniberjasulta.*
*½ kg reyniber,*
*½ kg sykur,*
*1 bolli vatn.*

*Berin eru söxuð og látin í pott ásamt sykrinum og vatninu. Þetta er svo látið standa í nokkra daga (ekki á köldum stað). Síðan soðið við góðan hita í hálfa klukkustund. Lokið er ekki haft á pottinum. Þá er sultan látin í glös eða þau önnur ílát sem hún á að geymast í, en ekki skal loka glösunum fyrr en sultan er orðin köld.“*



**Berjatínur eru bráðnauðsynlegar ef áætlað er að ganga rösklega til verks. Þarna er full skál af blöndu bláberja og aðalbláberja.** Mynd / DB.



**Reyniberin koma skemmtilega á óvart.** Myndir / Wikipedia.



**Krækiberin finnast víðs vegar um land.**

Krækiberin eru hvað auðveldust að finna í berjamóum hérlendis enda harðger jurt og ein af þeim algengari á Íslandi. Hafa menn gert úr þeim sultur, saft og áfenga drykki um alllangt skeið sem hressa menn og kæta, en til viðbótar eru þau afar járnrík og þykir neysla þeirra góð við blóðleysi.



**Sólber má nota við saft eða sultugerð en þau eru afar C-vítamínrík.**



HEIMILIÐ

**Nýting reyniberja.**

Reyniberin standa um þessar mundir hárauð á hverri reynihríslu, í görðum og þar sem þær vaxa á víðavangi. Tiltölulega fáir munu kunna að hagnýta sér reyniber, en úr þeim má þó meðal annars búa til ágæta sultu. Tíminn flytur hér fyrirsögn um tilbúning slíkrar sultu.

**Reyniberjasulta.**
½ kg. reyniber,
½ kg. sykur,
1 bolli vatn.

Berin eru söxuð og látin í pott ásamt sykrinum og vatninu. Þetta er svo látið standa í nokkra daga (ekki á köldum stað). Síðan soðið við góðan hita í hálfa klukkustund. Lokið er ekki haft á pottinum. Þá er sultan látin í glös eða þau önnur ílát, sem hún á að geymast í, en ekki skal loka glösunum fyrr en sultan er orðin köld.

**Uppskrift að reyniberjasultu frá árinu 1939.** Mynd / Timarit.is

Bláber eru ein vinsælustu berin og hafa þótt sælgæti frá því elstu menn muna, enda fátt betra en bláber með sykri og rjóma. Berin þykja að auki góð fyrir sjónina og gegn sykursýki. Þau finnast víða, í mólendi, votlendi og skóglendi.

Náskyld þeim eru svo aðalbláberin sem eru mun dekkri að lit en bláberin. Þau eru algengust á Vestfjörðum og fyrir norðan, til að mynda í Svarfaðardal. Þau þykja góð við bólgum í tannholdi og hálsi og einnig hefur komið í ljós að þau henta betur til víngerðar en hið almenna bláber vegna þess hversu tannínrík þau eru.

Te af laufum beggja tegundanna þykir gott til neyslu enda bakteríudrepandi og bólgueyðandi, þá sérstaklega aðalbláberin sem eiga að þykja góð við ristilbólgum. Hins vegar skal muna að fersk berin örva frekar meltinguna en annað og ráðlegt að gæta hófs í átinu.

Hrútaber una sér best í skóglendi en þau eru rauð að lit og sæt og góð á bragðið. Finnast breiður af þeim á Snæfellsnesi, en annars nokkuð vel á landsvísu. Segir þjóðtrúin að jarðrenglur bersins megi nýta til að fjötra illa vætti og því nefndar skollareipi. Þau eru rík af C-vítamíni, góð til sultugerðar auk þess sem te úr jurtinni þykir gott við lausum hægðum.

Skollaber eru sjaldgæf þótt þeirra sé getið í dagblöðum frá um hundrað árum síðan. Berin, sem eru dökkrauð að lit, má finna bæði á Vestfjörðum, nyrst Eyjafjarðar, á Snæfellsnesi, nyrst á Austfjörðum og jafnvel á Reykjanesskaganum, í þéttum breiðum á litlum blettum í láglendi innan um lyng og kjarr og teljast berin vart sem nytjaplöntur, enda bæði þurr og bragðlítil. En ef til vill þekkir einhver hvernig þau má nýta sem best.

Rifsber og sólber finnast helst í byggð, enda vinsælar tegundir í görðum. Eitthvað er þó um að þau vaxi villt, en sjaldnast fjarri mannabyggðum. Sólberin eru afar dökk að lit, svarfjólublá og sérstaklega rík af C-vítamíni. Berin hafa löngum þótt óskaplega góð til saft- og sultugerðar, og jafnvel í te en laufið hefur verið nýtt til lækninga. Rifsberin eru þekkt fyrir að þrífast vel og geta runnarnir borið allt að 8 kg árlega. Líkt og sólberin eru þau rík af C-vítamíni en innihalda einnig K-vítamín sem m.a. hægja á beinhrörnun með því að draga úr kalktapi. Við sultugerð er mælt með því að tína berin með stilkum, en þeir innihalda hleypiefni og nýtast fullkomlega í stað gervihleypiefna sem gjarnan eru notuð við sultugerð.

Villt jarðarber má finna víða um landið þótt sjaldgæf séu. Berin kjósa að snúa móti sólu, eru smágerð og sæt, stútfull af andoxunarefnum, C- og K-vítamínum auk magnesíum og hafa fundist hérlendis a.m.k. frá árinu 1781. Þá var þeirra getið í Grasnytjum síra Björns Halldórssonar frá Sauðlauksdal, en hann mærir berin og segir meðal annars um þau:

*„Hrá berin, með sykri, mjólk eða víni, þykja sælgæti og þó halda menn þau hollari með sykri og víni en með feitri mjólk.“*



**Skollaber eru víst óæt þó falleg séu.**



**Villt jarðarber eru afar sæt og góð.**



**Jarðrenglur hrútaberjanna fjötra illa vætti ef trúa má þjóðsögum.**



**Rifsberjaklasi af bestu gerð.**




Husqvarna®
HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is


NÝTT OG BETRA
POLARIS
SPORTSMAN
6X6
Á NÝJU OG BETRA VERÐI
• Nýr framendi • Aukin burðargeta
• Sterkari grind • LED Framljós o.fl
STORMUR EHF
Klettháls 15 Reykjavík • Óseyri 4 - Akureyri
Sími: 5771717
SPORTSMAN 6X6 570 EPS LE
Verð: 3.690.000 kr.-
SPORTSMAN 6X6 570 EPS
Verð: 3.490.000 kr.-
150.000 KR.-
FORSÖLU AFSLÁTTUR
Í SEPTEMBER



Kjötmjöli dreift um mela á Rangárvöllum þar sem gróðurinn berst við að ná fótfestu. Hekla í baksýn. Októ Einarsson skógarbóndi hefur lengi unnið að uppgræðslu á jörðum sínum á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra. Myndir / Aðsendar



Októ Einarsson ætlaði í upphafi að planta einni trjáplöntu fyrir hvern Íslending en nú eru þær orðnar um 800.000 talsins.



Hér sést greinilega við hvers konar landslag er að eiga. Máni Jósefsson hjá Nautás ehf. á Sjónarhóli dreifir tilbúnum áburði í ósléttu hrauninu.

## Landgræðsla:

# Sáir lífi í sandi orpið hraun

### – Októ Einarsson ræktar upp land á Rangárvöllum



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

**Á jörðum sínum að Heiðarlæk, Heiðarbrekku og Heiðarbakka í Rangárþingi ytra hefur Októ Einarsson um árabil lagt gjörva hönd að stöðvun jarðvegsrofs og vistendurheimt í samvinnu við fleiri. Hluti landsins er illa farinn af jarðvegsrofi eins og raunin er víða á þessum slóðum.**

Októ er fæddur árið 1962 og nam viðskipta- og markaðsfræði í Bandaríkjunum. Hann starfaði við innflutning, heildsölu og framleiðslu í hartnær fjóra áratugi, þar af um 22 ára skeið sem stjórnarformaður Ölgerðarinnar, þar sem hann lét af stjórnarformennsku í sumarbyrjun. Nú er hann því að fullu genginn inn í það hlutverk að vera skógarbóndi.

Hann hlaut landgræðsluverðlaun vorið 2023 fyrir landgræðslu- og skógræktarstarf sitt. Sagði m.a. í umsögn Landgræðslunnar að hann hefði sýnt mikið frumkvæði og verið fyrirmynd annarra landeigenda í landgræðslu.

### *Landgræðslumaður í ríflega áratug*

„Ég er að græða land og gróðursetja tré á Rangárvöllum í Rangárþingi Ytra,“ segir Októ. „Ég byrjaði lítillega í skógrækt að Heiðarlæk árið 2012 og svo landgræðslu 2015. Samtals eru jarðirnar 860 hektarar og má segja að landgæði séu þar æði misjöfn. Um helmingur er vel gróið land, m.a. tún og heiðin. Hins vegar er hinn helmingur landsins mjög illa farinn, líkt og land víða á Rangárvöllum,“ segir hann. Jarðvegsrof sé þar mjög víða þó að Landgræðslan hafi unnið þrekvirki í gegnum árin.

„Þar sem áður var lífrænn jarðvegur og gróið land er nú víða sandi orpið hraun,“ útskýrir Októ. Megi þar til dæmis nefna að íbúar bæjarins Heiði, sem sé næsti bær við Heiðarlæk, hafi gegnum aldirnar þurft að flýja fimm sinnum undan sandinum sem lagðist yfir tún og spillti þar búskap.

### *Tvö hundruð hektarar*

Að sögn Októs er uppgræðslan í landi hans orðin rúmlega 200 hektarar. „Þetta vor dreifðum við 40 tonnum af kjötmjöli í bland við 20 tonn af hænsnaskít og 12 tonnum af tilbúnum áburði,“ segir hann. Hvað trjáplöntun viðvíkur hafi verið gróðursett 105.000 tré í vor og önnur 65.000 sett niður með hausti.

Margir fleiri koma að verkefninu að sögn Októs; ráðgjafar frá Landi og skógum, verktakar í jarðvinnslu og áburðardreifingu og góður hópur í gróðursetningu. Hans hægri hönd hafi svo verið Ellert Marísson skógfræðingur.

Landið er víða erfitt yfirferðar og segir Októ því talsverða áskorun að koma áburði og trjám um svæðið.

„Ég hef oft sagt í gríni að landgræðsla, og þó sérstaklega skógrækt, sé spurning um áfallastjórnun. Ég man að í upphafi, er ég var heimsóttur af fólki frá Skógræktinni og var að kvarta yfir lélegum vexti trjánna, var sagt við mig í léttum tón að ég væri „týpískur byrjandi, alveg farinn á taugum“. Mér finnst í raun fæst ganga alveg eins vel og ég vildi en viðurkenni fúslega að þegar ég skoða myndir frá því að ég byrjaði á þessu hefur gróðurfarið breyst til mun betri vegar,“ segir hann.

Markmiðið Októs í landgræðslunni er að koma í veg fyrir frekari eyðingu gróðurs og jarðvegs með því að mynda sjálfbæra gróðurþekju. Yfirleitt er áburði dreift í tvö sumur, birki eða öðru plantað annað eða þriðja sumarið og áburði í sumum tilfellum aftur dreift á svæðið hið fjórða. Októ hefur einnig jafnað út hvítavikurgryfjur, dreift í þær áburði og kjötmjöli og svo sáð grasfræi í.

„Þegar búið er að „hemja“ sandinn eins og hægt er fylgir gróðursetning trjáa í kjölfarið. Þar nota ég helst birki sem er góður undanfari frekari skógræktar fyrir næstu kynslóðir,“ bætir hann við.

### *Tvö tré á hvern Íslending*

Um það hvers vegna hann hafi upprunalega farið út í landgræðslu segist hann í grunninn hafa langað að láta gott af sér leiða með einhverjum hætti. „Mér finnst einnig landið fallegra gróið þó að ég vilji ekki sjá hálendisauðnirnar öðruvísi en þær eru í dag. Auðvitað mun þetta bras mitt með tíð og tíma minnka eitthvað jarðvegsfok eins og voru tíð hér áður og þekkjast enn í þurrum norðan- og norðaustanáttum.

> „Upphaflega var takmark mitt að gróðursetja eitt tré fyrir hvern Íslending ...

Upphaflega var takmark mitt að gróðursetja eitt tré fyrir hvern Íslending, en í dag eru trén orðin um 800.000 sem hafa verið gróðursett,“ segir hann enn fremur.

### *Ánægður með Land og skóg*

Hvernig skyldi honum svo lítast heilt yfir á uppgræðslu- og skógræktarmálin í landinu nú um stundir?

„Mér líst mjög vel á þau,“ svarar hann að bragði. „Ég er sannfærður um að sameining Skógræktarinnar og Landgræðslunnar eigi eftir að gagnast öllum sem að þessum verkefnum koma, bæði starfsfólki, skógarbændum og öðrum. Mín reynsla af samvinnu við báðar þessar stofnanir hefur verið með eindæmum góð. Jákvætt, leiðbeinandi og almennt skemmtileg fólk til að vinna með. Það helsta sem ég gæti kvartað yfir er skilningsleysi stjórnvalda á því hvað þessi unga atvinnugrein fær æ minna fjármagn undanfarin ár til þess að græða landið,“ segir Októ að lokum.



Næstu kynslóðir gleðjast: barnabarn Októs, Steinar Darri Veigarsson, 18 mánaða, dáist að uppgræðslunni og á kannski eftir að hjálpa til einn daginn.



# Viltu fylla mýrina þína lífi á ný?



Við veitum ráðgjöf í síma **570 5550**
og tökum á móti styrkumsóknum
á **landogskogur.is**

Það er hægt með
endurheimt votlendis!

Land og skógur



# Landbúnaður



Límtréshús



Bogahús



Bogaskýli



Yleiningar, skrúfur og áfellur



Stálgrindarhús

**Hýsi-Verkheimar ehf.** | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700 | hysi@hysi.is | hysi.is | hysi.is

HÝSI
BYGGJUM BETUR



Rafn Bergsson og Majken Egumfeldt-Jörgensen eru alsæl með aðstæðurnar í fjósinu á Stóru-Hildisey 1. Myndir / smh

## Austurland:

# Flytja að Stóru-Hildisey 1

### – Rafn Bergsson og Majken Egumfeldt-Jörgensen færa sig til og auka framleiðslu sína

**Sigurður Már Harðarson**
smh@bondi.is



**Rafn Bergsson, formaður deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, og kona hans, Majken Egumfeldt-Jörgensen, hafa fært sig um set í Austur-Landeyjum og eru flutt á Stóru-Hildisey 1 frá Hólmahjáleigu.**

Þau segjast hafa formlega flutt 20. júlí en Majken segir að í raun hafi ferlið tekið um eitt ár frá því að fyrsta tilboð var gert.

*Vinnumaður á næsta bæ keypti Hólmahjáleigu*

Skrifað var undir kauptilboð í byrjun febrúar fyrir Stóru-Hildisey 1. „En fyrirhuguð viðskipti voru þá auðvitað með þeim fyrirvara að við seldum okkar jörð, þannig að þetta tekur allt sinn tíma," bendir Rafn á.

Þau þurftu hins vegar ekki að leita langt eftir kaupanda, því Bretinn Jack Willam Bradley, sem var vinnumaður á nágrannabænum, Stóru Hildisey 2, og unnusta hans, Rebekka Karolína Björgvinsdóttir, ákváðu að hefja búskap saman og kaupa Hólmahjáleigu.

*Byrjuðu frá grunni*

„Við tókum við Hólmahjáleigu árið 2005, af foreldrum mínum og þar eru mínar rætur. Þá var reyndar engin mjólkurframleiðsla en kvótinn hafði verið seldur þremur árum áður. Búið var að breyta fjósinu í hesthús – þannig að við byrjum í kúabúskap frá grunni því þar lá okkar áhugi.

Við keyptum því kýr og kvóta og settum upp rörmjaltakerfi – og má segja að við höfum farið erfiðu leiðina. En við byggðum okkur upp hægt og bítandi; vorum komin með lausagöngu og mjaltaþjón," útskýrir Rafn.

Þau segja á á þetta löngum tíma hafi laun erfiðisins loksins skilað sér í því að þau voru komin í þá aðstöðu að geta svipast um eftir möguleikum á stækkun og voru í raun að huga að stækkun Hólmahjáleigu þegar Stóra-Hildisey 1 var auglýst til sölu – og þau ákváðu að stökkva á það góða tækifæri. „Það er ekkert launungarmál að maður hefur horft á Stóru-Hildisey með ákveðinni aðdáun enda að öllu leyti fyrirmyndarbú sem við tökum við. Þegar við skoðuðum dæmið þá var þetta langhagstæðasti kosturinn miðað við okkar forsendur til að komast í betri og nýrri aðstöðu.

*Umtalsverð aukning*

Breytingar verða talsverðar á umfangi búrekstrar með flutningum Rafns og Majken. „Þetta er umtalsverð aukning. Við tókum með okkur um 50 þúsund lítra í greiðslumarki en bara fimm kýr að gamni," segir Rafn og Majken bætir við að það hafi verið þeirra uppáhaldskýr.

Jörðin á Stóru-Hildisey er 300 hektarar að stærð og ræktað land 107 hektarar. Tóku þau við búinu með um 70 kúm og samanlagður kvóti verður rúmir 500 þúsund lítrar, en í Hólmahjáleigu voru þau með um 326 þúsund lítra kvóta.

Svo er hérna svolítið nautaeldi líka sem við vorum áður ekki með. Segir Majken að búið sé að nefna allar kýrnar en núna taki við að kynnast þeim betur.

*Nýtt mjalta- og gjafakerfi*

„Við vorum í raun mjög heppin með hvað þetta gekk allt saman vel upp, því vildum selja okkar jörð í rekstri til áframhaldandi búrekstrar. Já, í raun þetta gekk bara mjög hratt í gegn þegar réttur skriður var kominn á málið," segir Rafn.

Þau eru búin að koma sér vel fyrir og segja að aðstæður séu um margt öðruvísi en þau áttu áður að venjast. „Það hefur verið mesta áskorunin að læra á nýtt mjalta- og gjafakerfi," segir Majken, „en þetta er smám saman að koma," bætir Rafn við. Þá hringir sími Rafns og þá er mjaltaþjónninn að láta vita að ekkert hafi mjólkast í 90 mínútur, sem þau skrifa á tæknilega örðugleika þar sem kýrnar voru úti.

> Það er ekkert launungarmál að maður hefur horft á Stóru-Hildisey með ákveðinni aðdáun ...

*Afurðaverð togast upp*

„Við þekkjum svo sem alveg nautaeldið líka, þar sem við vorum með það í Hólmahjáleigu líka til að byrja með. En það gengur bara fínt – erum með ágætis aðstöðu fyrir það hér," svarar Rafn. Spurður út í þróun á afurðaverði í nautakjötsframleiðslunni, segir Rafn að það sé heldur að togast upp á við í rétta átt. Það hafi náðst svolítill ávinningur með auknum ríkisstuðningi á sláturálagið. Hann segir að það þurfi þó að gera talsvert betur svo þessi grein geti vel þrifist á Íslandi. Um langt skeið hafi afurðaverð verið alveg óviðunandi og svaraði í raun engan veginn kostnaði að setja nautkálfa á. Rekstrarskýrslur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins hafi líka ítrekað staðfest bága stöðu greinarinnar.

Nýlegar afurðaverðshækkanir séu hins vegar vonandi fyrirboði þess sem koma skal og segir Rafn að með sameiningu kjötafurðastöðva sé vonast eftir að svigrúm skapist til hagræðingar í sláturgeiranum og þannig möguleikum á enn frekari hækkunum afurðaverðs í átt að því sem telst viðunandi. Þannig hafi afurðastöðvarnar sjálfar talað. „Núna er boltinn hjá þeim og við verðum að sjá að þessi hagræðing skili sér til leiðréttingar á afurðaverði til bænda," segir Rafn. „Ég held að það séu fáir sem vilja í raun upplifa skort á íslensku nautakjöti með tilheyrandi auknum innflutningi," skýtur Majken inn í.

*Annars konar opinber stuðningur*

Rafni sýnist að ásetningurinn hafi aukist aðeins aftur eftir að hafa hrapað verulega á tímabili. „Svo má ekki gleyma því í allri umræðu um opinberan stuðning við íslenskan landbúnað að það er líka hægt að styðja við hann með öðrum hætti en beinhörðum stuðningsgreiðslum. Ég vænti þess að það verði skoðað meira núna þegar stuðningskerfið verður tekið til endurskoðunar. Til dæmis væri hægt að búa til umgjörð utan um fjárhagslegt umhverfi búgreinanna sem sé þolanlegra en þessi fjármagnskostnaður sem við búum við í dag, á því sviði búa íslenskir bændur við mjög skakka samkeppnisstöðu miðað við bændur í nágrannalöndunum sem við flytjum inn afurðir frá.

Staðreyndin með okkar grein, okkur nautgripabændur, er að við erum með mjög fjárfrekan búrekstur miðað við tiltölulega litla veltu."

*Möguleg framleiðsluaukning*

Þau segja að um sinn ætli þau að sjá aðeins til með framtíðarmúsíkina, hvort þau ætli að auka við sig í framleiðslu. Þau fullnýti nú þann mjaltaþjón sem þau eru með, en útiloka ekki aukningu þegar fram líða stundir.

Þegar blaðamann bar að garði um miðjan ágúst var seinni slætti nýlokið og þau vonuðust nú bara eftir að þurfa ekki að slá í þriðja sinn. Fyrrum ábúendur, Pétur Guðmundsson og Izabela Barbara Pawlus, hafi verið með þeim í fyrsta slætti og aðstoðað þau við að koma sér fyrir í búskapnum í nýju fjósi.

Þau eru Pétri og Izabelu þakklát fyrir alla hjálpina. Þau hafi verið einstaklega viljug að hjálpa og leiðbeina þeim. Það sé ómetanlegt að samskiptin séu góð og vilji til að hjálpa sé til staðar þegar tekið er við svona rekstri.



Majken og Rafn böðuð í sólarljósinu í björtu fjósinu á Stóru-Hildisey 1.

# Weckman stálklæðningar

H. HAUKSSON EHF.

• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •

## Bárujárn

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.





## Stallað stál

Verð kr. 4.900 m2 með vsk.





## Trapisustál

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.





**H. Hauksson ehf.** Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

MADE IN FINLAND

# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna





**Allt frá fræjum til afurða**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

# Réttalistinn 2024

**Fjár- og stóðréttir eru fram undan og venju samkvæmt birtir Bændablaðið lista yfir helstu réttir landsins. Upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið gudrunhulda@bondi.is.**

## Vesturland

| | |
|---|---|
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | Sunnudagana 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. kl. 13.00 |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | Sunnudagana 15. sept. kl. 14.00 og 29. sept. kl. 14.00 |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | Sunnudaginn 15. sept. og laugardaginn 28. sept. |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | Sunnud. 15. sept. kl. 12.00 og laugard. 28. sept. kl. 16.00 |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | Sunnud.15. sept. kl. 10.00, mánudag. 23.sept. og sunnud. 29. sept. |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | Laugardagana 14. og 28. sept. |
| Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. | Laugardaginn 7. sept. |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | Föstudaginn 4. október kl 10.00 |
| Skarðsrétt, Skarðsströnd, Dal. | Sunnudagana 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. 14.00 |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | Sunnud. 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. kl. 13.00 |
| Tungurétt á Fellsströnd, Dal. | Föstudaginn 13. sept. |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | Laugard. 21. sept. kl. 13.00 og sunnud. 13. október kl. 13.00 |
| Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr. | Vantar upplýsingar |
| Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr., Snæf. | Sunnudaginn 22. sept. |
| Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði | Laugardaginn 21. sept. |
| Mýrar í Grundarfirði | Laugardaginn 21. sept. |
| Núparétt í Melasveit | Fyrri rétt er sunnudaginn 8. sept. kl. 13.00, seinni rétt laugardaginn 22. sept. |
| Reynisrétt undir Akrafjalli, Hvalfirði | Laugardaginn 21. sept. |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str. | Sunnudagana 15. sept. kl. 10.00 og 29. sept. |
| Hornsrétt í Skorradal | Sunnudaginn 8. sept. |
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | Laugardaginn 28. sept. |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | Laugardaginn 28. sept. |
| Klofningsrétt í Beruvík, Snæf. | Bara leitir |
| Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf. | Laugardaginn 21. sept. |
| Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf. | Laugardaginn 21. sept. |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | Laugardaginn 28. sept. |
| Arnarhólsrétt í Helgafellssveit | Sunnudaginn 22. sept. |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | Sunnudagana 15. sept. og 29. sept. |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | Laugardaginn 14. sept. og sunnudaginn 15. sept. |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | Þriðjud. 17.sept., föstud. 20.sept. og laugard. 7. október |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | Mánud. 16.sept, önnur rétt laugard. 28. sept. og þriðja laugardaginn 12. október |
| Kaldárbakkarétt í Kolbeinsstaðahreppi | Sunnudaginn 8. sept. |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | Sunnudagana 22. sept. og 13. október |
| Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. | Laugardaginn 7. sept. |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | Sunnudagana 22. sept. og 6. oktober |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | Mánudaginn 16. sept., seinni 30. sept. |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | Mánudaginn 16. sept., sunnudaginn 22. sept. |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal | Vantar upplýsingar |

## Vestfirðir

| | |
|---|---|
| Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand. | Laugardaginn 21. sept. |
| Melarétt í Árneshreppi, Strand. | Laugardaginn 14. sept. |
| Minni-Hlíð í Hlíðardal, Bolungarvík | Laugardaginn 21. sept. |
| Syðridalsrétt í Bolungarvík | Laugardaginn 14. sept. |
| Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. | Laugardaginn 21. sept. kl 14.00 |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | Sunnudaginn 22. sept. |
| Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði | Laugardaginn 21. sept. |
| Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði | Laugardaginn 21. sept. |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | Laugardaginn 21. sept. |
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð. | Laugardaginn 7. sept. |
| Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | Sunnudaginn 15. sept. |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | Laugardaginn 21. sept. |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | Sunnudagana 22. sept. og 6. okt. kl. 14.00. |
| Krossárrétt | Laugardaginn 14. sept. kl. 16.00 |
| Miðhús í Kollafirði, Strand. | Vantar upplýsingar |
| Ný rétt í Kollafirði í stað Miðhúsaréttar | Sunnudagana 22. sept. og 6. október kl. 16.00 |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | Föstud.13. sept. og laugard. 28. sept. kl. 16.00. |
| Staðardalsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | Sunnudagana 22. sept. og 6. október kl. 15.00. |
| Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V-Barð. | Mánudaginn 23. sept. |
| Kinnarstaðarrétt í Reykhólahr., A-Barð. | Ekki réttað í ár |
| Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | Mánudaginn 23. sept. |
| Vaðalsrétt á Barðaströnd, V-Barð. | Sunnudaginn 22. sept. |
| Staður, Reykhólahrepp A-Barð. | Sunnudaginn 15. sept. |

## Norðvesturland

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | Laugard. 7. sept. kl. 09.00, seinni réttir mánud. 23. sept. kl. 13.00. |
| Beinakeldurétt, A.-Hún. | Sunnud.1. sept., seinni réttir mánudaginn 23. sept. kl.13:00 |
| Hlíðarrétt / Bólstaðarhlíðarrétt, A.-Hún. | Laugardaginn 7. sept. kl. 16:00, seinni réttir sunnudaginn 15. sept. kl. 16:00 |
| Hvammsrétt í Langadal, A.-Hún. | Laugardaginn 31. ágúst. |
| Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún. | Laugardaginn 31. ágúst. |
| Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. | Laugard. 7. sept. kl. 08:30, seinni réttir laugardaginn 14. sept. kl. 16:00. |
| Sveinsstaðarétt, A.-Hún. | Sunnud. 8. sept. kl. 10:00, seinni réttir mánud. 23. sept. kl. 09:00. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | Föstud. 6. sept. kl. 13:00 og laugard. 7. sept. kl. 08:00, seinni réttir mánudaginn 23. sept. kl. 10:00 |
| Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. | Laugardaginn 14. sept. |
| Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. | Laugardaginn 7. sept. |
| Hvalsárrétt í Hrútafirði, V-Hún. | Laugardaginn 14. sept. kl. 15:00 |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. | Laugardaginn 7. sept. |
| Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún. | Föstudaginn 6. sept. |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | Laugardaginn 7. sept. |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | Laugardaginn 14. sept. |
| Fossárrétt í A.-Hún. | Laugardagana 7. sept. og 14. sept. |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | Laugardagana 7. sept. og 14. sept. |
| Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún. | Sunnudagana 8. sept. og 15. sept. |

## Mið-Norðurland

| | |
|---|---|
| Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði | Fyrri göngur 7. sept. og seinni göngur 21. sept. |
| Dalvíkurrétt, Dalvík | Hefur ekki verið réttað í Dalvíkurrétt í 30 ár |
| Tungurétt í Svarfaðardal | fyrri göngur 13. -14. sept. og seinni göngur 20. - 21. sept. |
| Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyjafirði | Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept. |
| Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit | Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept. |
| Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit | Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept. |
| Vallarétt, Eyjafjarðarsveit | Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept. |
| Vatnsendarétt, Eyjafirði | Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept. |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | Göngur verða 5.-8. sept. og 20-22. sept. |
| Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | Laugardaginn 14. sept. |
| Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði | Föstudaginn 13. sept. |
| Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | Laugardaginn 7. og 14. sept. |
| Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði | Laugardaginn 14. sept. |
| Þverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði | Laugardaginn 14. sept. |
| Árhólarétt í Unadal, Skagafirði | Miðvikudaginn 21. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði | Laugardaginn 14. sept. |
| Hlíðarrétt í Vesturdal, Skagafirði | Sunnudaginn 15. sept. |
| Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði | Laugardaginn 14. sept. |
| Hraunarétt í Fljótum, Skagafirði | Vantar upplýsingar |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði | Sunnudaginn 15. sept. |
| Mælifellsrétt í Skagafirði | Sunnudaginn 8. sept. |
| Sauðárkróksrétt (Króksrétt), Skagafirði | Laugardaginn 7. sept. |
| Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð | Laugardaginn 7. sept. |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði | Mánudaginn 16. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði | Fyrri sunnudaginn 8. sept. seinni laugardaginn 14. sept. |
| Skarðsárrétt, Skagafirði | Sunnudaginn 8. sept. |
| Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði | Laugardaginn 14. sept. |
| Staðarrétt (Reynisstaðarrétt), Skagafirði | Sunnudaginn 8. sept. eftir fyrri göngur og laugardaginn 14. sept. eftir seinni göngur |
| Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði | Föstudaginn 13. sept. |
| Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði | Vantar upplýsingar |
| Ósbrekkurétt í Ólafsfirði | Vantar upplýsingar |
| Reykjarétt í Ólafsfirði | Vantar upplýsingar |
| Siglufjarðarrétt í Siglufirði | Vantar upplýsingar |
| Geldingsárrétt, Svalbarðsströnd | Vantar upplýsingar |
| Flókadalsrétt í Fljótum, Skagafirði | Vantar upplýsingar |
| Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði | Vantar upplýsingar |

## Norðausturland

| | |
|---|---|
| Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing. | Sunnudaginn 8.sept. |
| Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | Mánudaginn 16. sept. |
| Fjallarétt í Kelduhverfi | Laugardaginn 14. sept. kl. 16:30 |
| Húsavíkurrétt | Laugardagurinn 14. sept. kl. 14.00 |
| Katastaðarétt í Núpasveit, N-Þing. | Sunnudaginn 8. sept. kl. 08:30 |
| Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing. | Vantar upplýsingar |
| Leirhafnarrétt á Melrakkasléttu, N.-Þing. | Sunnudagurinn 22. sept. kl. 9 |
| Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing. | Miðvikudaginn 11. sept. |
| Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing. | Laugardaginn 14. sept. kl. 14:00 |
| Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N.-Þing. | Sunnudaginn 15. sept. kl. 10:00 |
| Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing. | Sunnudaginn 8. sept. |
| Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, N.-Þing. | Laugardaginn 14. sept. kl. 17:30 |
| Mánárrétt á Tjörnesi | Sunnudaginn 15. sept. |
| Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi | Sunnudaginn 15. sept. |
| Árrétt í Bárðardal | Laugardaginn 7. sept. |
| Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing. | Sunnudaginn 1. sept. |
| Fótarrétt í Bárðardal | Vantar upplýsingar |
| Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing | Sunnudaginn 1. sept. |
| Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing. | Sunnudaginn 15. sept. kl. 10 |
| Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing. | Laugardaginn 31. sept. |
| Víðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing. | Sunnudaginn 1. sept. |
| Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | Sunnudaginn 14. sept. |
| Fjallalækjarselsrétt | Sunnudaginn 8. sept. |
| Garðsrétt í Þistilfirði | Sunnudaginn 8. sept. |
| Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | Sunnudaginn 14. sept. |
| Hallgilsstaðarétt á Langanesi | Mánudaginn 9. sept. |
| Hvammsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | Laugardaginn 14. sept. |
| Miðfjarðarnesrétt á Langanesi | Vantar upplýsingar |
| Miðfjarðarrétt | Miðvikudaginn 18. sept. |
| Ósrétt á Langanesi | Föstudaginn 20. sept. |
| Tunguselsrétt á Langanesi | Mánudaginn 9. sept. |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | Laugardaginn 21. sept. |
| Geldingárrétt á Svalbarðsströnd | Vantar upplýsingar |
| Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing. | Vantar upplýsingar |

## Austurland

| | |
|---|---|
| Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði | Sunnudaginn 8. sept. kl. 13:00 |
| Teigsrétt, Vopnafirði | Mánudaginn 9. sept. kl. 16.00 |
| Seyðisfjarðarrétt við Nátthaga | Mánudaginn 16. sept. |




## Réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar

| | |
|---|---|
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit | Sunnudaginn 15. september kl. 17.00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | Laugardaginn 14. september kl. 18.00 |
| Fossvallarétt í Lækjarbotnalandi | Laugardaginn 14. september kl. 14.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit | Laugardaginn 14. september kl. 14.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | Laugardaginn 14. september kl. 17.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól | Laugardaginn 14. september kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | Sunnudaginn 15. september kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg | Laugardaginn 21. september kl. 13.00 |
| Grafningsrétt í Grafningi | Mánudaginn 16. september kl. 09.45 |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | Sunnudaginn 22. september kl. 9.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | Laugardaginn 14. september kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | Sunnudaginn 15. september kl. 15.00 |

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 775/2020 eru seinni leitir tveimur vikum síðar. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.

## Suðausturland

| | |
|---|---|
| Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. | Föstudaginn 6. sept. |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft. | Laugardaginn 14. sept. |
| Skaftárrétt, V.-Skaft. | Laugardaginn 7. sept. |
| Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. | Föstudaginn 10. sept. |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft. | Laugardaginn 18. sept. |
| Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | Sunnudaginn 29. ágúst |
| Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | Laugardaginn 28. ágúst |
| Skaftárrétt, V.-Skaft. | Laugardaginn 11. sept. kl. 9.00 |




| | |
|---|---|
| Borgarhafnarrétt, Suðursveit | Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir |
| Brunnavallarétt | Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir |
| Brunnavallarétt | Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir |
| Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir |
| Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | Réttað síðustu helgina í ágúst ef spáin leyfir |

## Suðurland

| | |
|---|---|
| Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang. | Sunnudaginn 22. sept. 14.00 |
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn. | Sunnudaginn 15. sept. kl. 17.00 |
| Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang. | Mánudaginn 9. sept. kl. 10.00 |
| Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang. | Sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang. | Sunnudaginn 8. sept. kl. 09.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. | Laugardaginn 14. sept. kl. 15.00 |
| Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn. | Föstudaginn 13. sept. kl. 10.00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | Fimmtudaginn 19. sept. |
| Laugarvatnsrétt, Árn. | Vantar upplýsingar |
| Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum | Laugardaginn 21. sept. |
| Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. | Laugardaginn 14. sept. kl. 09.00 |
| Grafningsrétt í Grafningi, Árn | Mánudaginn 16. sept. kl. 09.45 |
| Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang. | Laugardaginn 14. sept. |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | Sunnudaginn 26. sept. kl. 9.00 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. | Föstudaginn 13. sept. kl. 12.00 |
| Suðureyjarleitir, Vestmannaeyjum | Laugardaginn 31. ágúst kl. 10.00 |
| Tungnaréttir í Biskupstungum | Laugardaginn 14. sept. kl. 09.00 |
| Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang. | Sunnudaginn 22. sept. 14.00 |
| Þóristunguréttir, Holtamannaafr. | Sunnudaginn 8. sept. kl 09.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | Sunnud. 19. sept. kl. 14.00, seinni réttir laugard. 2. október. |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | Sunnudaginn 19. sept. kl. 15.00 |



## Stóðréttir

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | Sunnudaginn 29.sept. kl. 11.00 |
| Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsós, Skag. | Föstudaginn 27. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | Föstudaginn 27. sept. |
| Fossárrétt á Skaga, A.-Hún. | Laugardaginn 5. október |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | Sunnudaginn 15. sept. kl. 16.00 |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | Laugardaginn 14. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | Laugardaginn 28. sept. |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | Laugardaginn 5. oktober kl. 13.00 |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún. | Sunnudaginn 8. sept. |

| | |
|---|---|
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | Laugardagana 7. sept. og 14. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | Sunnudaginn 8. sept. |
| Skrapatungurétt í A.-Hún. | Sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Staðarrétt í Skagafirði | Fyrri sunnudaginn 8. sept., seinni laugardaginn 14. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | Vantar upplýsingar |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | Sunnudaginn 22. sept. kl. 09.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | Laugardaginn 5. október |
| Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit | Laugardaginn 5. október |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | Laugardaginn 28. sept. |



Að vera úti í náttúrunni er hollt fyrir líkama og sál. Hér er haustró og lygna í Mývatnssveit. Myndir / sá

Útivist:

# Hvers vegna fólki líður vel í náttúrunni

**Jörð, ár, fjöll og tré. Þögul gljúfur, iðandi lækir og gróskumiklar grænar lautir og garðar.**

Ef þú verð tíma í náttúrunni hefur þú líklega tekið eftir því að þér líður betur þar en inni við. Hvers vegna skyldi það vera? Ein af þekktari kenningum þar um; biophilia-tilgátan, bendir til þess að við elskum náttúruna vegna þess að við höfum þróast í henni. Að við þörfnumst hennar fyrir sálræna vellíðan því þörfin sé skrifuð í DNA okkar. Þetta hljómar ekki ólíklega. Fleira er þó skoðunarvert. Hvað er það við náttúruna og samband okkar við hana sem gleður okkur og nærir svo mjög?

Bandaríski sálfræðingurinn Kris Abrams hefur velt þessu fyrir sér. Abrams nam vistfræði, óbyggða- og náttúrutengda meðferð. Á einkastofu sinni vinnur hann með skjólstæðingum úti í náttúrunni og sjálfur ver hann þar eins miklum tíma og hann getur. Með því að nýta reynslu sína og kunnáttu í þessum efnum þróaði Abrams hugmyndir um lykilástæður fyrir vellíðan fólks í náttúrunni og heilunaráhrifum hennar.



„Náttúran læknar og hjálpar okkur að lifa merkingarbæru og gleðilegu lífi. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að ég tel að við séum svo hamingjusöm í náttúrunni," segir Abrams.






### *Náttúran kennir að það er ekkert að þér*

Þegar þú ert úti í náttúrunni þarftu ekki að horfa í spegil af neinu tagi. Í staðinn einbeitir þú þér annaðhvort að náttúrunni umhverfis þig eða því sem þú ert að aðhafast, t.d. að klifra, setja upp tjald eða garðyrkju. Rannsóknir sýna að líkamsímynd fólks batnar þegar við verjum tíma í náttúrunni og framangreint gæti verið hluti af því.

Þegar þú ert í einveru í náttúrunni, meðal vina eða ferðafélaga, færðu frið fyrir t.d. kynjamismunun, kynþáttafordómum, hómófóbíu, transfóbíu, stjórnmála- og dægurþrasi og fleiri uppsprettum kúgunar, fordóma og lítilsvirðingar sem grassera í samfélaginu.

Náttúran sýnir þér einmitt ótrúlegan fjölbreytileika í allri sinni dýrð. Það eru gild tré og krangaleg, lág og há. Inni í þyrpingu af gulum blómum gætirðu séð bleikt blóm og áttað þig á að um er að ræða stökkbreytingu. Í náttúrunni höfum við ekki þörf fyrir að fella neikvæða dóma heldur dáumst að fjölbreytileika hennar. Þetta hefur áhrif á undirmeðvitund okkar til góðs.

### *Tíminn hægir á sér*

Stress, frestir og ögurstundir, mældar með klukkustundum, mínútum og sekúndum, þetta gufar allt upp þegar við erum úti í náttúrunni. Klukkur stía okkur að jafnaði frá náttúrulegri hrynjandi líkama okkar og jarðarinnar, enda tifa þær eftir skipulagi efnahagskerfa þjóða öðru fremur. Það skapar mikla streitu.

Náttúran er í raun fyrirmynd hins heilbrigða lífs. Tré og plöntur vaxa h-æ-g-t. Sauðfé á fjalli bítur rólega. Smádýr þvælast um og það er eðlilegur hraði þeirra. Allt hreyfir sig í samræmi við eðlilegan takt og þú byrjar að gera það sama.

### *Nægtir*

Menning okkar innrætir okkur að við höfum aldrei nóg. Við leitumst við að græða meira, kaupa fleiri hluti, borða dýrindis mat. Meginstraumsmenningin hvetur okkur líka til að hugsa sem minnst um hvernig ríkjandi ofneysla hefur áhrif á aðra, svo sem verkafólkið sem framleiðir föt okkar, eða fólk og dýr sem háð eru jafnvægi loftslagsins.

Aftur á móti felur vistkerfi í sér sátt og jafnvægi. Tré vaxa í hæð sem endurspeglar næringarefni og það vatn sem er tiltækt. Íkornar geyma til dæmis rétt magn af mat til að lifa veturinn af. (Ímyndaðu þér hversu fáránlegt það væri ef íkornar myndu reikna með að hnetusöfnun þeirra yxi í veldishraða án nokkurrar fyrirhafnar af þeirra hálfu – eins og við gerum með fjárfestingar okkar!) Að vera kyrrlátt vitni að jafnvægi og samspili vistkerfis er eins og græðismyrsl í opna und ofneyslunnar.

### *Eftirgjöf þæginda og stjórnar*

Menning okkar heldur á lofti þeirri skaðlegu mýtu að við eigum að leitast við að hafa allt eins þægilegt og mögulegt er, gera lífið eins létt og ánægjulegt og frekast er unnt og snúast öndverð við hvers konar erfiðleikum. Ekkert hefur gert fólk eins óhamingjusamt og þetta. Við getum einfaldlega ekki alltaf verið ánægð eða haft það gott. Við getum ekki stjórnað öllu. Að reyna að ná varanlegum þægindum og stjórn á ytri aðstæðum leiðir til daufs, tilgangslauss lífs sem slævir sálina.





Náttúran kallar þig aftur til raunveruleikans. Þú getur ekki komið í veg fyrir að það rigni, getur ekki flýtt sólinni. Þú getur ekki stillt hitastigið í þægilegar 22 gráður. Ef þú ert að klífa fjall mun þig verkja í alla vöðva. Að afsala sér meintu taumhaldi á öllum sköpuðum hlutum fylgir geysilegur léttir. Þú vaknar sem af draumi og áttar þig á því hversu litla stjórn þú hefur í raun og veru. Þú meðtekur að erfiðleikar og skortur á stjórn eru hluti af lífinu og að samþykkja þann veruleika gerir lífið ekki aðeins þolanlegt, heldur eykur mögulega einnig gleðina yfir að fá að lifa.

***Náttúran minnir á hringrás lífs og dauða***

Í vestrænum samfélögum gerum við allt sem við getum til að forðast þá vitneskju að við, og allir sem við elskum, munu deyja. Í náttúrunni gengur maður hvarvetna fram á dauð tré sem eru ungum sprotum til næringar og lífs. Þú gengur í gegnum brunasvæði og sérð villt blóm dafna í nýauðguðum jarðveginum. Þú gætir jafnvel séð dýrahræ.

Þegar við stöndum augliti til auglitis við dauðann kunnum við betur að meta eigið líf og andrána og upplifum mikla gleði yfir að vera til. Þeir sem lifað hafa af krabbamein þekkja þennan sannleika vel af harkalegum kynnum við dauðann. Náttúran tengir okkur inn í veruleika hringrásar lífs og dauða.

***Þegar hávaði hinnar brjáluðu nútímamenningar hverfur***

Hugur þinn róast og þú upplifir þögn og kyrrð. Þvílíkur léttir! Ekki þarf að segja neitt um þetta frekar.

***Fegurð náttúrunnar***

Hvernig er slík tign möguleg? Mikill er styrkur þess fjalls sem staðið hefur þarna í öll þessi ár. Kraftaverk hins eina blóms, inngeislun sólarljóssins. Kynngi eins trés, með rætur djúpt í jörðu, sem teygir sig til himins og ber þögult vitni um heiminn í kringum sig. Þú finnur til lotningar og gleði og ert aftur heil manneskja.

***Að riffja upp tengingunа við allar aðrar lífverur***

Þér finnst þú tilheyra þessari jörð. Að þú sért hluti af samfélagi náttúrunnar. Þú ert úr sama efninu og veist í hjarta þínu að þú ert hvorki betri – né verri – en fuglinn, tréð eða næsti maður sem gengur sömu leið og þú.

***Þú manst hver þú ert í raun og veru***

Þér líður vel í eigin skinni. Þú upplifir eigin kyrrláta frið og styrk, þú skynjar þinn sanna innri mann. Gríman sem þú jafnan berð í samfélaginu er þýðingarlaus og ónauðsynleg og þú lætur hana falla.

***Þú upplifir hið kynngimagnaða***

Hvort sem þú kallar hana himneska, guðs græna, undur, móður eða öðru nafni þá hjálpar náttúran þér að tengjast þessari kraftmiklu, elskandi nærveru. Þú gætir fundið fyrir þessari nærveru elska þig og styðja. Þú gætir orðið aðnjótandi leiðsagnar og visku. Náttúran færir þig nær eigin sál og eilífðinni.

*EcoWatch. Þýtt og staðfært/sá*












Lífræn mjólkurframleiðsla fer fram á Höjgaard en þar una sér um 500 kýr.

# Hálfíslenskur bóndi á lífrænu búi

**Á ferð sinni um Jótland hitti Magnús Halldórsson, umsjónarmaður Vísnahorns Bændablaðsins, bónda sem er af íslensku bergi brotinn.**

„Þessi bóndi heitir Kjartan Poulsen og móðir hans var frá Nýjabæ í Meðallandi. Kjartan lét lítið af sínum búskap á Höjgaard á Suðvestur-Jótlandi, með 500 kýr í lífrænum búskap, en sagði að stærstu kúabændur í Danmörku væru með um eða yfir 3.000 kýr. Ekki eru notaðir róbótar við lífrænan búskap, eftir því sem mér skildist. En mjaltabásinn er með 40 mjaltatækjum og vinna tveir í einu við mjaltir. Morgunmjaltir taka þrjá tíma, en kvöldmjaltir um þrjá og hálfan tíma. Kýrnar eru úti á beit frá því í apríllok og fram í október, eða eftir tíðarfari.“

Kýrnar hans Kjartans eru af Hostein-friesian kyni, bæði svartskjöldóttar og rauðskjöldóttar. „Fóðurs er aflað á um 1.000 hekturum og síðan þarf auðvitað mikið beitiland. Það takmarkar búskapinn á lífrænum búskap.



Kjartan Poulsen, hálfíslenskur kúabóndi á Höjgaard á Jótlandi í Danmörku.

Kýr og kálfar virtust álíka ánægð með tilveruna, eins og á betri búum íslenskum. Að sumarlagi eru starfandi um 15 manns við búið.

Kjartan var fyrsti bóndi með lífrænan búskap sem varð formaður Landssambands danskra kúabænda. Sem barn og unglingur við sumardvöl í Kollsvík, tuttlaði ég aðeins eina belju kvölds og morgna og þótti nóg,“ segir Magnús. */mh*




Útivist í skógi á hausti.

# Staðlar og gæðaviðmið í skógrækt og landgræðslu

**Á síðustu dögum hafa skapast miklar umræður í þjóðfélaginu um skógrækt sem hófust með umfjöllun fjölmiðla um skógræktarverkefni á vegum einkaaðila í landi sveitarfélagsins Norðurþings í Saltvík.**

Við hjá Landi og skógi höfum í kjölfar þessarar miklu umfjöllunar átt fund með fulltrúum framkvæmdaaðila og landeigenda til að fara yfir þessa tilteknu framkvæmd til að skoða hvort eitthvað og þá hvað hafi farið úrskeiðis. Á myndum sem birst hafa má sjá mjög umfangsmikla jarðvinnslu sem stingur flesta í augun. Telja má að hér hefði mátt komast af með minna rask án þess að það hefði komið niður á árangri þeirrar nýskógræktar sem þarna er á ferðinni. Um aðferðir til jarðvinnslu í mismunandi landi gilda almennt ekki afdráttarlausar reglur hérlendis en alltaf hlýtur það að vera leiðarljósið að lágmarka hana eins og kostur er á hverjum stað. Í þessu tilfelli hefur þess ekki verið gætt og af því þarf að læra.



Ágúst Sigurðsson.

Komið hefur fram í umræðunni að landið sem tekið er til þessara nota þykir verðmætt útivistarland að margra mati, auk þess að búa yfir mikilli líffjölbreytni og vera mikilvægt fuglasvæði, og hefði því ekki átt að velja til framkvæmda af þessu tagi. Fyrir liggur að sveitarfélagið sem landeigandi, í þessu tilfelli Norðurþing, hafði fjallað um þetta ítrekað og fyrirætlanir höfðu breyst að nokkru marki frá fyrstu hugmyndum. Bæði var tekið tillit til sumra ábendinga sem borist höfðu, fyrirhugað framkvæmdasvæði flutt til og umfangið minnkað nokkuð. Allar leyfisveitingar og lögbundnar athuganir höfðu farið fram samkvæmt þeim opinberu reglum sem gilda um framkvæmdir af þessu tagi, þ.m.t að huga að verndun fornleifa. Í þessu samhengi má benda á að viðmið um val á landi til skógræktar hafa um allnokkurt skeið verið lítið breytt og eftir því sem best er vitað þá hefur svipað land og hér um ræðir verið tekið til skógræktar á umliðnum áratugum í nokkrum mæli.

Þá hefur einnig verið rætt um umfang verkefnisins en þarna eru teknir undir tæpir 100 hektarar lands í einum áfanga. Segja má að það sé nokkuð nýtilkomið að svo stórir áfangar séu lagðir undir á einu bretti; skógrækt undanfarinna áratuga hefur meira einkennst af smáum áföngum með aðkomu hins opinbera og því vekur framkvæmd af þessari stærðargráðu mikla athygli. Það eru hins vegar ekki settar aðrar hömlur á skógrækt af þeirri stærðargráðu sem hér hefur verið tilgreind en þær sem einstök sveitarfélög setja sér í sínu aðalskipulagi og fyrir liggur að farið var að þeim reglum í þessu verkefni.

Margt fleira hefur verið rætt í tengslum við þessa tilteknu framkvæmd. Sumt af því kallar á að þeirri vísindalegu þekkingu sem tiltæk er sé komið betur á framfæri til að útskýra ýmsar forsendur skógræktar af þessu tagi – þessu þarf að bæta úr. Þá er mjög mikilvægt til þekkingaröflunar að fylgjast mjög náið með þróun þessa lands og skóginum sem þar mun vaxa upp og að gerðar verði nákvæmar mælingar á m.a. kolefnisbúskap svæðisins og breytingum á náttúrufari næstu árin.

Að gefnu tilefni skal það undirstrikað að mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að geta starfað að okkar skógrækt eftir skýrum ramma sem markaður er af lögum og vel ígrunduðum verklagsreglum. Þessi rammi er hin sjálfbæra skógrækt sem getið er um í skógræktarlögum. Á umliðnum árum hefur verið unnið eftir ákveðnum leiðbeiningum eins og talið hefur best henta á hverjum tíma en það er engu að síður ljóst að í sumum þáttum er ramminn ekki nægjanlega víðtækur og skýr – og þessu þurfum við að breyta. Þetta hefur verið í umræðu um árabil en frá því að hin nýja stofnun Land og skógur fór af stað um síðustu áramót hefur verið ljóst að þetta væri eitt af stóru viðfangsefnunum að takast á við nú strax í upphafi. Það má kalla þetta íslenskan





Mynd / Pétur Halldórsson

skógræktarstaðal fyrir sjálfbæra skógrækt. Slíkan staðal höfum við ekki haft með skýrum hætti hingað til en vinnan var lítillega hafin hjá Skógræktinni á síðasta ári en verkefnið nú komið í hendur hinnar nýju stofnunar Lands og skógar að vinna með. Við lítum til þess að nálgast verkefnið með svipuðum hætti og nágrannar okkar á Bretlandseyjum sem átt hafa slíkan staðal og að mörgu leyti má leggja þá vinnu til grundvallar og nýta, þó eitthvað þurfi að sjálfsögðu að staðfæra fyrir okkar aðstæður. Við bindum miklar vonir við þetta mikilvæga verkefni sem okkur ber að hafa forystu um og leita til þess m.a. víðtæks samstarfs margra aðila.

Annað grunnverkefni sem þarf að vinna þessu samhliða eru ný gæðaviðmið fyrir val á landi til skógræktar. Þetta verkefni er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt 2022-2026 sbr. Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt fram til ársins 2031 – Land og líf. Vinna við þessi gæðaviðmið var aðeins komin af stað hjá Skógræktinni á sínum tíma en brýnt er að þessi viðmið liggi fyrir sem allra fyrst.

> ” Það má kalla þetta íslenskan skógræktarstaðal fyrir sjálfbæra skógrækt ...

Þá er mikilvægt að nefna að unnið hefur verið að þýðingu og aðlögun alþjóðlegra staðla hvað varðar endurheimt vistkerfa, svokallaðra SER-staðla.

Sú vinna hófst hjá Landgræðslunni árið 2022 en er nú verkefni sem Land og skógur hefur tekið við. SER (Society for Ecological Restoration) er grundvallarstaðall og þarf að vera okkar leiðarljós við alla endurheimt vistkerfa. Mikilvægt er að staðfæra staðalinn, þannig að hann henti íslenskum aðstæðum. Vinna við staðfærsluna er hafin en töluvert er þó eftir og nauðsynlegt að setja kraft í þetta næstu misserin.

Ofangreindir staðlar og gæðaviðmið eru algert grunnatriði fyrir skógræktar- og landgræðslustarfið í landi okkar í bráð og lengd. Við hjá Landi og skógi leggjum mikla áherslu á að vinna þessi verkefni með markvissum hætti og hraða þeim sem frekast er unnt. Við höfum því ákveðið að setja ofangreind verkefni í sérstakan forgang og leggja til þeirra aukinn kraft. Sérstakur stýrihópur sem starfar þvert á svið stofnunarinnar hefur nú fengið það hlutverk að samræma verkefnin, skipuleggja vinnulag og tryggja nauðsynlegt samráð við stofnanir, sérfróða aðila sem og hagaðila. Markmiðið er að verulegri framvindu verði náð í verkefnunum á næstu þremur mánuðum og að fyrstu tillögur að gæðaviðmiðum varðandi val á landi til skógræktar liggi fyrir í nóvember. Vinna þessi hjá Landi og skógi er í nánu samstarfi við okkar fagráðuneyti en fyrir liggur að slík gæðaviðmið þarfnast sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Í þessum verkefnum felast geysileg tækifæri til að endurskoða og skerpa á allri ákvarðanatöku varðandi skógræktar- og landgræðsluaðgerðir hér á landi og til þess að ná betri skilningi og sátt um það mikilvæga starf sem fram fer á þessu sviði.

*Höfundur er forstöðumaður Lands og skógar.*










# Alltaf að klippa útiganginn

**Nú þegar haustið er að koma eru líklega flestir kúabændur farnir að undirbúa það að hýsa þá nautgripi sem hafa verið úti í sumar. Sjálfsagður hluti af því að taka inn er að klippa gripina enda ekki þörf fyrir þá að vera loðnir, þegar þeir eru komnir inn í fjós.**



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Mynd 1. Kýr sem hefur fengið smá viðbótarathygli bóndans. Ef vel er að gáð sést að kýrin er með svitabletti þrátt fyrir að hún sé tiltölulega stutthærð og samkvæmt heimildum í fjósi þar sem loftgæði voru góð. Mynd / Ola Stene.



Mynd 2. Hefðbundnar rafhlöðudrifnar kúaklippur eru væntanlega algengasti hárklippibúnaður í fjósum hér á landi.



Mynd 3. Dæmi um júgurhárabrennara. Brennarinn byggir á svokölluðum köldum loga og tekur einungis örfáar sekúndur að brenna hárin af og án þess að valda skepnunni skaða.

Klipping hefur jákvæð áhrif á líðan þeirra, vöxt og framleiðslu og skýrist það fyrst og fremst af því að klipptir nautgripir svitna minna og líður því betur en hinum. Það að klippa gripina í fjósinu á því að vera sjálfsagður hluti vinnubragðanna og það sem meira er, vinnan við þetta borgar sig!

### *Sveittir gripir*

Kýr eða kvígur sem hafa verið úti í tiltölulega langan tíma fram á haustið aðlagast veðurfarinu, þ.e. svalari dögum og nóttum, með því að feldurinn þykknar. Þegar þær koma svo inn í fjós, og fara á stöðugt og gott fóður, verður varmaframleiðsla þeirra vegna jórtrunar töluverð og þennan hita þurfa þær að losna við. Ef þær væru utandyra myndi umhverfishitinn, sem þá væntanlega er nokkuð lágur, taka til sín þessa orku frá gripunum en svo er ekki farið inni í fjósum. Þar einangrar þykkur feldurinn skinnið og þeir fara að svitna með tilheyrandi vanlíðan. Þar sem þétt er á gripum eða loftræsting ekki mjög góð eykst þessi svitaframleiðsla enn frekar. Þetta ferli hefur þess utan áhrif á framleiðsluna enda nota nautgripir töluverða orku til þess að losa sig við umframhitann. Fóðurnýting verður sem sagt betri ef gripirnir eru ekki loðnir!

### *Klippingar borga sig*

Fyrir nokkrum árum kom fram, í danskri rannsókn, að bændur gætu grætt í kringum 12.000 ÍKR á hverja kú eða kvígu að jafnaði við það eitt að klippa þær, þegar þær eru hýstar. Meginskýringin á þessari arðsemi klippingar fólst í því sem hér var sagt að framan, þ.e. hagkvæmari framleiðslu, en rannsóknin sýndi einnig að mest var að sækja við það að klippa kvígurnar. Þetta skýrist væntanlega af því að þær eru oftast hafðar lengur úti og því með enn þykkari feld og svitna því mun meira en t.d. kýr svo dæmi sé tekið. Gripir sem svitna mikið hafa einnig meiri vatnsþörf og séu óklipptar fyrsta kálfs kýrnar saman við hinar eldri getur það bitnað á framleiðslu þeirra þar sem þær eru lægra settar í fjósinu og fá „úthlutað“ verri drykkjartímum en kúm sem eru hærra settar. Það kom einnig í ljós að mjólkurframleiðsla kvíganna jókst við klippinguna sem styður við framansagðar fullyrðingar um áhrifin.

### *Tæki og tól*

Það eru til margs konar útfærslur af tækjum og tólum til að fjarlægja hár af nautgripum. Hefðbundnar rafhlöðudrifnar kúaklippur, sjá mynd 2, eru þó væntanlega algengastar og þægilegastar í notkun fyrir flest af þeim hárklippiverkum sem þarf að framkvæma. Oft geta þó júgur á kvígum og kúm verið hárug og það getur verið önugt að klippa vel þessi hár, sem oft eru einkar fíngerð. Þá kemur hárbrennari sér vel, sjá mynd 3, en með honum eru hárin fjarlægð með einföldum og vel að merkja sársaukalausum hætti. Þá eru til mjög sérhæfðar klippur, fyrir afmörkuð verkefni eins og t.d. halahár, en líklega eiga fæstir kúabændur svona klippur, sjá mynd 4, sem þó geta verið einkar handhægar.

Þó mynd 1 sé meira hugsuð sem skemmtileg skreyting við textann, sýnir hún einnig að þó svo að þessi kýr sé í raun frekar snöggklippt á öllum líkamanum þá sjást á henni svitablettir þrátt fyrir að hún hafi verið í vel loftræstu fjósi. Hún væri því augljóslega mun sveittari ef hún væri loðnari.



Mynd 4. Halaháraklippur eru dæmi um sérhæfðan búnað til þess að klippa halahár nautgripa.

### *Óbein áhrif*

Að klippa kýr, og sérstaklega kvígur, er einnig góð fjárfesting vegna þess að það gerir þær auðveldari í meðförum. Flestum gripum finnst gott að láta klippa sig og það gefur þeim því jákvæða upplifun af náinni snertingu sem getur hæglega skilað sér þegar kemur að því að mjólka þarf viðkomandi eftir fyrsta burð.

### *Rétt vinnubrögð mikilvæg*

Þegar byrjað er að klippa er ráðlagt að setja klippurnar í gang í góðri fjarlægð frá þeim grip sem á að klippa. Þetta gerir hann öruggari og aðrir gripir í nágrenninu venjast líka hljóðinu. Einnig er gott að nálgast gripinn framan frá, sé það hægt, til þess að gera ferlið sýnilegt fyrir viðkomandi grip.

Þegar byrjað er, ráðleggja Norðmenn að byrja að klippa við halarót og færa sig svo fram eftir hryggnum. Klippa síðan halann og lærin. Það er mjög mikilvægt að klippa halann vel en það hefur bein jákvæð áhrif á hreinleika gripanna. Séu sérhæfðar halaháraklippur notaðar má enda á því verki fyrir marga gripi í einu. Allt bakið er líka sérstaklega mikilvægt vegna þess að það er þar sem gripirnir svitna mest og hárlagið er líka þykkast þar. Síðan er um að gera að klippa undir maganum, þar sem skítur festist auðveldlega. Júgrið er einnig mikilvægt að klippa, sérstaklega þar sem eru mjaltaþjónar. Þetta skýrist af því að júgrin verða hreinni og ásetning spenahylkja betri, þ.e. ef hárin hafa verið fjarlægð.

### *Órólegir gripir*

Standi til að klippa gripi sem erfitt er að hemja, og/eða bjóði aðstaðan ekki beint upp á það að heilklippa, er ráðlagt að forgangsraða bakklippingunni, eins og sjá má dæmi um á mynd 5.

*Að hluta til byggt á, og með leyfi höfundar, grein Ola Stene úr Buskap Nr 1/2023.*



Mynd 5. Stundum láta bændur sér nægja að raka efri hluta gripanna en það eitt og sér stórbætir líðan gripa og hjálpar þeim að losna hraðar við hita og raka. Mynd / Fas.scot

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





• Stuttur afhendingartími
• Hágæða íslensk framleiðsla
• Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
• Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

# Útrýming sauðfjárriðu

## – Hvaða bæir fá umframstyrki?

**Í landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu er gert ráð fyrir að áhættubæir fái umframstyrki til að hraða ræktun gegn riðu eins og kostur er.**



Sigurborg Daðadóttir.




Áætlunin gerir ráð fyrir að allir sauðfjárbændur fái áfram styrki til að nota sæðingahrúta sem eru með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir, en að bæir sem flokkaðir verða sem áhættubæir fái að auki sérstaka hvatastyrki til notkunar á slíkum hrútum. Styrkirnir verða bundnir við notkun hrúta með þessar arfgerðir á allar ær á áhættubæ, óháð því hvort hrútarnir séu heimahrútar, aðkeyptir eða sæðingahrútar, öllu skiptir að hraða innleiðingu verndandi og/eða mögulega verndandi arfgerða í viðkomandi hjörð til þess að fyrirbyggja uppkomu riðuveiki. Það er hagur allra að hraða ræktun á áhættubæjum.

Verið er að skrifa nýja riðureglugerð sem tekur mið af því sem stendur í landsáætluninni og reynt verður að hraða útgáfu hennar eins og kostur er, vonandi verða drög að nýrri reglugerð kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda innan fárra vikna. Útgáfa reglugerða tekur tíma, raunhæft er að áætla að ný riðureglugerð líti dagsins ljós í október. Allir geta þó undirbúið sig, sérstaklega ættu bændur á N-Vesturlandi að kanna hvort þeirra bær gæti flokkast sem áhættubær og þannig átt kost á umframstyrkjum strax í næstu fengitíð. Þið ættuð að lesa kafla 4 og skoða hvort ykkar bær hakar í eitthvert af boxunum sem upp eru talin í töflu 6 á bls. 21 í landsáætluninni, atriðin taka til sjö síðastliðinna ára.

Telji þið að ykkar bær ætti að flokkast sem áhættubær ættuð þið strax að hafa samband við héraðsdýralækni eða hans fólk á umdæmisskrifstofu Mast á Sauðárkróki. Þannig getið þið unnið ykkur í haginn og flýtt fyrir flokkuninni því Mast getur ekki flokkað með formlegum hætti fyrr en reglugerðin hefur verið gefin út, því nákvæmari upplýsingar í tíma því meiri líkur á réttri flokkun fyrir fengitíð og þar með opnast fyrir umframstyrki.

Landsáætlun um útrýmingu saufjárriðu er sameiginleg stefna stjórnvalda og bænda, þar kemur fram hvernig Ísland ætlar sér að losna við riðuveiki í sauðfé. Landsáætlunin er vandað rit, þar er mikill fróðleikur og leiðbeiningar fyrir sauðfjárbændur, áætlunina má finna á heimasíðum BÍ, RML, MAR og MAST, auk þess hafa verið prentuð nokkur eintök sem hægt verður að nálgast hjá RML.

*Höfundur er fráfarandi yfirdýralæknir.*

**Áhættuflokkur og viðmið**

| | |
|---|---|
| 1 | Fé til lífs frá riðubæ (hrútar/ær/lömb), ekki með V |
| 1 | Hrútar fengnir að láni frá riðubæ, ekki með V |
| 1 | Sameiginlegt fjárrag í húsi |
| 1 | Samgangur/-hjálp bænda á sauðburði |
| 1 | Samnýting tækja/tóla með beina snertingu við slímhúð eða líkamsvessa |
| 2 | Fé til lífs frá riðubæ (hrútar/ær/lömb), með V |
| 2 | Hrútar fengnir að láni frá riðubæ, með V |
| 2 | Sameiginlegt fjárrag í aðhaldi heima á bæjum |
| 2 | Sameiginlegur fjárflutningur |
| 2 | Samnýting tækja/tóla með beina snertingu við fé, ef ekki slímhúð eða líkamsvessa |
| 2 | Samnýting á skítadreifurum |
| 2 | Sameiginlegt beitiland með fóðurgrindum og drykkjartrogum |
| 3 | Fóður fengið frá riðubæ |
| 3 | Regluleg samnýting landbúnaðartækja með óbeina snertingu við fé |
| 3 | Landfræðileg lega (aðliggjandi bæir) |

Tafla 6. Flokkun áhættubæja.










# Riðukynbótamat

**Í júlí síðastliðnum birtist þetta nýja kynbótamat fyrir riðumótstöðu í kynbótamatsyfirlitinu í Fjárvís. Það er von okkar sem stöndum að þróun og innleiðingu þess að þetta geti orðið gagnlegt hjálpartæki nú þegar sauðfjárbændur fara af fullum krafti í að innleiða verndandi arfgerðir gegn riðuveiki inn í sauðfjárstofninn.**


Jón Hjalti Eiríksson.


Þórdís Þórarinsdóttir.

Valið fyrir riðumótstöðu fer fram á grundvelli arfgerðar príongensins sem er hægt að greina með frekar auðveldum hætti. Samt sem áður er ljóst að ekki er raunhæft að arfgerðargreina allar kindur sem koma við sögu í þessu stóra verkefni. Ætternisupplýsingar geta aftur á móti í mörgum tilfellum gefið upplýsingar um hvaða arfgerðir kindur geta verið með þó þær séu ekki arfgerðargreindar. Slík spá fyrir alla gripi í ættartölu stofnsins er flókið verkefni, sérstaklega í ljósi þess hve margar samsætur um ræðir og hve margir möguleikar geta orðið ef reynt er að spá meira en eina kynslóð fram eða aftur í ættir. Þess vegna höfum við hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins þróað þessa frekar einföldu aðferð til að spá fyrir um riðumótstöðu kinda sem ekki eru arfgerðargreindar byggt á ætternisupplýsingum, og köllum spána riðukynbótamat.

*Aðferðir*

Aðferðin byggir á ákveðnum einföldunum sem gerir að hún er ekki algerlega nákvæm í öllum tilfellum. Hún hefur aftur á móti þann kost að gefa eina tölu fyrir allar kindur sem niðurstöðu sem getur verið þægilegt til að bera saman kindur með mismunandi upplýsingar á bak við sig. Spáin sem við gerum er skilgreind eins og kynbótamat, þ.e. þetta er spá fyrir um hverju hver kind skilar til afkvæma sinna frekar en spá um hvaða mótstöðu hún sjálf er með. Þetta fer þó yfirleitt saman. Jafnframt er hún sett fram á sama hátt og vaninn er með kynbótamat hér á landi, þ.e. sem tala með meðaltal 100 og staðalfrávik 10.

Aðferðin er í stuttu máli þannig að fyrst er gerð spá um fjölda eintaka af hverri genasamsætu sem líklegt er að hver gripur beri. Fyrir arfgerðargreinda gripi er það vitað út frá greiningunni. Fyrir aðra gripi er byggt á ætterni. Spáin tekur tillit til óvissu með því að gefa upp tölur á milli heilu talnanna.

Í raun getur hver kind bara haft nákvæmlega 0, 1 eða 2 eintök af hverri samsætu en spáin getur þá t.d. verið 0,5 ef helmings líkur eru á að kindin erfi eina slíka samsætu. Í næsta skrefi eru niðurstöðurnar teknar saman fyrir allar samsætur. Hverri arfgerð er gefið tölugildi sem lýsir því hve mikil vernd er tengd viðkomandi samsætu samkvæmt þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar. Byggt á því er tekið saman í eina tölu hver líkleg mótstaða afkvæma hverrar kindar er.

*Niðurstöður*

Prófanir á aðferðinni sýndu að öryggi spárinnar, þ.e. líkur á að mótstaðan sem spáð er sé nærri þeirri sem kemur í ljós ef kindin er arfgerðargreind, er ágætt ef hátt hlutfall skyldra kinda eru greindar. Hversu örugg spáin verður fyrir einstaka bú er þannig mjög háð því hvort mikið er arfgerðargreint í hjörðinni og hve mikið sæðingar hafa verið notaðar á búinu. Sæðingarnar hafa áhrif því arfgerð sæðingahrútanna er þekkt. Niðurstöðurnar sýndu líka skýrt að það er drýgra að arfgerðargreina hrúta en ær til að þekkja arfgerðirnar í sinni hjörð því hrútarnir eiga að jafnaði mun fleiri afkvæmi en ærnar. Þessar aðferðir virðast jafnframt virka betur og eiga betur við fyrir samsætur sem eru ekki mjög sjaldgæfar. Eins og staðan er í dag eru það þannig frekar H154 (AHQ) og C151 og samsæturnar sem þessar spár eru viðeigandi fyrir. Fyrir R171 (ARR) og T137 ætti að byggja á arfgerðargreiningum sem mest næstu 1–2 tvö árin alla vega. Þegar fram líða stundir og þessar samsætur verða algengari verður frekar gagn af spánni fyrir þessar samsætur líka og hægt að fara að spara sér arfgerðargreiningar.

| Kynbótamat | Greiningar skyldra einstaklinga | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 136 | F: | R171 | H154 | MF: | H154 | | | | |
| 121 | F: | T137 | | M: | H154 | | | | |
| 121 | L: | H154 | H154 | L: | H154 | | | | |
| 118 | L: | H154 | | FF: | H154 | | FMF: | H154 | |
| 108 | F: | C151 | | MF: | | | | | |
| 101 | F: | | | MF: | | | MM: | H154 | |
| 99 | F: | N138 | | MF: | | | | | |
| 96 | Foreldrar óþekktir | | | | | | | | |
| 94-95 | F: | | | MM: | | | MF: | | |
| 85 | F: | | | MM: | V136 | | | | |

Kindur sem eru ekki arfgerðargreindar. F: faðir, M: móðir; L: lamb; MF: móðurfaðir; MM: móðurmóðir.

Í meðfylgjandi töflum er dæmi um kynbótamat nokkurra kinda, bæði arfgerðargreindra og ekki arfgerðargreindra. Þessar örfáu arfhreinu verndandi R171 kindur sem eru þekktar eru eðlilega langhæstar, með mat upp á 167 og kindur arfhreinar með áhættuarfgerðina V136/V136 lægstar með 57. Aðrar arfgerðir raðast þar á milli, og villigerðin (ARQ/ARQ), sú algengasta fær mat um 94–95. Við skoðun á matinu sást hvernig kindur sem eru lægri en 95 reynast eiga ættingja með V136 (VRQ), áhættusamsætuna. Þær sem eru hærri en 97 reynast svo eiga forfeður eða afkomendur með mögulega lítið næmar, mögulega verndandi eða verndandi samsætur.

| Kynbótamat | Greiningar | |
|---|---|---|
| 167 | R171 | R171 |
| 147 | T137 | H154 |
| 121 | H154 | |
| 103 | N138 | |
| 94-95 | | |
| 57 | V136 | V136 |

Riðukynbótamat fyrir arfgerðargreindar kindur.

*Notagildi*

Við sem höfum unnið að þessu sjáum notagildi kynbótamats fyrir riðumótstöðu helst fyrir okkur með tvennum hætti. Í fyrsta lagi, nú þegar ræktunin gegn riðu er að byrja getur það hjálpað til við að finna ær sem mögulega bera mögulega verndandi samsætur, þá helst H154 því sú er algengust í á stofninum.

Þessar ær eru þá með kynbótamat nokkuð yfir 100 á meðan þær sem eru næsta örugglega bara með næmar samsætur fá mat undir 100. Það kann þá að vera meiri ástæða til að láta greina ær með hærra mat eða taka lömbin undan þeim til skoðunar og ásetnings. Hin leiðin til hagnýtingar verður trúlega frekar notuð þegar við verðum komin lengra í innleiðingunni, en þá gæti verið gagnlegt að horfa til riðukynbótamatsins við val ásetningsgimbra til að spara arfgerðargreiningar en reyna jafnframt að hámarka mótstöðu gimbrahópsins sem er settur á.

*Jón Hjalti er lektor við LbhÍ.*
*Þórdís er ráðunautur í búfjárrækt hjá RML.*




Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is



Gróffóður á fóðurgangi. Mynd / Aðsend

# Er tuggan góð?

**Öfgarnar í veðrinu ættu ekki að hafa farið fram hjá neinum í sumar, en þær hafa valdið áskorunum í gróffóðuröfluninni.**



Baldur Örn Samúelsson.

Þurrkar voru til vandræða á Austurlandi framan af sumri á meðan var mikil vætutíð á Suður- og Vesturlandi, því voru þar ekki margir gluggar til að ná fyrri slætti í góðum þurrki. Töluvert kaltjón var á túnum á Norður- og Austurlandi og því stærri hluti heyforða nýræktir og/eða grænfóður til að ná viðunandi uppskeru. Allt þetta hefur áhrif á gæði og eðli gróffóðursins sem getur valdið miklum breytileika milli ára.

*Áhrif veðurs á grösin*

Grösin vaxa misjafnt eftir veðri. Í þurru sumri geta grösin farið að forgangsraða að koma upp punti og fer meira púður í stöngulvöxt sem að alla jafna er tormeltari en blöðin og sjást þá oft hærri gildi á ómeltanlegu tréni sem getur komið niður á orku fóðursins.

Í meiri vætutíð verður meiri blaðvöxtur og grösin koma seinna með punt, hins vegar ef beðið er of lengi með að slá vegna óþurrka gætu grösin orðið of mikið vaxin sem veldur meira tréni en minni orku og próteini. Þurrkstig fóðursins hefur einnig áhrif á eðli fóðursins en blautara fóður er oftar með meira af leysanlegu próteini. Taka þarf mið af því við val á kjarnfóðri því horfa þarf þá í að fá kjarnfóður með nægri leysanlegri orku og torleystu próteini. En ef fóðrið er þurrt er meira af torleystu próteini því meiri þörf á leysanlegu próteini í kjarnfóðrinu. Ef tréni er lágt í fóðrinu ætti að horfa á trénisríkt kjarnfóður og öfugt ef mikið tréni er í fóðrinu.

*Heyefnagreiningar*

Eftir svona sumar er mikilvægi heyefnagreininga ótvírætt fyrir markvissa og góða fóðrun. Heyefnagreiningar eru mikilvægt bústjórnarverkfæri til að taka réttar ákvarðanir í fóðrun og kjarnfóðurkaupum. Gott er að huga að því að taka sýni úr því fóðri sem endurspeglar vetrargjöfina, sýni úr fyrri slætti, seinni slætti og grænfóðri. Það getur verið gott að taka sýni úr geldkúa heyinu til að athuga hversu vel hefur tekist til í framleiðslu þess og hvort þurfi að gera einhverjar breytingar á geldkúafóðruninni. Safnsýni úr fyrri slætti geta gefið fína mynd á heildarheygjöf vetrarins.

*Greiningar til áburðarleiðbeininga*

Ef taka á heysýni fyrir upplýsingar um nýtingar á áburði er ákjósanlegra að taka þá úr einni ákveðinni spildu en safnssýni gefa fína mynd á heildar heyforðanum. En fyrir nákvæmari upplýsingar fyrir áburðargjöf er gott að taka jarðvegssýni. Til að nefna ef einhverjar spildur afköstuðu undir væntingum eða eru eitthvað undarlegar er tilvalið að taka úr þeim jarðvegssýni til að leita skýringa hvort skorti einhver næringarefni.

*Greining á korni*

Ef ræktað er nokkuð af korni og nýta á í mjólkurkýr er gott að láta greina kornið til að vita þurrefnið, próteinið og sterkjuna.

Með að þekkja fóðurgildi kornsins má reikna mjög nákvæmlega korngjöfina inn í fóðuráætlunina og spara á móti aðkeypt kjarnfóður. En til að spara kjarnfóður með sem öruggustum hætti þarf að hafa allar forsendur þekktar og þar er þurrefnis- og sterkjumagn kornsins mikilvægast. Því þegar korn er greint skal alltaf óska eftir sterkjumælingu.

Hægt er að panta hey- og jarðvegssýnatöku hjá RML inni á forsíðu RML.is, þar er hnappur sem heitir „Panta sýnatöku“ eða hafa samband við næsta ráðunaut. Fyrir þá sem vilja taka sjálfir sýni má nálgast staðlaðan heyefnagreiningar fylgiseðil undir Ráðgjöf > Jarðrækt > Heyverkun inni á RML.is.

*Höfundur er ráðunautur í fóðrun.*







Pistill formanns

# Lykilhlutverk og ábyrgð

**Þegar loftslagsmál eru annars vegar** hvílir mikil ábyrgð á herðum bænda um allan heim. Í þeirra umsjón er langstærsti hluti óbyggðs ræktanlegs lands sem þar af leiðandi er kjörið til mögulegra mótvægisaðgerða gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Öll erum við farin að þekkja vágestina sem knýja dyra samfara hlýnun loftslags, bráðnun jökla, hækkandi yfirborðs og súrnun sjávar, aukna öfga í veðurfari og röskun alls kyns vistkerfa. Ég tel mig ekki þess umkominn að geta fullyrt um hverjar rætur þessa vanda eru en ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því lykilhlutverki sem bændur geta gegnt í því að hægja á þróunarferlinu og vonandi um síðir að snúa vörn í sókn.



Trausti Hjálmarsson.

**Í þessum efnum** eru íslenskir bændur ekki einungis hluti af stórri heild á heimsvísu. Þeir hafa kjörnar aðstæður og í raun beinlínis skyldur til þess að gefa tóninn, setja alþjóðleg gæðaviðmið og gera kröfur um að allir þeir sem grundvalla matvælaframleiðslu sína á landnýtingu leggist með þeim á árarnar. Auðvitað er ég meðvitaður um að sökum smæðar okkar sé rödd Íslands ein og sér ef til vill svolítið mjóróma. En þá er gott að hafa það í huga að Bændasamtök Íslands hafa í langan tíma ræktað mikilvæg tengsl við bændur í öðrum löndum. Í þeim efnum, eins og reyndar á svo mörgum öðrum sviðum, skiptir samband okkar við frændur okkar og nágranna á Norðurlöndunum ekki bara miklu – heldur væntanlega mestu – máli.

**Í síðustu viku vorum við gestgjafi** hins árlega samráðsfundar norrænu bændasamtakanna, NBC (Nordisk Bondeorganisations Centralråd). Að þessu sinni var fundurinn haldinn á Reykjavík Natura hótelinu, enda Bændahöllin og Hótel Saga komin með nýtt hlutverk. Samtökin eru komin á tíræðisaldurinn og þátttaka Íslands hefur í gegnum áratugina skotið þar föstum rótum. Við ræddum sameiginleg hagsmunamál okkar, styrkleika, tækifæri og ógnanir, að venju í þaula. Allan tímann stóð það upp úr að Norðurlöndin hefðu um þessar mundir mikil tækifæri til þess að skapa sér afdráttarlausa sérstöðu á heimsvísu hvað gæði og hreinleika matvælaframleiðslunnar varðar.

**Með hliðsjón af reglunni** „stærri hljómsveit – meiri kraftur“ er í mínum huga engin spurning um það að við eigum að taka öflugan þátt í samstarfi á þessum vettvangi. Á honum heyrist rödd okkar hátt og skýrt enda vel tekið eftir þeim náttúrulegu kjöraðstæðum sem íslenskir bændur búa við og nýta til hins ítrasta enda þótt sumrin séu stutt og veður oft válynd.

**Norræna frændur okkar** skortir vissulega sumt af því sem er á gnægtaborði hinnar íslensku náttúru. En þeir hafa eins og við aðgang að því sem víða er orðin verulega takmörkuð auðlind – vatninu. Og þau forréttindi eru ekki lítil þegar landbúnaður er annars vegar. Vatnsskortur er langalvarlegasta vandamál hinnar alþjóðlegu matvælaframleiðslu. Víða er hann nú þegar að standa hefðbundnum afköstum landnýtingar fyrir þrifum og sums staðar hefur skortur á náttúrulegu hreinu vatni beinlínis stöðvað hana með öllu. Á norðlægari slóðum er staðan sem betur fer önnur og ekki síst hér á landi þar sem við brynnum öllum skepnum okkar að grænmetinu ógleymdu með sama kranavatninu og við drekkum sjálf.

**Á þessum vel heppnaða** norræna samráðsfundi var sjálfbærni landbúnaðarins eðlilega í öndvegi. Loftslagsvænni matvælaframleiðsla, mikilvægi líffræðilegs fjölbreytileika, vönduð nýting jarðnæðis, þáttur innlends landbúnaðar í eflingu fæðu- og matvælaöryggis hverrar þjóðar var á meðal þess sem skipst var á skoðunum um. Og talandi um sjálfbærni var innlegg Samtaka ungra bænda eins og svo oft áður bæði hressandi og lífsnauðsynlegt.

**Steinþór Logi Arnarsson,** formaður samtakanna, reifaði nýliðunarvandann í bændastéttinni sem reyndar er því miður ekki séríslenskt vandamál heldur alþjóðlegt. Ef nýjar kynslóðir taka ekki við keflinu frá hinum eldri er tómt mál að tala um aðra þætti sjálfbærninnar. Steinþór nefndi þrjár meginástæður þess að hugur ungs fólks, og allra síst þeirra sem ekki hafa sterk tengsl við sveitalífið, stæði sjaldnast til landbúnaðarstarfa. Umhverfið og samfélagið, ímyndin og viðhorfið, leika þar stórt hlutverk en mestu skiptir hin efnahagslega afkoma í búrekstrinum. Og þar eru Íslendingar langt á eftir nágrönnum sínum á Norðurlöndum. Skuldsetning vegna kaupa á bújörðum og fyrsta flokks tækjabúnaði í núverandi vaxtaumhverfi íslensku krónunnar er einfaldlega ókleifur hamar fyrir ungt fólk sem ekki hefur beinlínis fæðst inn í landbúnaðinn og nýtur fjölskyldutengsla og frændhygli. Það er mikið áhyggjuefni.

**Eitt af mörgum ábyrgðarhlutverkum** íslenskra bænda er að yrkja jörðina og umgangast land sitt af alúð og nærfærni. Grundvallaratriði í hvers kyns sjálfbærni er að skila því til komandi kynslóða í betra, eða að minnsta kosti sama, ástandi og við því var tekið. En það er líka skylda hvers bónda að nýta þetta land og gjöfular auðlindir hinnar íslensku náttúru til öflugrar verðmætasköpunar – ekki bara fyrir sjálfan sig heldur samfélagið. Það er ábyrgðarhlutverk.

*Trausti Hjálmarsson,*
*formaður Bændasamtaka Íslands.*



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400



Samskipti almennings við stjórnvöld eru oft flókin og krefjast þess að einstaklingar þekki réttindi sín og skyldur.
Mynd / ghp

# Samskipti við stjórnvöld

**Í samskiptum almennings við stjórnvöld er mikilvægt að vita hvaða reglur gilda.**



Katrín Pétursdóttir.

Þessi grein fjallar um helstu reglur í stjórnsýslurétti sem hafa áhrif á samskipti almennings við stjórnvöld á Íslandi. Þessar reglur tryggja að stjórnvöld fari með vald sitt á lögmætan, sanngjarnan og skilvirkan hátt.

### *Lögmætisreglan*

Lögmætisreglan er ein af grunnreglum stjórnsýsluréttarins og felur í sér að allar ákvarðanir verða að byggja á lögum. Fyrir almenning er þessi regla mikilvæg vegna þess að hún tryggir að stjórnvöld fari ekki út fyrir sitt valdsvið eða beiti valdi sínu á ólögmætan hátt. Í stuttu máli má segja að stjórnvald má ekki aðhafast nema eiga sér viðhlítandi stoð í lögum.

Ef stjórnvöld brjóta gegn lögmætisreglunni, til dæmis með því að hafna umsókn án þess að hafa lagaheimild fyrir því, getur aðili máls krafist þess að ákvörðunin verði tekin upp á ný að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

### *Leiðbeiningarskylda*

Leiðbeiningarskylda stjórnvalda er sú skylda að veita almenningi nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Þetta felur í sér að stjórnvöld verða að leiðbeina um hvernig á að sækja um réttindi, hvaða gögn þarf að leggja fram og hvaða reglur gilda. Til dæmis, ef einstaklingur vill sækja um styrk, ber stjórnvaldi að leiðbeina honum um hvaða skjöl þarf að leggja fram, hvar umsóknareyðublaðið er að finna og hvaða skilyrði þarf að uppfylla.

Í tilfellum þar sem stjórnvöld vanrækja leiðbeiningarskylduna er möguleiki á því að krefjast þess að stjórnvöld leiðrétti mistökin eða endurskoði mál.

### *Rannsóknarreglan*

Rannsóknarreglan leggur þá skyldu á stjórnvöld að rannsaka mál nægilega vel áður en ákvörðun er tekin. Þetta þýðir að stjórnvöld þurfa að afla allra nauðsynlegra gagna og upplýsinga áður en tekin er ákvörðun sem hefur áhrif á réttindi eða skyldur almennings. Ef einstaklingur til dæmis sækir um leyfi fyrir framkvæmd, þurfa stjórnvöld að kanna hvort öll skilyrði séu uppfyllt áður en leyfið er veitt eða hafnað.

Ef stjórnvöld vanrækja rannsóknarregluna og taka ákvörðun á ófullnægjandi gögnum getur það leitt til þess að ákvörðunin sé ógildanleg. Í slíkum tilfellum er hægt að krefjast endurupptöku málsins eða kæra hana til æðri stjórnvalda.

### *Jafnræðisreglan*

Jafnræðisreglan tryggir að stjórnvöld meðhöndli alla borgara á sama hátt, nema lög eða eðli málsins kalli á mismunandi meðferð. Þetta þýðir að stjórnvöld eiga að gæta jafnræðis þegar þau taka ákvarðanir. Til dæmis, ef tveir einstaklingar sækja um sama leyfi við svipaðar aðstæður, eiga þeir báðir að fá sömu meðferð og hafa jafnan möguleika á að fá leyfið samþykkt.

Ef einstaklingur telur að honum hafi verið mismunað af hálfu stjórnvalda, til dæmis ef annar aðili hefur fengið jákvæða niðurstöðu en hann neikvæða við sambærilegar aðstæður, getur hann krafist þess að ákvörðunin verði endurskoðuð með vísan til jafnræðisreglunnar.

### *Meðalhófsreglan*

Meðalhófsreglan er regla sem tryggir að stjórnvöld grípi ekki til strangari aðgerða en nauðsynlegt er hverju sinni. Þetta þýðir að þegar stjórnvöld taka ákvarðanir sem hafa íþyngjandi áhrif á einstaklinga, verða þau að tryggja að aðgerðirnar séu hóflegar og í samræmi við markmiðið sem að er stefnt. Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Gæta skal þess að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Ef stjórnvöld fara út fyrir mörk meðalhófsreglunnar, til dæmis með því að beita of ströngum aðgerðum þar sem vægari úrræði hefðu nægt, getur einstaklingur krafist þess að ákvörðunin verði endurskoðuð.

### *Andmælaréttur*

Andmælaréttur er einn af grunnréttindum almennings í samskiptum við stjórnvöld. Hann tryggir að einstaklingur fái tækifæri til að tjá sig um mál áður en stjórnvöld taka endanlega ákvörðun sem hefur áhrif á hann. Þetta þýðir að einstaklingur á rétt á að fá upplýsingar um mál sem snertir hann og leggja fram sínar röksemdir eða gögn áður en ákvörðun er tekin. Til dæmis, ef stjórnvöld hyggjast taka ákvörðun um að synja umsókn einstaklings um leyfi, á hann rétt á að leggja fram sín sjónarmið áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Að virða andmælarétt er nauðsynlegt til að tryggja að ákvarðanir stjórnvalda séu byggðar á réttum og fullnægjandi forsendum. Ef andmælaréttur er ekki virtur getur það leitt til þess að ákvörðunin sé ógildanleg og einstaklingur getur krafist þess að málið verði tekið upp að nýju.

### *Rökstuðningur*

Rökstuðningur fyrir ákvörðunum stjórnvalda er mikilvægur þáttur í því að tryggja gagnsæi og réttaröryggi í stjórnsýslu. Rökstuðningur felur í sér að stjórnvöld útskýri á hvaða forsendum og lagagrundvelli ákvörðun er byggð. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef ákvörðunin hefur neikvæð áhrif á einstakling, til dæmis ef umsókn hans er hafnað. Með því að fá rökstuðning getur einstaklingur betur skilið ástæðurnar fyrir ákvörðuninni og ákveðið hvort hann vilji sætta sig við hana eða leita leiða til að fá hana endurskoðaða.

Ef rökstuðningur er ekki veittur eða er ófullnægjandi, getur einstaklingur krafist þess að fá frekari upplýsingar og rökstuðning, eða leita til æðri stjórnvalda til að fá ákvörðunina endurskoðaða.

### *Réttaröryggi og gagnsæi*

Samskipti almennings við stjórnvöld eru oft flókin og krefjast þess að einstaklingar þekki réttindi sín og skyldur. Með því að þekkja leikreglurnar geta borgarar tryggt að samskipti þeirra við stjórnvöld séu byggð á réttum forsendum og að ákvarðanir stjórnvalda séu sanngjarnar og lögmætar. Þetta stuðlar einnig að réttaröryggi og gagnsæi í stjórnsýslunni, sem er grundvallaratriði í réttarríki.

*Höfundur er lögfræðingur.*




Nemendur á námskeiðinu hringrás gróðurhúsalofttegunda í norðlægum vistkerfum. Mynd / Bjarni Diðrik Sigurðsson

# Mælingar í mýrlendi

**Sumarið er besti tíminn til útivistar, eða það finnst sérfræðingum okkar hjá Landi og skógi að minnsta kosti.**

Gróður er í fullri virkni og við nýtum tímann til þess að gera ýmiss konar mælingar. Sem dæmi eru unnar fjölbreyttar rannsóknir á flæði gróðurhúsalofttegunda, en þær eru grunnur þeirra gagna sem við notum í loftslagsbókhaldi Íslands sem snýr að losun frá landi.

Sumarið er þó ekki einungis nýtt í rannsóknir en við nýtum það líka til að læra meira um vistkerfi landsins. T.d. tóku sérfræðingar Lands og skógar þátt í sumarnámskeiði um hringrás gróðurhúsalofttegunda í norðlægum vistkerfum. Sérfræðingarnir starfa m.a. við mælingar á flæði gróðurhúsalofttegunda í þurr- og votlendisvistkerfum. Námskeiðið var kennt samtímis í gegnum Landbúnaðarháskóla Íslands, háskólann í Lundi í Svíþjóð og háskólann í Oulu í Finnlandi. Það samanstóð af blöndu af netfyrirlestrum, vettvangsvinnu og nemendaverkefnum. Vettvangsvinnan var unnin í þremur hópum þar sem nemendur skiptust milli Lækjar í Leirársveit, Abisko í Svíþjóð og Oulanka í Finnlandi. Rannsóknarsvæðið á Læk er hluti af sk. ReWet rannsókn þar sem verið er að mæla flæði gróðurhúsalofttegunda í framræstu votlendi sem til stendur að endurheimta, en einnig eru gerðar viðmiðunarmælingar í óröskuðu votlendi í nágrenninu. Framkvæmdar voru punktmælingar á flæði koltvísýrings og metans, flygildi voru notuð til fjarkönnunar og mismunandi umhverfisbreytur sem hafa áhrif á flæði gróðurhúsalofttegunda voru mældar. Nemendaverkefnin fólu í sér að læra að skala upp punktmælingarnar yfir á stærra svæði með hjálp fjarkönnunargagna og túlka áhrif umhverfisbreytanna á flæði gróðurhúsalofttegundanna. Loks voru svæðin þrjú skoðuð saman og reynt að koma auga á hvað gæti verið ólíkt með þeim. Þátttakan á námskeiðinu gaf góða raun fyrir starfsfólk Lands og skógar sem sinnir þessum rannsóknum.



Gasmælingar á Reynivöllum. Mynd / Vigdís Freyja Helmutsdóttir

Mýrgas verkefnið hjá Landi og skógi er dæmi um slíka rannsókn sem hefur það hlutverk að mæla losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda ($CO_2$ og $CH_4$) í íslenskum mýrum í mismunandi ástandi, aðallega framræstum og óröskuðum en einnig mýrum sem hafa verið endurheimtar. Til þess höfum við hátt í 40 reiti sem dreifðir eru um Suðvesturland og eru mældir einu sinni á tveggja vikna fresti yfir vaxtartímabilið. Að auki eru um 10 mælireitir á rannsóknarsvæðinu við Reynivelli í Kjós sem mældir eru vikulega yfir sumarið en sjaldnar á veturna. Flæði gróðurhúsalofttegunda milli yfirborðs og andrúmslofts er mælt í gegnum færanlegan klefa sem settur er á jörðina í nokkrar mínútur í senn. Klefinn er glær og hleypir sólarljósi í gegn svo binding gróðurs vegna ljóstillífunar er tekin með í reikninginn. Einnig eru framkvæmdar myrkar mælingar þar sem breitt er yfir klefann og sólarljós útilokað til þess að einangra losunina frá bindingunni. Þrjár endurtekningar af gasmælingum eru gerðar í hverjum reit en í hverri heimsókn er einnig mæld hæð vatnsborðs, jarðvegsraki, jarðvegshiti, lofthiti, ljóstillífunarvirk geislun (PAR) og grænkustuðull yfirborðs (NDVI) sem allt eru þættir sem geta haft áhrif á flæði gróðurhúsalofttegunda í votlendisvistkerfum. Að auki eru í hverjum reit tekin jarðvegssýni, dýpt jarðvegs mæld ásamt því að lagt er mat á gróðurfar, vistgerð og raskástand vistkerfisins.

Rannsóknir af þessu tagi bæta í þekkingarbrunn okkar á íslenskum vistkerfum með hverju ári og nýtast til skipulagningar á endurheimt þeirra.

*Vigdís Freyja Helmutsdóttir, sérfræðingur hjá Landi og skógi.*




## Viðhald & viðgerðir á döfinni?

Skoðaðu úrvalið til sölu og leigu á **vpallar.is**

Við sendum hvert á land sem er!

Vinnupallar bjóða frábært úrval stærri og smærri vinnupalla ásamt stigum, þurrk- og hitatækjum, loftlausum hjólbörum, öryggisvörum, fallvarnarbeltum- og festingum og svona mætti lengi telja.



Hafðu samband, fáðu ráðgjöf og öruggar lausnir hjá okkur!

VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

RANGÁRÞING EYSTRA

***Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.***

**Káragerði – nýtt deiliskipulag**

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 2,8 ha lóð úr landi Káragerðis. Heimilt verður að byggja íbúðarhús ásamt þremur aukahúsum, gestahús, gróðurhús og hesthús eða skemmu. Heildarbyggingarmagn verður allt að 800 m², hámarkshæð mænis frá plötu eru 8 m og þakhalli 0-60 gráður.

Ofangreinda tillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 18. ágúst 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 25. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

***Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt aðalskipulagslýsing á aðalskipulagi Rangárþings eystra.***

**Brekkur – breyting á aðalskipulagi, nýtt ferli**

Verið er að breyta taka 7 ha svæði úr landi Brekkna úr landbúnaðarnotkun í verslunar- og þjónustusvæði.

Hægt er að nálgast skipulagslýsinguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrú. Einnig verður skipulagslýsing kynnt með opnu húsi, á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa þann 27. ágúst n.k. frá kl 8:30 til 10:00. Ofangreint skipulagsmál er í kynningu frá 18. ágúst 2024 með athugasemdafrest til og með 10. september 2024.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra**

# Hernaði skógræktar gegn náttúru landsins verður að linna

**Almenningur hefur að undanförnu fylgst agndofa með í fjölmiðlum hvernig fyrirtækið Yggdrasill Carbon hefur látið rústa ríkulegu mólendi, með gnægð aðalbláberja og fuglalífi í landi Saltvíkur í Norðurþingi.**


Sveinn Runólfsson.

Komið hefur fram að markmið landeigandans (sveitarfélagsins) sé að búa til útivistarskóg og sveitarfélagið hafi síðan leitað til Yggdrasils til að fá hjálp við að fjármagna verkefnið með framleiðslu og sölu á kolefniseiningum. Stafafura, sem er framandi ágeng tegund, er þar í meirihluta. Óhætt er að fullyrða að umrætt berjaland er með mikilli líffræðilegri fjölbreytni og háu kolefnisinnihaldi. Botngróður stafafuruskóglendis er tegundafár og ömurlegur á að líta og í verkefnum þar sem framleiða á kolefniseiningar má gera ráð fyrir að grisjun verði lítil. Skógrækt til útivistar og kolefnisbinding með einræktun trjáa eiga lítið sameiginlegt.

Almenningur telur væntanlega að þetta náttúruníð í Saltvík sé einsdæmi hér á landi. Því miður fer því víðs fjarri. Þetta sama fyrirtæki er á allra síðustu árum að rækta skóga með svipuðum hætti á allnokkrum stöðum á landinu. Alls hefur verið gróðursett í stór svæði undir fána Skógarkolefnis, sem er í umsjá Lands og skógar, á að minnsta kosti 20 stöðum á landinu, oft með herfingu eins og í Saltvík. Vissulega ekki alltaf í jafnríkt mólendi eins og þar, en allt undir merkjum framleiðslu kolefniseininga til sölu. Engar raunverulegar mælingar hafa verið gerðar á gróðursetningarsvæðunum hvað varðar kolefnisinnihald jarðvegs, né á losun eða bindingu fyrir og eftir jarðvinnslu.


Skógarbotn í stafafuruskógi. Mynd / Sigurður H. Magnússon.

### *Stefna stjórnvalda – Líf og land*

Líf og land er opinber stefna stjórnvalda sem stofnuninni Land og skógur ber að vinna eftir. Þar segir meðal annars: *„Gróður og jarðvegur geyma mikið kolefni. Með því að stuðla að frekari bindingu kolefnis og koma í veg fyrir að kolefni losni úr gróðri og jarðvegi er dregið úr áhrifum landnotkunar á loftslag. Ýmis annar ávinningur getur fylgt slíkum aðgerðum sé rétt að þeim staðið, s.s. efling líffræðilegrar fjölbreytni, bætt miðlun vatns, jarðvegsvernd og aukin framleiðni lands.“*

Enn fremur segir í Lífi og landi: „Í samræmi við þessar áherslur (stefnunnar) er mikilvægt að huga að áhrifum landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis á líffræðilega fjölbreytni, sérstaklega fuglastofna.“ Ísland ber ábyrgð á fuglategundum sem þrífast best á bersvæði. Aukin skógrækt hefur neikvæð áhrif á afkomu þessara tegunda og upplýsingar um þessi áhrif eru grundvöllur að upplýstri ákvarðanatöku hvað varðar breytingar á landnotkun. Markmið stjórnvalda er að samþætta stefnu í loftslagsmálum, jarðvegsvernd og um líffræðilega fjölbreytni. Í ljósi stefnu stjórnvalda um eflingu aðgerða í þágu loftslagsmála þarf m.a. að huga að því hvort notkun framandi tegunda í skógrækt hafi neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Því er talin ástæða til að unnið verði áhættumat um notkun algengustu trjátegunda í skógrækt og að útbúnar verði leiðbeiningar um notkun þeirra, hvernig haga eigi vali á landi og að hverju þurfi að gæta. Val á landi til skógræktar þarf ávallt að taka tillit til náttúruverndar, minjaverndar, landslags og skógrækt skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga.


Þetta land mun með tímanum breytast í skógarbotninn á myndinni að ofan.
Mynd / Þorkell Lindberg Þórarinsson

### *Framkvæmdirnar í Saltvík*

Við framkvæmdirnar í Saltvík voru þessar áherslur stjórnvalda að engu hafðar. Markmið stefnunnar 2022–2031 eru skýr: *„Til að tryggja að vistkerfi verði heil og fjölbreytt og stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, aukna útbreiðslu náttúruskóga og vernd og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni, verði unnið að eftirfarandi markmiðum til ársins 2031 ... ... Efla verndun heilla vistkerfa og gróðurleifa. Efla og vernda líffræðilega fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu, skógræktar og við endurheimt votlendis og gróðurleifa.“*

### *Lög og alþjóðasamningar*

Það er ekki bara þessi stefna stjórnvalda sem Yggdrasill hefur að engu, heldur eru þessar skógræktarframkvæmdir í Saltvík í engu samræmi við markmið laga um náttúruvernd og stríða gegn alþjóðlegum samningum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Í 2. gr. laga um náttúruvernd er fjallað um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Í stuttu máli er meginmarkmiðið að viðhalda fjölbreytni vistgerða/vistkerfa og búsvæða og viðhalda útbreiðslusvæðum þeirra, tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum. Einnig að tryggja virkni vistkerfa til framtíðar, m.a. með því að ábyrgjast ákjósanlega verndarstöðu þeirra. Í greininni segir sérstaklega að þessi markmið eigi ekki við framandi tegundir.

Þessi grein náttúruverndarlaganna byggir á alþjóðasamningum, s.s. samningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og Bernarsamningnum sem er grundvallarsamningur Evrópuríkja um vernd lífríkis í Evrópu bæði innan og utan Evrópusambandsins. ESB hefur svo sínar eigin tilskipanir til að fullnusta vernd lífríkis, m.a. með neti vistfræðilegra verndarsvæða, Natura 2000.

### *Tilgangslaus verkefni*

Þeir sem standa fyrir og bera ábyrgð á þessum hernaði gegn náttúru landsins með óheftri skógrækt til kolefnisbindingar verða að svara hvers vegna þeir stunda þessa harkalegu jarðvinnslu. Þeim ætti að vera ljóst að þegar tegundaríku landi með kolefnisríkum jarðvegi er rústað og engar raunverulegar mælingar gerðar á kolefnisbúskap eða úttekt á líffræðilegri fjölbreytni munu skógræktarverkefnin ekki uppfylla þær gæðakröfur sem krafist er til vottunar. Án vottunar verða engar söluhæfar kolefniseiningar framleiddar og landeigandinn fær ekki tekjur af verkefninu.

Það er með ólíkindum að fyrirtæki og jafnvel sveitarstjórnir skuli láta blekkjast til að fjárfesta í kolefnisbindingu sem engin trygging er fyrir að muni fá vottun sem byggir á faglegum og mælanlegum grunni. Fyrir hverja er þá verið að misþyrma landinu eins og gert hefur verið við Húsavík?

Skógrækt í mólendinu við Húsavík er dæmi um þá staðreynd að hér á landi er virk náttúruvernd utan friðlýstra svæða nánast engin. Það er kominn tími til að stjórnvöld geri sér grein fyrir þessu og setji reglur sem koma í veg fyrir landníðslu af þessu tagi.

F. h. stjórnar VÍN, vina íslenskrar náttúru.

*Höfundur er er formaður stjórnar VÍN.*




liftroller®
HVERNIG VÆRI AÐ FARA FREKAR INN UM GLUGGANN?
Liftroller er lausn sem auðveldar allan flutning á byggingarefni á færibandi inn og út af verkstað. Þannig minnkar álagið á starfsfólki.
www.byko.is/leiga | leiga@byko.is | 515 4020
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




# Af hverju lífræni dagurinn?

**Lífræni dagurinn verður haldinn hátíðlegur laugardaginn 21. september kl. 11–15. Nokkur lífræn býli um land allt opna hjá sér þennan dag. Þar munu gestir geta séð, smakkað og lært hvað lífrænir bændur eru að fást við.**

Þau lífrænu býli sem eru búin að staðfesta opið hús eru:

- *Yrkja, Syðra-Holt, Svarfaðardal*
- *Sólbakki garðyrkjustöð, Ós, Hörgársveit*
- *Móðir Jörð, Vallanesi, Fljótsdalshéraði*
- *Búland kúabýli, Hvolsvelli*

Einn viðburður verður á höfuðborgarsvæðinu á Á Bistro í Elliðaárdal. Á Bistro ætla í samstarfi við Lífrænt Ísland og VOR að bjóða upp á rétti byggða nær alfarið á lífrænum íslenskum hráefnum þennan dag. Það verður því hægt að kaupa sér dýrindis lífrænan íslenskan mat á Á Bistro þennan dag og fræðast um lífræna ræktun. Nokkur erindi verða á deginum og afþreying fyrir börnin.

Á Íslandi er ræktað og framleitt fjölbreytt úrval af lífrænt vottuðum vörum og snyrtivörum. Við sjáum sjaldan þessar vörur allar á einum stað en það munum við gera á lífræna deginum á Á Bistro í Elliðaárdal. Listakonan Antje Taiga Jandrig mun í tilefni dagsins gera listaverk úr lífrænt vottuðum íslenskum vörum.

Þeir framleiðendur sem verða með á Á Bistro verða kynntir á heimasíðunni www.lifraentisland.is og á Facebook-síðu Lífræns Íslands á næstu vikum.

### *Hugmyndin á bak við lífræna daginn*

Þegar ég bjó í Danmörku fyrir nokkrum árum fór ég ásamt manninum mínum, Jesper, og nýfæddum syni á lífræna daginn í Danmörku sem tengdaforeldrar mínir héldu hátíðlegan það árið. Tengdaforeldrar mínir, Søren og Britta, eru lífrænir bændur á Vestur-Jótlandi. Á býlinu reka þau matvöruverslun þar sem allt er lífrænt vottað og þau rækta um 85 mismunandi tegundir. Þennan lífræna dag komu yfir þúsund manns sem fylgdust með því þegar kúnum var hleypt út eftir veturinn, fengu sér lífræna máltíð, keyptu í matinn, og börn gátu kíkt á kýrnar og leikið sér í heyböggum.

Eftir að við fjölskyldan fluttum til Íslands tók ég eftir því hversu lítið úrval var af lífrænt vottuðum vörum í búðunum miðað við í Danmörku og hversu lítið úrval var af lífrænt vottuðum íslenskum vörum. Ég hef síðan þá viljað leggja mitt af mörkum til að fræða neytendur um af hverju lífræn ræktun skiptir máli.

Innblásin af lífræna deginum sem ég tók þátt í í Danmörku kom hugmyndin að stofnun lífræna dagsins á Íslandi fyrir tveimur árum. Ég, Jóhanna Vilhjálmsdóttir og Tumi Bjartur Valdimarsson skipulögðum daginn í samvinnu við VOR (Verndun og ræktun) og Lífrænt Ísland verkefnið – sem ég gekk til liðs við í kjölfarið.

Markmið lífræna dagsins er að vekja athygli á lífrænni ræktun og framleiðslu á Íslandi og að Íslendingar fái tækifæri til að heimsækja lífræn býli og kynnast bændum og framleiðendum og ekki síst smakka á því sem verið er að rækta og framleiða lífrænt á Íslandi.

Ræktunarland með lífræna vottun er aðeins um 1,5% af ræktunarlandi á Íslandi í dag. Markmið Evrópusambandsins er að 25% af ræktunarlandi í Evrópu verði komið með lífræna vottun árið 2030. Það er ekki að ástæðulausu að Evrópusambandið er farið að leggja meiri áherslu á lífræna ræktun, en lífræn ræktun stuðlar m.a. að jákvæðari áhrifum á líffræðilegan fjölbreytileika, verndun drykkjarvatns og hafs og lífríki hafsins. Jarðvegur sem er heilbrigður er betur í stakk búinn til að takast á við flóð og þurrka og er þar að auki betri kolefnisgeymsla. Þar skiptir höfuðmáli að ekki sé verið að nota tilbúinn áburð, eingöngu sé notaður lífrænn áburður sem er ein grunnreglan í lífrænni ræktun.

Hvort sem manni er annt um umhverfið eða maður vill lágmarka eiturefnaleifar og aukaefni sem maður verður fyrir úr matvöru eða ber á sig í gegnum snyrtivörur þá hafa lífrænt vottaðar vörur vinninginn í öllu þessu.

Við hjá Lífrænu Íslandi hvetjum alla til að heimsækja lífræn býli víðs vegar um landið á lífræna daginn eða kíkja við á Á Bistro í Elliðaárstöð.

*Anna María Björnsdóttir, verkefnastjóri lífræna dagsins, Lífrænt Ísland.*

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**


Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum
**Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.**
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is
**Vík verkstæði**
Einhella 6,221 Hafnarfirði



**SERES 3**
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!
**Verð 4.490.000,-**
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".
RAG import – export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is
VIÐ AUGLÝSUM **ALDREI** „VERÐ FRÁ"

Vatnshitarar fyrir sumarhús


Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-
Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144


Lífrænt hreinsivirki!
NÚTÍMA ROTÞRÓ
Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar
HVAMMSHÓLAR
SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



Lilja Magnúsdóttir í skóginum á Kvígindisfelli í Tálknafirði, trén voru gróðursett 2002. Mynd / Aðsend

# Skógrækt og skemmtun

**Þegar líður að hausti breytist yfirbragð skóganna í stórkostlega haustlitasinfóníu og skógarbændur fara að huga að félagsmálum sínum.**



Lilja Magnúsdóttir.

Í gegnum árin hafa LSE, Landssamtök skógareigenda, staðið fyrir árlegum fundum þar sem skógarbændur af öllu landinu hafa komið saman og rætt málin og skemmt sér saman. SkógBÍ, búgreinadeild skógarbænda innan Bændasamtaka Íslands, ásamt félögum skógarbænda um allt land, hefur tekið við þessu kefli og haustið 2023 var haldið glæsilegt málþing á Varmalandi í Borgarfirði.

Nú er röðin komin að Félagi skógarbænda á Vestfjörðum sem stendur fyrir málþingi um skógrækt á Dalahóteli á Laugum í Sælingsdal þann 12. október í haust þar sem félagsmál skógarbænda verða í brennidepli. Ásamt Vestfirðingum koma SkógBÍ og félög skógarbænda um allt land að þessu málþingi og þar verður fjallað um ýmis málefni tengd skógrækt í fortíð, nútíð og framtíð ásamt félagsmálum skógarbænda.

Yfirskrift þingsins er Skógrækt í dag, hvað ber framtíðin í skauti sér? Margir áhugaverðir fyrirlesarar verða á málþinginu og þangað koma góðir gestir til að taka þátt í umræðum okkar skógarbænda um okkar málefni. Við fræðumst um hvernig hefur gengið á þeim 25 árum sem liðin eru síðan lög um landshlutaverkefni í skógrækt voru sett og skógrækt á bújörðum bænda hófst um allt land. Við sjáum dæmi um þau verkefni sem unnin hafa verið og hverju hefur verið áorkað í skógrækt á bújörðum. Einnig heyrum við sögur úr skógunum og skógarstarfinu og reynum að skyggnast inn í framtíðina um ræktun og notkun skóganna okkar. Á málþinginu verður einnig rætt um félagsmál skógarbænda, hverjir eru málsvarar okkar skógarbænda gagnvart ríki og stofnunum þess og hvaða þjónustu skógarbændur geta fengið hjá þeim aðilum. Jafnframt veltum við upp spurningum um hvernig hagsmunir skógarbænda eru best tryggðir félagslega séð og hvernig við getum eflt samstöðu og samtakamátt skógarbænda um allt land.

Að venju verður skógarganga eftir málþingið og þar gefst okkur tækifæri til að kynnast skógrækt Sigurbjörns Einarssonar í næsta nágrenni Lauga. Skógarreitur Sigurbjarnar er áhugaverður staður og þar hefur hann unnið mikið starf með ýmiss konar tilraunum og prófunum sem gaman verður að heyra um og sjá árangurinn af.

Eftir skógargönguna er svo komið að árshátíð skógarbænda þar sem tækifæri gefst til að hitta aðra skógarbændur, rifja upp gömul kynni og mynda ný tengsl, ræða málin, hlæja saman og njóta góðra veitinga. Boðið verður upp á góðan mat, skemmtiatriði úr héraði og síðast en ekki síst notalega samverustund skógarbænda þar sem gleðin verður í fyrirrúmi.

*Höfundur er formaður Félags skógarbænda á Vestfjörðum og skógarbóndi í Tálknafirði.*

# Háhraðatíska

**Háhraða tískuiðnaðurinn (e. ultra fast fashion) tekur allt sem er slæmt við hraðtískuiðnað (e. fast fashion) og magnar það upp.**



Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir.

Þetta þýðir hraðari og lélegri framleiðsla á fatnaði, meiri sviptingar í tískutímabilum og örari endurnýjun í verslunum sem að lokum þýðir að fatnaður fer enn hraðar í landfyllingar. Fatnaður er framleiddur úr lélegu ofnu efni (ýmsum útgáfum af plasti) sem losar auðveldlega míkrótrefjar af þessu skaðlega efni í vatn og loft okkur öllum til skaða í áravís. Þetta þýðir einnig verri framkoma gagnvart verkafólki þar sem aðbúnaður og umhverfi hefur tekið nýjum lægðum, allt til að auka afköst með sem minnstum gæðum og mestum gróða fyrir eigendur, á kostnað barna og kvenna sem helst starfa þar við hrikalegu aðstæður.

Ef hraðtískan er slæm þá er háhraðatískan hræðileg. Meðan hraðtískan sækir innblástur til hátískunnar og ber á borð ódýrari útgáfur hennar á fjórum árstíðum, reynir háhraða tískuiðnaðurinn að auka ofneyslu og höfða til fíknar fólks hvað varðar nýjan fatnað og örari tískutímabil. Af því fötin eru svo ódýr er reynt að selja alla litina eða allar gerðirnar af hverri flík eða útfærslu og oft nokkrar stærðir af sömu flík til að tryggja að einhver passi. Þetta er svo innblásið af áhrifavöldum og samfélagsmiðlum, sem fá fatnaðinn gefins og auglýsa grimmt flíkur og tískustefnur sem breytast daglega. Nýjum fatnaði er ekki lengur stillt fram á fjórum árstíðum, heldur koma hundruð eða þúsundir nýrra flíka daglega á síðum þessara verslana. Þetta eru netverslanir sem við þekkjum vel; Shein og Temu sem dæmi. Orðspor þeirra bæði hvað varðar umhverfisvernd og aðbúnað verkafólks er agalegt. Þessi merki tengja samfélagsmiðla og áhrifavalda beint við neyslumenninguna og algóritminn færir núverandi og tilvonandi kaupendum hugmyndir um kaup á mun meiri hraða en hinar hefðbundnu árstíðarvörur koma fram í verslanir.



Mynd / Marcus Loke Unsplash

Með þessari tengingu við áhrifavalda og samfélagsmiðla hefur kaupæði (e. shopping haul) verið gert að skemmtun án nokkurrar magnvitundar. Það er nefnilega oft óljóst hversu mikið er keypt, af hvaða gæðum og hvað er og verður raunverulega notað af þessu öllu saman. Þessi sömu fatamerki með sín lágu verð eru að gera fatasóun að sjálfsögðum hlut. Þarna er flík slitin eftir fáa þvotta (kannski bara einn þvott) eða hefur lokið gagni sínu eftir eitt skipti í notkun, já eða aldrei og verður þannig að rusli með tilheyrandi þörf á að kaupa nýja flík. Það sem er verra er að það er erfitt að vinna tölfræði um áhrif tísku og fatakaupa, þar sem áreiðanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir og við að nálgast þær en giskað er á að hver flík sé að meðaltali notuð sjö sinnum og að fyrir hverjar fimm framleiddar flíkur í dag endi þrjár í landfyllingu eða brennsluofni. Þetta eru sláandi tölur og sýna fram á að við erum alls ekki á réttri leið þegar kemur að sjálfbærni og umhverfisvernd.

### *Kaupin þín hafa áhrif*

Við þekkjum flest hugtakið grænþvott. Með grænþvotti er fólki talið trú um að það sem um er fjallað sé betra fyrir umhverfið en það er. Siðferðisþvottur (e. ethic-washing) er minna þekkt hugtak um það þegar fólki er talið trú um að vara sé framleidd á betri hátt en hún í raun er, þegar horft er til áhrifa framleiðslunnar á fólk og dýralíf. Aðferðir sem notaðar eru til siðferðisþvottar eru margar, t.d. að ýkja stórlega jákvæð áhrif framleiðslunnar, að snúa út úr sannleikanum, að sýna misvísandi myndir af framleiðslu, setja fram óljósar kröfur og fullyrðingar, sýna fram á loðnar vottanir, beina athygli frá því versta og gjarnan lykilatriðum eða einfaldlega ljúga. Fyrsta óljósa hugtakið sem gjarnan er sett fram eru sanngjörn laun sem getur þýtt að framleiðandi greiði smánarleg laun fyrir framleiðsluna vegna fátæktar og neyðar verkafólks en ekki sanngjörn laun sem duga til framfærslu viðkomandi. Háhraða tískuiðnaðurinn er líka skelfilegur hvað varðar hraðann sem honum fylgir. Þannig er fólki gert illmögulegt að íhuga kaup áður en þau eiga sér stað, slíkur er hraðinn og oft melding um að nú sé síðasta flíkin af þessari tegund eða stærð í körfunni … svo þá tekur fólk áhættuna og slær til því þegar flík kostar jafnmikið og pylsa með öllu, hverju er þá verið að tapa? Þumalputtareglan er sú að sé ný flík ódýr er hún framleidd við bágar aðstæður sem bæði manneskjur og umhverfi hafa liðið fyrir.

### *Hvernig getum við stöðvað þennan háhraða tískuiðnað?*

Lykilatriði í kauphegðun margra í dag er notkun samfélagsmiðla, með því að forðast myndbönd með áhrifavöldum sem stunda þessi magnkaup og smáforrit sem ýta undir kauplöngun er stórt skref stigið í átt að minni neyslu og ábyrgari kaupum. Að hætta að versla fatamerki sem vitað er að eru skaðleg fyrir fólk og umhverfi er einnig mikilvægt. Um leið og hægt er að finna fatamerki sem tryggt er að eru framleidd á ábyrgan og umhverfisvænan hátt og versla frekar við verslanir sem selja þær. Það er nefnilega til mikils að vinna að draga úr neyslu og minnka sóun og við getum öll lagt okkar af mörkum. Við getum fækkað hlutum sem við kaupum og endurnýtt það sem þegar er til með því að þrifta eða kaupa af annarri hendi (t.d. í gegnum sölusíður), af básaleigum eða loppusölum, verslunum með notaðan fatnað og nytjamörkuðum. Með því að þrifta erum við að draga úr umhverfisáhrifum, fjölga þeim skiptum sem varan er notuð og draga úr framleiðslu og urðun eða brennslu. Það er sem betur fer sífellt vinsælla að lifa umhverfisvænum lífsstíl og þar er margt unga fólkið okkar fremst í flokki sem sannarlega er til fyrirmyndar, já og mörg okkar eldri sem ólumst upp við nýtni og sparsemi. Um leið er viss hópur sem finnst sjálfsagt að versla háhraða tískufatnað með tilheyrandi slæmum áhrifum og telur sér trú um að þetta sé hagsýni sem það sannarlega er ekki, alls ekki fyrir umhverfið og enn síður fyrir verkafólkið sem vinnur við bágar og ómannúðlegar aðstæður við að framleiða ódýra flík á mengandi hátt. Það er nefnilega hægt að gera afar góð kaup með því að þrifta og fyrir utan miklu minna kolefnisspor er hægt að gera afar góð kaup og um leið kaupa vandaðan fatnað.

### *Sláandi tölur*

Flest föt sem framleidd eru og seld í dag eru annaðhvort brennd eða lenda í landfyllingu. Aðeins 8% fatnaðar fara í endursölu, 10% fatnaðar sem kemur á endurvinnslustaði er endurunninn á einhvern hátt og minna en 1% notaðs fatnaðar er nýtt í endurhönnun, sem vonandi fer að verða vinsælla. Við þurfum sárlega að efla hringrásar tískuiðnaðinn með því að þrifta, gera við fatnað og breyta honum ef þarf, skiptast á, endurvinna og leigja fatnað. Sem betur fer er margt jákvætt að gerast og ábyrgir framleiðendur horfa til þess að lágmarka vistsporið og bjóða upp á gæðavörur, lífrænt vottaða framleiðslu eða sanngjarna viðskiptahætti (e. fair trade). Hönnuðir tala um „línulausa nálgun“ eða „árstíðalausa nálgun“ þar sem áhersla er lögð á vandaðan og sígildan fatnað sem endist lengur (e. slow fashion). Einnig spretta fram básaleigur, sölusíður og fataleigur sem gera fólki auðvelt fyrir að bæði nálgast og losa sig við fatnað á ábyrgan hátt. En til þess að að haldið verði áfram á þessari braut er mikilvægt að við sýnum í verki og með innkaupum að við sniðgöngum framleiðslu sem er skaðleg umhverfi og náttúru og þar sem mengunarvarnir, launakostnaður og vinnuaðstaða starfsfólks er bágborin. Við verðum líka að kaupa sjaldnar og minna, vera ábyrgir neytendur. Við einfaldlega getum ekki endurunnið okkur í gegnum þetta mikla vandamál sem fataiðnaðurinn og offramleiðsla er. En með því að þrifta, nota lengur, kaupa minna, endurnýta og styðja við fyrirtæki sem stuðla að endursölu, endurhönnun, viðgerðum og með því að skiptast á eða leigja fatnað erum við að leggja okkar af mörkum við að draga úr mengun, sóun og urðun fyrir okkur öll og framtíðina.

*Höfundur er leikskólastjóri og þriftari.*



# Ullarvika á Suðurlandi

**Ullarvika á Suðurlandi er nú haldin í þriðja sinn. Að Ullarvikunni standa Feldfjárbændur, Spunasystur, Uppspuni, Þingborgarkonur og fjölmargir fleiri aðilar sem lifa og hrærast í ull og kindum. Þetta er vikulöng hátíð sem hefst 29. september og lýkur 5. október.**





Hulda Brynjólfsdóttir.

Dagskráin er fjölbreytt en öll árin sem vikan hefur verið haldin hefur sauðfjárlitasýning, markaðstorg, fjöldi fjölbreyttra námskeiða og fyrirlestrar verið hluti af því sem þar er að finna. Fólk hefur komið frá mörgum löndum á þessa hátíð sem hylla um íslenskar sauðkindur og ullina sem hún gefur og öllum þeim fjölbreyttu nýtingarmöguleikum hennar.

Ull er svo sannarlega gull og er þessi vika fyrst og fremst hugsuð til að gera henni hátt undir höfði og leyfa fólki að njóta ullar og læra meira um hana og hvernig má nýta hana í hvers konar handverk, en auk þess í allt mögulegt annað en handverk á skapandi og uppbyggilegan hátt.

Kennarar og fyrirlesarar koma víða að en í hópi þeirra sem að ullarvikunni standa má finna aðila sem eru býsna fróðir um ull og hvernig má vinna hana og eru heimamenn því einnig kennarar á námskeiðunum sem í boði eru. Meðal námskeiða má til dæmis nefna spuna, prjón, litun, þæfingu, sauðfjárrækt með áherslu á ull og fjöldamargt annað.

Við sem stöndum að Ullarvikunni vinnum alla vinnu í sjálfboðavinnu og undirbúningur fyrir hana er heilmikill til að skipulag gangi upp og er hún haldin annað hvert ár. Síðast var hún haldin haustið 2022.

Spunasystur eru hópur kvenna sem er búsettar víðs vegar í Rangárvallasýslu. Flestar þeirra eru bændur sem eiga sauðfé og snýst félagsskapurinn fyrst og fremst um að handspinna úr eigin ull, þæfa, prjóna, vefa, lita, fræðast og fræða aðra, hittast og hafa gaman og efla áhuga og auka virðingu fyrir íslensku sauðkindinni. Margar þeirra hafa opnað vinnustofu heima á bæ sínum og á ullarvikunni eru þessar vinnustofur opnar og hægt að keyra á milli og sjá hvað hver og ein er að gera. Óhætt er að fullyrða að það sé vel þess virði að kíkja í heimsókn til þeirra, en kort með staðsetningu þeirra er gefið út fyrir ullarvikuna. Ein Spunasystir býr austur í Álftaveri og verður hennar vinnustofa einnig opin og þá hafa fleiri aðilar bæst í hópinn til að opna vinnustofuna sína og bjóða fólki að kíkja til þeirra.

Þingborgarkonur er annar hópur kvenna sem hefur í tugi ára hist reglulega, prjónað og spunnið og selja þær vörur sínar í Gömlu Þingborg. Ullarvikan byrjaði árið sem þær áttu þrjátíu ára starfsafmæli og fer stærstur hluti viðburðanna fram í Félagsheimilinu Þingborg sem er örstutt frá Ullarversluninni í Gömlu Þingborg.




Í félagsheimilinu verður einnig kaffihús opið í lok vikunnar og laugardaginn 5. október fer markaðstorgið þar fram, ásamt tískusýningu og spunakeppni. Þar er opið fyrir alla að koma með prjónana sína og sitja með öðru prjónafólki, fá sér kaffi og bakkelsi og njóta þess að vera til. Á heimasíðunni má finna hvenær prjónakaffið er opið.

Uppspuni er smáspunaverksmiðja sem er starfrækt af fjölskyldu rétt austan við Þjórsárbrú. Á ullarvikunni verða ýmsir viðburðir sem eru opnir gestum og verður opið inn í vinnsluna og búðina alla dagana, auk þess sem þar fara fram námskeið og fleiri viðburðir sem auglýstir eru á heimasíðu ullarvikunnar; www.ullarvikan.is Meðal viðburða þar má nefna opið fjárhús þar sem féð verður rúið og víkingadag þar sem víkingar koma og sýna gamalt handverk og fleira tengt víkingatíma landsins.

Þá er opið og námskeið að finna í Hespuhúsinu á Selfossi og hægt að kíkja þar í litunarpottana sem malla með jurtum og umbreyta garni í litadýrð sem er göldrum líkast. Má nefna námskeið þar sem tengist skapandi prjóni ásamt fjölmörgum öðrum. Það er sömuleiðis auglýst á heimasíðunni.

Þetta er aðeins brot af því sem verður í boði á ullarviku á Suðurlandi 2024 og vel hægt að mæla með því að fólk taki sér tíma til að kíkja í sveitina og taka þátt í því sem þar fer fram.

*Höfundur er eigandi Uppspuna, sem er einn af þeim aðilum sem hefur staðið að Ullarvikunni.*

**Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól óskar eftir hjúkrunarfræðingi.**

DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ Fellaskjól

**Starfshlutfall eftir samkomulagi.**

**Eins er hægt að skoða tímabundna ráðningu ef þess er óskað.**

Fellaskjól leitar eftir duglegum og kraftmiklum hjúkrunarfræðingi til þess að koma til starfa á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Fellaskjóli í Grundarfirði.

Heimilið er sjálfseignarstofnun með leyfi fyrir 12 hjúkrunarrýmum.

Því er þetta tilvalið tækifæri fyrir hjúkrunarfræðing sem hefur áhuga á að vinna á notalegu litlu hjúkrunarheimili með skemmtilegu og hjálpsömu teymi og heimilisfólki.

Hjúkrunarfræðingur vinnur dagvaktir, en er einnig á bakvakt eftir samkomulagi.

Starfið felur í sér umönnun aldraðra, lyfjaumsjón, RAI - mat heimilismanna og ýmiskonar pappírsumsýslu. Hjúkrunarfræðingur heldur einnig utan um hjúkrunaráætlanir heimilisfólks og sér um að skipuleggja og veita fræðslu til umönnunarstarfsfólks, heimilismanna og aðstandenda.

**Hæfniskröfur:**

- **Hjúkrunarnám frá viðurkenndri menntastofnun**
- **Starfsleyfi landlæknis**
- **Góð hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á starfi með öldruðum.**
- **Fær um að sinna ábyrgðarfullu hlutverki**
- **Frumkvæði, áreiðanleiki og jákvætt viðhorf**
- **Stundvísi og skipulögð vinnubrögð**
- **Sveigjanleiki í starfi**
- **Vinnur vel í teymi**
- **Gott vald á íslenskri tungu**

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Samband íslenskra Sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsækjanda býðst einnig aðstaða í formi herbergis með sér baðherbergi og lítillar eldhúsaðstöðu, þar til fundin er langtíma lausn.

Staðan er laus frá 1. september.

**Frekari upplýsingar veitir Rakel Birgisdóttir mannauðstjóri og launafulltrúi í síma 894-1969/438-6677 eða á netfangi: fellaskjol@simnet.is**

Ef áhugi er fyrir hendi má senda umsókn ásamt ferilskrá, kynningarbréfi, starfsleyfi og sakaskrá á fellaskjol@simnet.is



# „Við vorum ekki Akureyringar“

**Rit Sögufélags Eyfirðinga, Súlur, er komið út og færir fjölbreytt efni að venju að því er fram kemur í tilkynningu frá útgefendum.**




„Kristín Aðalsteinsdóttir ræðir við Ásu Marinósdóttur ljósmóður þar sem margt fróðlegt og skemmtilegt ber á góma. Aðalbjörg Bragadóttir fjallar um hið ástsæla ljóðskáld Kristján frá Djúpalæk og Sigfús Jónsson lítur til baka á tíma sinn sem bæjarstjóri Akureyringa.

Viðtal Kristínar M. Jóhannsdóttur við þrjá Þorpara varpar afar athyglisverðu ljósi á lífið norðan ár þegar Glerárþorp var í mótun en lengi vel áttu Þorparar undir högg að sækja hjá Akureyringum. Er þá fátt eitt talið af því sem Súlur færa okkur að þessu sinni,“ segir í tilkynningu ritnefndar hins norðlenska tímarits.

Hægt er að gerast áskrifandi að Súlum í síma 863-75299 – eða gegnum netfangið jhs@bugardur.is.

*/ghp*

## Vestmannaeyjar:

# Að brúka bekki

**Nývierið kortlagði Vestmannaeyjabær tvær gönguleiðir þar sem tryggt er að ekki sé meira en 250 metrar á milli bekkja.**

Þær stöllur Ólöf A. Elíasdóttir og Anna Hulda Ingadóttir áttu frumkvæði að hugmyndinni þar í bæ, sem byggir á verkefni Félags íslenskra sjúkraþjálfara frá árinu 2010 og ber nafnið „Að brúka bekki“. Upphaflega verkefnið var unnið í samstarfi við Félag eldri borgara og gengur út á að ekki séu meira en 250 m á milli hvíldarstaða enda skortur á bekkjum oft hindrun fyrir þá sem erfitt eiga með hreyfingu, hvort sem á við eldri borgara eða þá yngri.

Gaf kvenfélagið Heimaey fimm bekki til verkefnisins auk þess sem gefnir hafa verið þrír til viðbótar, sannarlega búbót í þágu frábærs framtaks.

*/sp*



Þrjár hressar í þjóðbúningum á toppi Tindastóls, allt félagskonur í Pilsaþyt. Frá vinstri: Guðrún Ingólfsdóttir, Svava María Ögmundsdóttir og Sigríður Ingólfsdóttir. Myndir / Aðsendar



Jóhanna Björnsdóttir og Ásta Ólöf Jónsdóttir eru dyggir stuðningsmenn Tindastóls í körfubolta og eru hér með Íslandsmeistarabikarinn.



Ásta Ólöf í sínum fallega þjóðbúningi en hún er í forsvari fyrir Fjallkonuhátíðina.

## Skagafjörður:

# Þjóðbúningarnir heiðraðir

**Fjallkonuhátíð fer fram í Skagafirði dagana 7. og 8. september. Hátíðin er haldin fyrst og fremst til að heiðra minningu frumkvöðla í þjóðbúningamenningu okkar Íslendinga.**

Í ár eru 150 ár liðin frá andláti Sigurðar Guðmundssonar, sem nefndur var „Sigurður málari“. Hann var fæddur á Hellulandi í Hegranesi í Skagafirði og uppalinn í Skagafirði. Hann var mikill áhugamaður um íslenska búninga og hannaði m.a. íslenska skautbúninginn eins og við þekkjum hann í dag.

Hugmyndin kom frá Þjóðbúningafélagi Íslands og er haldin í samstarfi við Pilsaþyt í Skagafirði og Annríki – þjóðbúningar og skart í Hafnarfirði.

### *Kvenfélag Rípurhrepps*

„Sigurður átti tengsl við Sigurlaugu Gunnarsdóttur í Ási í Hegranesi, sem var mikil framákona á sinni tíð. Hún kom að stofnun fyrsta kvenfélags á Íslandi, Kvenfélags Rípurhrepps, sem enn er starfandi. Sigurlaug saumaði elsta skautbúninginn sem varðveist hefur eftir fyrirmynd Sigurðar málara. Þriðji aðilinn er síðan Guðrún Skúladóttir (1740–1816), dóttir Skúla fógeta, fædd á Ökrum í Blönduhlíð, mikil hannyrðakona og var nefnd „Blómstranna móðir“.

Um þetta fólk má meðal annars fræðast á hátíðinni í erindi Hildar í Annríki,“ segir Ásta Ólöf Jónsdóttir, sem er í forsvari fyrir Fjallkonuhátíðinni.

### *Klæddist fyrst upphlut í menntaskóla*

Ásta Ólöf greinir heilmikla þjóðbúningastemningu í þjóðfélaginu núna. Alltaf sé gaman að sjá þingkonur og ráðherra skrýðast búningum við hátíðleg tækifæri og þá ekki síður þær yngri en hinar eldri.

„Þjóðbúningadagar framhaldsskólanna hafa líka örugglega sitt að segja. Ég til dæmis klæddist upphlut í fyrsta sinn nítján ára gömul á árshátíð Menntaskólans á Akureyri, búningi sem mamma saumaði sér fermingarárið mitt. Þá ákvað ég að svona ætlaði ég að eignast þegar ég yrði stór,“ segir Ásta Ólöf hlæjandi og bætir við að þjóðbúningar kvenna hafa verið meira áberandi en karla enda fjölbreyttari, en karlarnir koma þó sterkir inn. Bæði hafi konurnar verið duglegar að sauma á þá og svo séu alltaf einhverjir sem sauma sjálfir.

### *Fjölbreytt dagskrá*

Dagskrá hátíðarinnar er mjög fjölbreytt en hún verður sett formlega laugardaginn 7. september klukkan 13 í Miðgarði með ávarpi forystukvenna í Pilsaþyt og Þjóðbúningafélagi Íslands. Að því loknu verður glæsileg þjóðbúningasýning Annríkishjónanna Hildar og Ása á efri hæð í Miðgarði. Aðgangur að sýningunni er ókeypis.

Þar verða til sýnis búningar af öllum stærðum og gerðum. Klukkan 15.45 þennan dag verður líka sérstök þjóðbúningamyndataka í Miðgarði, með öllum sem mæta í þjóðbúningum. Á sunnudag verður rútuferð á slóðir frumkvöðlanna. Í hana þarf að skrá sig hjá Pilsathytur@gmail.com og hún kostar 4.000 krónur.

### *Pylsaþytur áberandi í Skagafirði*

Þegar Ásta Ólöf er spurð út í þennan mikla áhuga á þjóðbúningum í Skagafirði er hún fljót til svars. „Við í Pilsaþyt reynum að vera áberandi við hin ýmsu tækifæri. Hér eru margir sem eiga búninga en hér bjó einmitt kona um árabil, Helga Sigurbjörnsdóttir, sem nú er látin en hún hélt námskeið og aðstoðaði marga við að koma sér upp búning. Við Pilsaþytskonur saumuðum í sameiningu kyrtil sem Fjallkona Skagfirðinga klæðist á 17. júní og notaður er við hátíðleg tækifæri hér í firðinum. Hann verður væntanlega sýnilegur á hátíðinni. Pilsaþytur rekur sig aftur til ársins 2013 þó formlega hafi félagið verið stofnað 10. mars 2019 í baðstofunni í Glaumbæ.“

Allar nánari upplýsingar og dagskrá Fjallkonuhátíðarinnar er að finna á Facebook-viðburðinum „Fjallkonuhátíð í Skagafirði 7.–8. september 2024“.

*/mhh*






Þau Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, undirrita greinargerð um nýtt hlutverk hússins. Mynd / Margrét Ágústa

# Nýr hornsteinn lagður að Sögu

**Lagður var nýr hornsteinn að húsinu sem lengst af gekk undir nafninu Bændahöllin, en endurbætur þess eru langt komnar.**

Þann 21. ágúst sl. lögðu þau Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, nýjan hornstein að Sögu við Hagatorg.

Festi ríkið og Félagsstofnun stúdenta kaup á húsnæðinu fyrir tæpa fimm milljarða kr. í lok árs 2021 og var ljóst að ráðast þyrfti í talsverðar endurbætur og viðgerðir. Framkvæmdir á Sögu hafa staðið yfir frá árinu 2022 en lagt var upp með að þær stæðu ekki lengur yfir en í rúm tvö ár, sem hefur gengið eftir.

„Það er afar ánægjulegt að nú hillir undir verklok við endurbætur á Sögu og að húsið verði tekið í notkun á ný. Saga á sér glæsta sögu en nú er komið að kaflaskilum og við leggjum ríka áherslu á að færa húsið inn í nýja tíma og að þar verði blómleg og lifandi starfsemi,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir að flutningur Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í Sögu fari fram að mestum hluta í október, nóvember og desember nk. og reiknað er með að starfsfólk og nemendur Háskóla Íslands flytji inn í húsið síðar í haust.

*/sp*

# „Tínum tunglsljós af vötnum“

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Ólafi Jóhanni Sigurðssyni.**

Ólafur Jóhann fæddist í Hlíð í Garðahreppi árið 1918 en flutti fimm ára með foreldrum sínum að Litla-Hálsi í Grafningi og fjórum árum síðar að Torfastöðum í sömu sveit. Hann naut kennslu farkennara á veturna. Ungur fór hann til Reykjavíkur með það að markmiði að gerast rithöfundur.

Með ritstörfum stundaði Ólafur Jóhann verkamannavinnu og almenn sveitastörf 1934–40, var búsettur í Reykjavík frá 1939, var þar blaðamaður og síðan starfsmaður Helgafellsútgáfunnar 1940–44. Hann sótti m.a. fyrirlestra um nútímabókmenntir og skáldsagnaritun í Columbia University í New York veturinn 1943–44 og vann um árabil við handrita- og prófarkalestur, allt til ársins 1975.

Fyrstu verk Ólafs Jóhanns voru raunsæisskáldsögur þar sem hann lýsir nútímavæðingu íslensks þjóðfélags á 20. öld.



**Ólafur Jóhann Sigurðsson.**



Hann vakti strax athygli á sér 16 ára gamall með annarri bók sinni, Við Álftavatn, 1934, en skáldsagan Fjallið og draumurinn, sem kom út 1944, er af mörgum talin hans höfuðverk. Hann gaf einnig út ljóðasöfn, smásögur og barnabækur. Auk þess þýddi hann Mýs og menn eftir Steinbeck og samnefnt leikrit.

Ólafur Jóhann var í hópi virtustu rithöfunda hér á landi. Eftir hann liggja fimm smásögur, sex skáldsögur, tvær smáskáldsögur, fjórar barnabækur og fjögur ljóðasöfn. Hann hlaut Silfurhestinn árið 1972, og fyrstur Íslendinga bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1976 fyrir ljóðabækurnar Að laufferjum og Að brunnum.

Eiginkona Ólafs Jóhanns var Anna Jónsdóttir og eignuðust þau tvo syni, Jón Ólafsson haffræðing og Ólaf Jóhann Ólafsson, rithöfund. Ólafur Jóhann Sigurðsson lést árið 1988. /sá

***Sumar***

*Söfnum sólskini af grasi,*
*tínum tunglsljós af vötnum!*
*Guðir gróðurs og birtu*
*eru gengnir að leikum:*
*aka eldreið um himin,*
*draga dagstjörnu úr moldu,*
*rótt í lágnættislogni*
*lyfta gullskildi bleikum.*

*Flýgur fiðrildi í kjarri,*
*líðast lækur um engjar,*
*óma söngvar í sefi,*
*sækir angan að vitum:*
*Fyllum forðabúr hjartans,*
*grípum geisla og hljóma,*
*þar sem óflekkuð ættjörð*
*unir björtustu litum.*

*Senn mun fiðrildum förlast,*
*dögg á dagstjörnu kólna,*
*leggir lyngjurta svigna,*
*laufið mæðast og blikna:*
*Söfnum sólskini af grasi,*
*tínum tunglsljós af vötnum,*
*meðan hrímnætur hvíla*
*handan jökla og vikna!*

Ólafur Jóhann Sigurðsson.










**Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum og mat á umhverfisáhrifum**

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum vinna nú að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Tillaga að svæðisáætlun, ásamt umhverfismatsskýrslu í samræmi við III. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, liggur nú fyrir.

Gefst nú almenningi sex vikna frestur til að kynna sér tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og koma athugasemdum sínum á framfæri áður en áætlunin er afgreidd af viðkomandi sveitarstjórnum.

Hægt er að kynna sér tillöguna á vefsíðum Vestfjarðastofu (www.vestfirdir.is), á vefsíðu Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. (www.environice.is) og í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Skriflegar ábendingar og athugasemdir skulu berast í síðasta lagi þriðjudaginn 8. október 2024 á netfangið stefan@environice.is
eða í pósti á heimilisfangið:
**Umhverfisráðgjöf Íslands ehf.**
**v/ Svæðisáætlunar um**
**meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum**
**Hvanneyrargötu 3**
**311 Hvanneyri**

Fjórðungssamband Vestfirðinga

## Hannyrðir:

# Manstu vorið?

**Þessi fallega peysa með gatamynstri á ermum er prjónuð úr DROPS Alpaca og DROPS Kid-Silk, Einnig er hægt að prjóna hana úr einum þræði af t.d. DROPS Air eða Drops Nepal, sem er með 30% afslætti til 17. september nk. hjá okkur í Handverkskúnst ásamt fleiri alpaca-tegundum. Peysan er prjónuð ofan frá og niður með tvöföldum kanti í hálsmáli, laskalínu, gatamynstri og ¾ löngum ermum.**

**DROPS Design:** Mynstur z-1017.

**GARN:** fæst í Handverkskúnst og á www.garn.is.

**DROPS ALPACA** (tilheyrir garnflokki A) 200 (250) 250 (300) 300 (350) g litur 100, natur.
Og notið:
**DROPS KID-SILK** (tilheyrir garnflokki A) 100 (100) 100 (125) 125 (150) g litur 07, ljóshiminblár. Einnig er hægt að nota 1 þráð af **Drops Air** 300 (300) 300 (350) 400 (450) g.

**PRJÓNAR:** Hringprjónar 40 og 80 cm, nr 3,5 og 4,5. Sokkaprjónar nr 3,5 og 4,5.

**PRJÓNFESTA:** 18 lykkjur x  umferðir með sléttprjóni og 1 þræði í hvorri tegund = 10 x 10 cm.

**LASKALÍNA:** Aukið út um 1 lykkju með því að slá 1 sinni uppá prjóninn á undan/eftir lykkjum með merki. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður á framstykki/bakstykki slétt – þannig að það myndist gat. Uppslátturinn á ermum er prjónaður snúinn slétt – svo ekki myndist gat. Síðan eru nýjar lykkjur prjónaðar í sléttprjóni á framstykki/bakstykki og inn í gatamynstur á ermum.

**ÚRTAKA:** Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við merkiþráð þannig: Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á undan merkiþræði, prjónið 2 lykkjur slétt saman, prjónið 2 lykkjur slétt (merkiþráðurinn situr á milli þessa 2 lykkja), lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 1 lykkja slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 2 lykkjur færri).

**PEYSA - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:** Tvöfaldur kantur í hálsmáli og berustykki er prjónað ofan frá og niður í hring á hringprjóna. Þegar berustykki hefur verið prjónað til loka er lykkjum skipt fyrir fram- og bakstykki og ermar. Kantur í hálsmáli er brotin tvöfalt að röngu og saumaður niður. Ef það stendur 0 í valinni stærð, þá þýðir það að hoppað er yfir leiðbeiningar fram að næstu leiðbeiningum.

**TVÖFALDUR KANTUR Í HÁLSMÁLI:** Fitjið upp 104 (108) 114 (118) 122 (126) lykkjur á hringprjón nr 4,5 með 1 þræði DROPS Alpaca og 1 þræði DROPS Kid-Silk (= 2 þræðir). Skiptið yfir á hringprjón nr 3,5 (fitjað er upp á grófari prjóna til að uppfitjunarkanturinn verði teygjanlegur).

Prjónið hringinn í sléttprjóni þar til stykkið mælist ca 2½ til 3 cm. Prjónið 1 umferð brugðið, kantur í hálsmáli er síðar brotinn niður hér. Prjónið hringinn í sléttprjóni þar til kantur í hálsmáli mælist ca 6 cm (= ca 3 cm kantur í hálsmáli þegar hann er brotinn tvöfaldur). Setjið eitt merki í byrjun umferðar (= mitt að aftan), berustykkið er mælt frá þessu merki.

**BERUSTYKKI:** Prjónið síðan með hringprjón nr 4,5. Prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 10 (10) 12 (12) 12 (12) lykkjur jafnt yfir = 94 (98) 102 (106) 110 (114) lykkjur. Nú eru sett 4 merki í stykkið án þess að prjóna lykkjurnar, merkin eru notuð þegar auka á út fyrir laskalínu.

Teljið 13 (14) 15 (16) 17 (18) lykkjur (= hálft bakstykki), setjið 1 merki í næstu lykkju, teljið 19 lykkjur (= ermi), setjið 1 merki í næstu lykkju, teljið 26 (28) 30 (32) 34 (36) lykkjur (= framstykki), setjið 1 merki í næstu lykkju, teljið 19 lykkjur (= ermi), setjið 1 merki í næstu lykkju, það eru eftir 13 (14) 15 (16) 17 (18) lykkjur á eftir síðasta merki (= hálft bakstykki). Í næstu umferð er prjónað MYNSTUR og aukið út fyrir laskalínu – lesið útskýringu að ofan og prjónið þannig:

Prjónið 13 (14) 15 (16) 17 (18) lykkjur slétt (= hálft bakstykki), aukið út 1 lykkju fyrir laskalínu, prjónið 1 lykkju slétt (1. merki situr í þessari lykkju), prjónið A.1, prjónið A.2 yfir næstu 12 lykkjur, prjónið A.3, prjónið 1 lykkju slétt (2. merki situr í þessari lykkju) (= ermi), aukið út 1 lykkju fyrir laskalínu, prjónið 26 (28) 30 (32) 34 (36) lykkjur slétt, aukið út 1 lykkju fyrir laskalínu (= framstykki), prjónið 1 lykkju slétt (3. merki situr í þessari lykkju), prjónið A.1, prjónið A.2 yfir næstu 12 lykkjur, prjónið A.3, prjónið 1 lykkju slétt (4. merki situr í þessari lykkju) (= ermi), aukið út 1 lykkju fyrir laskalínu, prjónið 13 (14) 15 (16) 17 (18) lykkjur slétt (= hálft bakstykki).

Haldið svona áfram hringinn með mynstur, en það er aukið út mismunandi á framstykki/bakstykki og ermum – lestu því næstu kafla ÚTAUKNING ERMAR og ÚTAUKNING FRAMSTYKKI / BAKSTYKKI að neðan, áður en þú prjónar áfram!

**Útaukning ermar:** Á ermum er aukið út alls 17 (20) 21 (23) 24 (25) sinnum í hvorri hlið (ásamt útaukningu í fyrstu umferð á eftir kanti í hálsmáli).




Útaukning á ermum er teiknuð inn í mynsturteikningu A.1 og A.3. Í hvert skipti sem A.1, A.2 og A.3 hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina, er pláss fyrri 2 mynstureiningar af A.2 á milli A.1 og A.3.

Lykkjur sem ekki ganga jafnt upp í mynstri í hvorri hlið á ermum eru prjónaðar í slétt.

**Útaukning fram- og bakstykki:** Á framstykki og bakstykki er aukið út fyrir LASKALÍNA alls 22 (24) 26 (29) 33 (36) sinnum (ásamt útaukningu í fyrstu umferð á eftir kanti í hálsmáli), aukið er út þannig: Aukið út í hverri umferð alls 0 (0) 0 (0) 4 (6) sinnum, síðan er aukið út í annarri hverri umferð alls 22 (24) 26 (29) 29 (30) sinnum.

**Á EFTIR SÍÐUSTU ÚTAUKNINGU:** Þegar öll útaukning hefur verið gerð eru 250 (274) 290 (314) 338 (358) lykkjur í umferð (70 (76) 82 (90) 100 (108) lykkjur á framstykki/bakstykki og 55 (61) 63 (67) 69 (71) lykkjur á ermum (ásamt 1 lykkju með merki í hvorri hlið á ermum). Haldið áfram með mynstur og sléttprjón eins og áður, en nú er prjónað án útaukningar. Lykkjur sem ekki ganga jafnt upp í mynstri í hvorri hlið á ermum eru prjónaðar í sléttprjóni. Haldið áfram þar til stykkið mælist ca 19 (23) 24 (26) 27 (28) cm frá merki í hálsmáli.

**SKIPTING FYRIR FRAM- OG BAKSTYKKI OG ERMAR:** Nú skiptist berustykkið fyrir fram- og bakstykki og ermar þannig: Prjónið 35 (38) 41 (45) 50 (54) lykkjur í slétt (= hálft bakstykki), setjið næstu 55 (61) 63 (67) 69 (71) lykkjur á þráð fyrir ermi, fitjið upp 10 (10) 12 (12) 14 (16) nýjar lykkjur í umferð (= í hlið undir ermi), prjónið 70 (76) 82 (90) 100 (108) lykkjur í sléttprjóni (= framstykki), setjið næstu 55 (61) 63 (67) 69 (71) lykkjur á þráð fyrir ermi, fijtið upp 10 (10) 12 (12) 14 (16)  nýjar lykkjur í umferð (= í hlið undir ermi) og prjónið síðustu 35 (38) 41 (45) 50 (54) lykkjur í slétt (= hálft bakstykki). Fram- og bakstykki og ermar er síðan prjónað hvert fyrir sig. Héðan er stykkið mælt.

**FRAM- OG BAKSTYKKI:** = 160 (172) 188 (204) 228 (248) lykkjur. Prjónið hringinn í slétt þar til stykkið mælist 20 (18) 19 (18) 19 (20) cm frá skiptingunni. Í næstu umferð byrjar stroffið jafnframt því sem í fyrstu umferð er aukið út um 0 (4) 4 (8) 8 (12) lykkjur jafnt yfir, prjónað er þannig: Skiptið yfir á hringprjón nr 3,5 og prjónið stroff (= 1 slétt, 1 brugðið – munið eftir útaukningu). Þegar stroffið mælist 3 (3) 3 (4) 4 (4) cm, fellið af aðeins laust með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Peysan mælist ca 47 (49) 51 (53) 55 (57) cm frá öxl.

**ERMAR:** Setjið 55 (61) 63 (67) 69 (71) lykkjur frá annarri erminni af þræði á hringprjóna nr 4,5 og prjónið einnig upp 1 lykkju í hverja af 10 (10) 12 (12) 14 (16) lykkjum sem fitjaðar voru upp undir ermi = 65 (71) 75 (79) 83 (87) lykkjur. Setjið 1 merkiþráð mitt í 10 (10) 12 (12) 14 (16) nýjar lykkjur undir ermi – umferðin byrjar við merkiþráðinn. Prjónið hringinn í mynstri eins og áður, lykkjur mitt undir ermi og lykkjum sem ekki ganga jafnt upp í mynstri í hvorri hlið eru prjónaðar í slétt – JAFNFRAMT þegar ermin mælist 3 (3) 3 (4) 4 (4) cm frá skiptingunni, fækkið lykkjum mitt undir ermi – lesið ÚRTAKA og fækkið lykkjum þannig: Fækkið um 2 lykkjur í hverjum 4 (2½) 2 (1½) 1½ (1) cm alls 6 (8) 9 (10) 11 (12) sinnum = 53 (55) 57 (59) 61 (63) lykkjur. Prjónið síðan þar til ermin mælist 30 (27) 26 (23) 23 (22) cm frá skiptingunni. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 3,5 og prjónið stroff (= 1 slétt, 1 brugðið) JAFNFRAMT því sem aukið er út um 1 (1) 3 (3) 5 (7) lykkjur jafnt yfir í fyrstu umferð. Þegar stroffið mælist 3 (3) 3 (4) 4 (4) cm, fellið af aðeins laust með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Ermin mælist ca 33-30-29-27-27-26 cm frá skiptingunni.

**FRÁGANGUR:** Brjótið niður stroffið efst í hálsmáli að innanverðu að stykki. Saumið stroffið niður þannig að það myndist tvöfaldur kantur í hálsmáli. Til að koma í veg fyrir að kanturinn dragi stykkið saman og beygist út, er mikilvægt að saumurinn sé teygjanlegur.

*Prjónakveðja*
*Stelpurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*

## SÖLUHROSS - HÁSKÓLINN Á HÓLUM

**Háskólinn á Hólum auglýsir eftirfarandi hross til sölu**

**1. Uggi frá Hólum**
**IS2016158300**
**Blup:** 121
**F:** Eldur frá Torfunesi
**M:** Ferna frá Hólum
(mf: Hróður frá Refsstöðum)
**Lýsing:** Uggi er gangsamur, vakandi hestur og frekar þægur. Þægilegur útreiða- og ferðahestur en hentar ekki óvönum.
Uggi er frekar sterkur og 142 á herðakamb.
Uggi meiddist á fæti en hefur verið mikið notaður án þess að þau meiðsli hafi háð honum.

**2. Dökkvi frá Hólum**
**IS2014158303**
**Blup:** 118
**F:** Narri frá Vestri-Leirárgörðum
**M:** Spes frá Hólum
**Lýsing:** Dökkvi er þægur hestur með frábærar grunngangtegundir. Hann er stór, um 1,45 á herðar, þó ekki faxmikill. Dökkvi hefur allt sem þarf til þess að verða góður keppnishestur í fjórgangi eða fimmgangi.  Hann hefur mikið jafnaðargeð, er með ágæta framhugsun en sýnir aldrei ofríki.  Dökkvi er mjög skólaður og kann flestar fimiæfingar.

HÓLASKÓLI
HÁSKÓLINN Á HÓLUM
FRÁ 1106

**Frestur til að skila inn tilboðum er til og með 15. september nk.**
**Tilboð skal senda með tölvupósti á svið mannauðs, gæða og rekstrar við Háskólann á Hólum á netfangið mgr@holar.is. Í tölvupóstinum skal koma fram upphæð tilboðs, sem og nafn og kennitala tilboðsgjafa. Sé óskað eftir frekari upplýsingum um hrossin eða varðandi tilboðsferlið er hægt að senda fyrirspurnir á sama netfang.**

*Háskólinn á Hólum áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum ef svo ber undir.*
*Ef tilboðið inniheldur fyrirvara um heilbrigðisskoðun skal tilboðsgjafi bera allan kostnað af skoðuninni.*

## Munstur




Slétt lykkja.

Á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt - það á ekki að myndast gat.

Á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt - það á að myndast gat.

Prjónið 2 lykkjur slétt saman.

Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð.

Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjurnar sem prjónaðar voru saman.

Menning:

# Átthagamálverkið stöðvar tímann

**Sýningin Átthagamálverkið stendur yfir á Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Þar má sjá verk eftir hundrað listamenn hvaðanæva að af landinu.**

Í kynningartexta frá Listasafni Reykjavíkur segir að á sýningunni sé ferðast hringinn í kringum landið í gegnum sögu sem spanni rúma öld. Staldrað sé við og litið í firði, dali, þorp og bæi með augum fólks sem þekki þar betur til en nokkur annar. Um sé að ræða átthagamálverk sem máluð séu af ást og hlýju, uppfull af tilfinningu fyrir staðháttum og minningum um fyrri tíma.

Segir jafnframt að saga átthagamálverksins sé jafnframt saga samfélagsbreytinga. Á tuttugustu öld hafi fólk annars vegar flust af bæjum í þéttbýli og hins vegar frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar. Þessir búferlaflutningar séu samofnir breytingum á sviði menntunar og menningar, verslunar og þjónustu, atvinnu- og efnahagsþróunar sem og félagslegra tengsla. Átthagamálverkin standi eftir eins og tilraun til þess að hægja á þessari framrás, stöðva tímann, fanga eitthvað áður en það verður um seinan.

*Einlægni og ást*

„Við val á verkunum var ekki horft til vægis þeirra í hefðbundnu listsögulegu tilliti,“ segir Markús Þór Andrésson, deildarstjóri sýninga og miðlunar hjá Listasafni Reykjavíkur.

„Þetta eru ekki meistaraverk eða dæmi um bestu málverk síns tíma. Þau eru valin saman út frá því hugarþeli sem talið er liggja að baki tilurð þeirra. Þar ræður tenging listamanns við viðfangsefni sitt og með hvaða hætti viðkomandi tjáir hug sinn. Einlægni og ást eru þeir eiginleikar sem ráða meiru um hvort verk eru valin inn á sýninguna fremur en tæknileg geta eða hvernig þau passa inn í línulega listasögu. Þá var lögð áhersla á að koma víða við, í hverjum landshluta og berja fjölbreytta átthaga augum,“ segir hann.



**Gestir skoða eitt verkanna á sýningunni Átthagamálverkið sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.** Mynd / Listasafn Reykjavíkur

*Erindið að opna nýja sýn*

Erindi sýningarinnar við nútímann er að sögn Markúsar að hún opnar nýja sýn á listasögu 20. aldar.

„Hún er svo miklu ríkulegri heldur en sú úrvinnsla sem fram hefur farið gefur til kynna. Í dag hefur opnast fyrir annan og stærri hóp inn á listavöllinn. Áður giltu strangari aðgangsreglur þar sem þeir sem taldir voru eiga erindi voru helst vel menntaðir fagmenn af karlkyni en nú er uppi krafa um inngildingu,“ segir hann. Því fylgi sú ábyrgð að líta fram hjá allri jaðarsetningu og stefna að þátttöku og sýnileika ólíkra einstaklinga. Um leið verði að endurskoða gamalgróið stigveldi og gæðamat.

„Þessi sýning gengur kannski heldur langt í að snúa hlutum á hvolf og blanda saman ólíkum hlutum, en það er um leið ögrandi og hressandi í samtímanum,“ segir Markús enn fremur.

Eitt hundrað listamenn eiga verk á sýningunni og eru þeir jafnt lærðir listamenn sem sjálfmenntað áhugafólk. Kennir þarna ýmissa grasa og má m.a. sjá nöfn allmargra helstu listamanna þjóðarinnar. Sýningin stendur fram í október. */sá*

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.**

**Strönd 1a – nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan nær til 6 ha svæðis jarðarinnar Strönd 1a, L220959. Heimilt verður að byggja allt að 500 m² íbúðarhús, 150 m² starfsmannahús, 800 m² hesthús ásamt reiðhöll og 400 m² skemmu. Hámarkshæð íbúðarhúsa er allt að 5 m en landbúnaðarbygginga allt að 7 m. Einnig er gert ráð fyrir skeiðvelli á svæðinu.

**Austurvegur á Hvolsvelli – deiliskipulagsbreyting**
Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir breytingum á Austurvegi í gegnum Hvolsvöll, verið er að stækka beygjuvasa, fækka inn- og útkomuleiðum ásamt því að aðkoma við Hlíðarveg og Suðurlandsveg til austurs færist.
Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 23. Ágúst 2024.
Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdafrestur veittur til og með 4. október 2024.
Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

**Samkvæmt 31. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst samhliða breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra ásamt tillögu að deiliskipulagi.**

**Brú – nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan nær yfir þrjú svæði, frístundarbyggð, hótelbyggingu og býlið sjálft. Frístundarsvæðið gerir ráð fyrir 40 lóðum þar sem heimilt verður að byggja frístundarhús á einni hæð með risi, ásamt gestahúsi, geymslu og gróðurhúsi. Hámarkshæð frístundahúsa verður 6,5 m en húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti. Einnig er gert ráð fyrir um 2.500 m2 hótelbyggingu og hámarkshæð verður allt að 6 m.
Ekki er gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum fyrir þegar byggð mannvirki við Brú.

**Brú – breyting á aðalskipulagi**
Með aðalskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir frístundabyggð með allt að 40 frístundarlóðum á 46 ha svæði, verslun- og þjónustusvæðið fer úr 3 ha. í allt að 42,7 ha. að stærð fyrir veitingarekstur, gestahús og hótel fyrir allt að 85 gesti.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2024.
Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 4. október 2024.
Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is









Vélabásinn:

# Óviðjafnanleg fágun

## – Prufuakstur á Mercedes Benz EQE SUV



**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is




Mercedes Benz EQE SUV er jepplingur þar sem lúxus og vönduð smíði eru í fyrirrúmi. Svipurinn með öðrum Benzum er sterkur. Myndir / ál

**Bændablaðið fékk til prufu EQE SUV rafmagnsbílinn frá Mercedes Benz. Um er að ræða stóran fjölskyldubíl sem er fágaður og uppfullur af vönduðum búnaði.**

Eintakið í þessum prufuakstri var nánar tiltekið EQE SUV 350 4MATIC Power. Til að útskýra nafnið þá er SUV til að aðgreina jepplinginn frá EQE fólksbílnum. 350 vísar til mótoranna sem, þrátt fyrir að vera samtals heil 292 hestöfl, eru þeir aflminnstu sem Askja býður upp á. 4MATIC stendur fyrir fjórhjóladrif og Power fyrir aukahlutapakkann, sem er einn sá rausnarlegasti.

Ytra útlitið einkennist af mjúkum og aflíðandi línum. Mikill ættarsvipur er með Benzum, sérstaklega þeim rafknúnu. Myndirnar tala sínu máli.

Þegar stigið er um borð í EQE SUV tekur á móti manni eitthvað allt annað og meira en í hinum almenna fólksbíl eða jeppa, en hér er fágunin tekin upp á annað stig. Útlitið á innréttingunni er ekki látlaust, þó hún sé útfærð þannig að hún sé ekki yfirþyrmandi. Allt sem hægt er að snerta virðist vera gegnheilt og bjargfast.

Í þessum tiltekna bíl var innréttingin öll svört og dökkgrá. Fremri hlið innréttingarinnar er plata sem er þakin mynstri úr Benz-stjörnunni, svona ef einhver skyldi gleyma tegund farartækisins. Þar fyrir ofan er ristin fyrir miðstöðina felld inn og er efsti hluti mælaborðsins þakinn efni sem minnir á rúskinn. Þá eru tvö miðstöðvarop hvort sínum megin sem líkjast þotuhreyflum. Stýrið, sem er klætt nappa-leðri, er með takka fyrir helstu skipanir.

### *Viðamikið stýrikerfi*

Í miðri innréttingunni er stór snertiskjár með öflugu kerfi frá Mercedes Benz sem býður upp á býsna mikla möguleika. Viðmótið er snarpt og fallegt útlits, en ef það ætti að gagnrýna eitthvað, þá er það helst hversu viðamikið stýrikerfið er og hversu löng leið getur verið að sumum stillingum.

Það sem maður þarf að hafa aðgengilegt er alltaf á skjánum, eins og stillingar fyrir miðstöð, hita í rúðum og margmiðlun. Neðan við skjáinn eru nokkrir hnappar á stöng, meðal annars til að eiga við hljóðstyrkinn í útvarpinu og nálgast myndavélar sem sýna umhverfið á afar skýran og nothæfan hátt.

Vönduð kort eru innbyggð í kerfið sem er þægilegt að hafa uppi til að fá yfirsýn, jafnvel þó að leiðsögukerfið sé ekki í notkun. Í staðinn fyrir að vera með einfalda ör, þá er notuð lítil mynd af bílnum til að gefa upp staðsetninguna. Beint framan við ökumanninn er annar skjár sem sýnir helstu upplýsingar um akstur og getur notandinn breytt uppsetningu og lit eftir eigin óskum.

### *Hljóðkerfi af bestu gæðum*

Hljóðkerfið í þessum bíl er sennilega það besta sem undirritaður hefur komist í tæri við. Hljómurinn er sérlega þéttur og ber ekki á nokkru suði eða sargi þegar græjurnar eru settar í botn. Sama hvort spiluð er tónlist sem á heima á klúbbi í Berlín eða óperuhúsi í Mílanó, þá er útkoman stórkostleg. Sætin eru þægileg, rétt eins og búast má við í Mercedes Benz lúxusbíl, og er nóg pláss fyrir fólk af öllum stærðum. Hávaxnir munu ekki þrengja að farþegum í aftursætunum, sem eru ekki síður notaleg. Gólfið er alveg flatt aftur í og er nóg pláss fyrir fætur og hné á meðan höfuðplássið rétt sleppur fyrir hæstu farþegana.

Hanskahólfið er rúmgott og hurðavasarnir stórir. Á milli sætanna er djúpt lokað hólf. Undir skjánum er jafnframt lítið hólf þar sem er glasahaldari og þráðlaus hleðslustöð fyrir farsímann. Það fyrsta sem undirritaður hugsaði þegar hann settist í bílinn var að síminn myndi eflaust alltaf gleymast á hleðslustöðinni, sem er nokkuð falin. Mercedes Benz hefur hins vegar séð fyrir því, en þegar slökkt er á ökutækinu og hurðin opnuð heyrist í vinalegri röddu sem lætur vita ef síminn hefur orðið eftir.



Þessi bíll situr mitt á milli EQC og EQS rafknúnu jepplinganna í vörulínu Mercedes Benz.



Viðamikið stýrikerfi er innbyggt í snertiskjáinn. Þar er meðal annars hægt að eiga við hljómkerfið, sem er óviðjafnanlega gott.



Aftursætin rúma fullorðið fólk með ágætum.



Einn helsti kostur jepplinga er praktískt skott.

### *Mjúkur og þögull*

Akstursiginleikar EQE SUV einkennast af mýkt og þögn. Hestöflin eru 292 sem duga ágætlega, en bíllinn er ekki það kraftmikill að ökumenn og farþegar fái fiðring í magann þegar inngjöfin er sett í botn. Þegar ekið er yfir hraðahindranir finnst hversu öflug loftpúðafjöðrunin er, en á meðan flestir bílar halda áfram að dúa í einhvern tíma, þá er einhver mekaník í EQE SUV sem vinnur á móti veltingnum.

Eitt af því áhugaverðasta í akstri bílsins er fjórhjólastýrið, en þökk sé því er þessi stóri jepplingur lipur á við smábíl. Þegar horft er í afturspeglana er hægt að sjá afturhjólin beygja í allt að tíu gráður og þegar lagt er á bílinn á lægri hraða er upplifunin álík því og að vera í skotbómulyftara. Á hærri hraða beygja öll fjögur hjólin í sömu átt, sem mun vera til þess að auka stöðugleika.

EQE SUV er með akstursaðstoð sem er þannig útbúin að ökumaðurinn verður sjaldnast var við hana, en þegar sveigt er af akrein kemur smá titringur í stýrið. Þegar kveikt er á skynvædda hraðastillinum fer öflugri akstursaðstoð í gang sem heldur fjarlægð frá næsta bíl og sér að miklu leyti um að vera á miðri akrein.

### *Að lokum*

Helstu mál í millímetrum eru: Breidd, 2.141; hæð, 1.685; lengd 4.863. Rafhlaðan er 90 kílóvattsstundir sem gefur drægni allt að 551 kílómetra. Ódýrasta útgáfan, sem nefnist EQE SUV 350 Pure, fæst á 12.890.000 krónur með virðisaukaskatti. Bíllinn í þessum prufuakstri, sem var eins og áður segir EQE SUV 350 Power, kostar 16.290.000 krónur. Allir EQE SUV eru með fjórhjóladrifi.

Þrátt fyrir að EQE SUV sé langt frá því að vera ódýr, þá er þessi bíll með raunverulega fágun, sem réttlætir verðið að einhverju leyti. Útgáfan sem blaðamanni var fengin, með minnstu mótorunum og miklum staðalbúnaði, er sennilega sú sem höfðar til flestra. Nánari upplýsingar fást hjá Öskju, söluaðila Mercedes Benz á Íslandi.




Garðyrkjubýlið Gufuhlíð er um 6.000 m² að stærð. Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

# Farsæl gúrkutíð

**Gúrkuplantan vex hratt á garðyrkjustöðinni Gufuhlíð í Biskupstungum en fjölskyldan þar á bæ mun gefa lesendum Bændablaðsins innsýn í verkefni gúrkubænda í gegnum Instagram blaðsins.**

Býlið Gufuhlíð er staðsett í Reykholti í Biskupstungum og var sett á fót á fjórða áratug síðustu aldar. Jakob Helgason og Birna Guðmundsdóttir keyptu garðyrkjustöðina árið 1965. Fyrst um sinn voru ræktuð þar bæði tómatar og gúrkur, en fljótlega eftir að Jakob og Birna tóku við var farið yfir í að rækta eingöngu gúrkur enda á þessum árum einungis um að ræða sumarræktun. Helgi kom inn í reksturinn árið 1997. Garðyrkjustöðin var þá stækkuð og raflýst auk þess sem farið var að rækta allt árið um kring. Síðan þá hefur garðyrkjustöðin stækkað smátt og smátt og orðið tæknivæddari.

**Býli, staðsetning og stærð:**

Garðyrkjubýlið Gufuhlíð er um 6.000 fm að stærð og staðsett í Reykholti í Biskupstungum.

**Ábúendur, fjölskyldustærð og gæludýr:**

Ábúendur í Gufuhlíð eru Helgi Jakobsson og Hildur Ósk Sigurðardóttir ásamt dætrunum Iðunni, Sögu og Kötlu auk tíkurinnar Dúnu. Elsta dóttirin, Ingunn, býr á Selfossi ásamt Lárusi manni sínum, Arnari Magna, 8 ára syni þeirra og hundinum Tuma.

**Hefðbundinn vinnudagur:**

Vinnudagurinn hjá okkur hefst kl. 7 alla morgna á að tína og pakka gúrkunum fyrir bíl frá Sölufélagi garðyrkjumanna sem sækir alla virka daga og flytur grænmeti til Reykjavíkur. Eftir það fer svo allur tíminn í það að sinna og hirða um plönturnar sem er töluverð vinna þar sem gúrkuplantan vex hratt, eða allt að 70 cm á viku.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu störfin:**

Skemmtilegasta við ræktunina er þegar allt gengur vel og er í góðri rútínu en leiðinlegustu störfin við ræktunina er að glíma við óværu sem sækja á plönturnar.



Helgi Jakobsson og Hildur Ósk Sigurðardóttir.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn hagkvæmari?**

Með því að fylgjast með framþróun í ræktun erlendis er hægt að uppfæra og ná hagkvæmni í rekstri – eða í raun að auka við framleiðslu á þeim fermetrum sem fyrir eru áður en farið er í stækkanir á húsum.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?**

Landbúnaður á Íslandi, litið til framtíðar, verður örugglega á svipuðu skriði eins og verið hefur síðustu áratugi, alltaf í stöðugri þróun í takti við tækninýjungar en væntanlega stærri og færri bú.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?**

Eftirminnilegustu atvikin við bústörfin eru án efa allar framþróanir í tæknimálum og stækkanir á húsakostum.



Systurnar Iðunn, Katla og Saga standa vaktina með mestu prýði.



Arnar Magni, barnabarn Helgu og Hildar, gæðir sér á vænni gúrku.

**Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.**

**Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.**

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg









Matarkrókurinn:

# TTK, Tik Tok og skyr

**Hafliði Halldórsson**
haflidi@icelandiclamb.is







**Haustið er farið að banka ansi hraustlega á gluggann hjá okkur flestum og hitatölur nálgast þær sömu og við viljum hafa í kæliskápnum.**

En hvað er eiginlega aftast í þessum skáp, er kannski hægt að nýta betur það sem þar er og spara bæði fyrir umhverfið og heimilisbókhaldið? Hverjir hafa efni á að henda allt að 30% af matvælum sem rata heim í ísskápinn? Ég hvet lesendur til að tæma ísskápinn reglulega, hunsa vol og væl frá heimilisfólkinu og koma góðu hráefni, sérstaklega ferskvöru og afgöngum, í umferð áður en það er orðið of seint. TTK, tekið til í kælinum er réttur sem á uppruna sinn í ísskápatiltekt, hráefnið getur verið hvað sem og allt mögulegt sem birtist og svo er bara að velja úr og setja saman bragðgóðan rétt hverju sinni.

Ef eitthvað er að marka fréttir þá hefur ofan í árvissa gúrkutíð í fjölmiðlum runnið yfir okkur sannkallað gúrkuæði í sumar og íslenskar gúrkur seljast sem aldrei fyrr. Samfélagsmiðlum og þeim sem njóta vinsælda, aðallega á Tik Tok er eignaður heiðurinn og æðið á miðlunum er ekki bara hér á landi. En auðvitað vitum við að íslenskar gúrkur eru einfaldlega holl gæðavara, sem á heima á matseðlinum sem oftast, heil, hálf, skorin, söxuð, maukuð, í sósum, salötum og súrsuð.

Skyr er svo gott í alls konar, sem millimál, í þeytinginn nú eða sem eftirréttur. Skyrmús með hvítu súkkulaði er einhver einfaldasti eftirréttur sem er til og tekur örfáar mínútur að búa til, prófið endilega.

***Lamba TTK með sesam og eldpipar***

- *Eldað lambakjöt*
- *Rauðlaukur*
- *Hvítlauksrif*
- *Soðnar kartöflur*
- *Matarolía*
- *Sriracha eldpiparsósa*
- *Sojasósa*
- *Sesamfræ*
- *Vorlaukur*
- *Feykir*
- *Svartur pipar*

Einn af mörgum möguleikum með kjötafganga, lamb eða annað kjöt sem er að finna hjá ykkur, er að gera einfaldan rétt á pönnu. Grunnurinn er laukur, hvítlaukur og eftir atvikum annað grænmeti. Við sleppum hlutföllum að þessu sinni, skerið grænmetið gróft og svitið í olíu á pönnu ásamt kjötinu sem þið hafið skorið í grófa bita. Bætið sesamfræjum saman við og eldið áfram í 1–2 mínútur áður en þið bætið sojasósu, eldpiparsósu og svörtum pipar við. Smakkið til með sósunum og athugið að nota ekki salt fyrr en í lokin ef þarf, þar sem sojasósan er mjög sölt. Saxið vorlauk og setjið á réttinn og endið á að rífa ostinn yfir.

***Gúrkusalat með eplum og dilli***

- *1 gúrka*
- *½ grænt epli*
- *2 msk eplaedik*
- *1 msk matarolía*
- *Ferskt dill*
- *Salt*

Skerið gúrkuna í tvennt eftir endilöngu og skafið mjúka kjarnann úr. Skerið gúrkuna í jafnstóra bita eða sneiðar, saxið eplið frekar smátt. Blandið saman í skál og setjið eplaedik, matarolíu og grófsaxað dill saman við. Smakkið til með salti og e.t.v. bætið við meira ediki.

***Snöggsúrsaðar gúrkur***

- *1 gúrka*
- *1 dl edik*
- *1 dl vatn*
- *2–3 msk sykur*

Blandið saman ediki, vatni og sykri og látið sykurinn leysast upp. Skerið gúrku í þunnar sneiðar og hellið vökvanum yfir. Látið standa í stofuhita í klukkutíma ef þið borðið allt strax, eða setjið í loftþétt ílát í kæli þar sem þær geymast í nokkra daga. Hér er tilvalið að bæta líka við einhverjum lauk og ferskum kryddjurtum.

***Skyreftirréttur með jarðarberjakrapi***

***Skyrmús***

- *200 gr vanilluskyr*
- *200 g hvítt súkkulaði*
- *200 g rjómi*
- *1 blað matarlím*

Setjið matarlím í skál með köldu vatni. Setjið rjóma í pott og hitið að suðu, kreistið vatn úr matarlíminu og setjið í heitan rjómann, hellið yfir súkkulaðið og blandið vel.

Bætið skyri saman við og þeytið vandlega saman, gjarnan með töfrasprota. Kælið vel og þegar á að nota músina er hún sett í hrærivélaskál og þeytt í nokkrar mínútur. Borið fram með jarðarberjakrapi, ferskum jarðarberjum og stökkum marens.

***Jarðarberjakrap***

- *300 g jarðarber*
- *100 ml vatn*
- *50 g sítrónusafi, ferskur*
- *60 g sykur*
- *1 blað matarlím*

Setjið matarlím í skál með köldu vatni. Maukið jarðarberin með sítrónusafa í blandara. Setjið vatn og sykur í pott og hitið þar til sykurinn leysist upp. Kreistið vatn úr matarlími og hrærið saman við. Blandið öllu saman og frystið í málmíláti. Frosið krapið er síðan skafið með gaffli eða skeið sem er vissulega þolinmæðisverk, en vel þess virði.

## KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## Brögðóttur Aðalsteinn

**Briddssveitir Infocapital og Hótel Norðurljósa tókust á í höfuðstöðvum Bridgesambands Íslands fimmtudaginn 15. ágúst síðastliðinn í bikarkeppni BSÍ.**

Hrikti í himni og jörð, svo hart var barist.


Björn Þorláksson.

Viðureigninni lauk með sigri landsliðsspilaranna í Infocapital. Þeir Aðalsteinn Jörgensen, Birkir Jón Jónsson, Sigurbjörn Haraldsson og Bjarni H. Einarsson sáu um að skjóta sveitinni áfram í átta liða úrslit.

„Helduðu að ég sé fæddur í gær?"

Þannig spurði Bjarni, stundum kallaður Meistarinn, liðsmann andstæðinganna þegar spurt hafði verið hvort Bjarni byggi yfir nægri kunnáttu til að hella upp á sérhæfða kaffikönnu Bridgesambandsins.

Bjarni setti vatn og kaffi í vélina, ýtti á takka og hélt svo áfram að spila.

Nokkru síðar eyðilagðist eldhúsið.

Lapþunnt kaffi flaut um öll gólf. Heilt þorp þurfti til að skúra upp óskundann. Bjarna til varnar verður þó að nefna að þótt kaffikannan léki ekki í höndum hans tókst honum betur upp með útspilin. Umsjónarmaður sá eitt slíkt skila 15 impum til Infocapital.

En spil dagsins á sveitarfélagi Bjarna, heimsmeistarinn Aðalsteinn Jörgensen.

Allt spilið:

Suður opnaði á einu hjarta, Birkir Jón Jónsson meldaði tvo tígla, pass hjá norðri og Aðalsteinn sem sat í vestur átti engan sagnkost góðan. Hann valdi að stökkva í 3 grönd.


Aðalsteinn Jörgensen kann að egna gildrur eins og sást í bikarleik nýverið. Mynd / BÞ

Eftir vel heppnað laufútspil suðurs virtist spilið andvana fætt. Þeir sem ekki kunna að berjast hefðu tekið tíglaslagina og sætt sig við að fara tvo niður. Aðalsteinn varð aftur á móti ekki heimsmeistari með því að gefast upp þótt útlitið virtist svart. Hann er brögðóttur og spilaði leiftursnöggt í slaf tvö spaðagosa og lét rúlla þegar suður dúkkaði. Ef suður hefði drepið og spilað aftur laufi sjá lesendur að NS hefðu skrifað 300 í sinn dálk, þrír niður. En norður var ekki með laufstöðuna á hreinu og enn meiri flækja koma upp þegar Aðalsteinn tæmdi tíglana í botn. Níundi slagur Alla kom á hjarta – og munaði um minna.




### Allir undir tvítugu spila frítt

Vegna fyrirspurnar sem borist hefur briddsþætti Bændablaðsins skal áréttað að Bridgesamband Íslands hefur um skeið haft uppi þá stefnu að allir Íslendingar, tvítugir og yngri, spili frítt á öllum mótum á vegum sambandsins, engin ungmenni greiða keppnisgjöld.

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri BSÍ, segir að með þessu vilji BSÍ styðja og hvetja unga spilara til keppnismennsku.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
bjornthorlaksson@gmail.com

## Teflt á netinu

**Vinsældir netskákar náðu hámarki á Covid-tímunum og vinsælasti vefurinn, chess.com, náði inn á topp 100 listann yfir mest skoðuðu vefsíður í heimi á þeim tíma.**


Hermann Aðalsteinsson.

